EVA DÖGG LÁRUSDÓTTIR
*Í íslenskum kjól og litríkum sokkabuxum*
• tíska • heimili
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS




ÍÞRÓTTAFATNAÐUR
*Lukkugripir, krumpugallar og nýjasta tíska*
Sérblað um íþróttafatnað
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




FRÉTTABLAÐIÐ
ÞITT
7. janúar 2010 — 5. tölublað — 10. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

**FIMMTUDAGUR**



**Gaman að gleðja aðra**
Jón Víðis Jakobsson töframaður er fertugur í dag.
TÍMAMÓT 20

**Úr útrás í þjálfun**
Þórdís Jóna Sigurðardóttir er hætt í stórviðskiptum og kennir núna cross fit í Kópavogi.
FÓLK 42

**Hannar einstakan hring**
Hönnuðurinn Sruli Recht hannar hring sem er í raun þrír hringar í einum.
FÓLK 34



**Sannfærandi Framsigur**



Framkonur unnu öruggan sigur á Íslandsmeistrum Stjörnunnar.
ÍÞRÓTTIR 38

**VEÐRIÐ Í DAG**




**ÚRKOMA VESTRA** Í dag verða vestan 3-8 m/s. Rigning eða slydda með köflum um vestanvert landið en annars yfirleitt bjart. Frost víða 0-8 stig en 0-4 stiga hiti V-til.
VEÐUR 4

# Vilja nýja samninganefnd í stað þjóðaratkvæðagreiðslu

**Formenn stærstu stjórnarandstöðuflokkanna segja hættulegt að halda þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem líf stjórnarinnar velti á niðurstöðunni. Fyrrverandi formaður Samfylkingar vill nýja sáttanefnd um Icesave.**

**EFNAHAGSMÁL** Formenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks telja koma til greina að skipuð verði þverpólitísk sáttanefnd í Icesave-deilunni sem fái það hlutverk að skipa nýja samninganefnd sem ræða ætti við Breta og Hollendinga um lausn Icesave-deilunnar.

Undir það tekur Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar, í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag. Hún segist vilja nýja sátta- og samninganefnd um Icesave. Hinn möguleikinn sé að samþykkja lög ríkisstjórnarinnar, en hætt sé við að það skerpi á ágreiningi innanlands í stað þess að greiða úr honum.

„Ég óttast það mjög að sú vegferð sem við færum í með því að fara að takast á um þetta mál í hörku þjóðaratkvæðagreiðslu sé alls ekki til þess fallin að skapa sátt meðal þjóðarinnar,“ segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins.

Samkvæmt skoðanakönnun Capacent Gallup fyrir Ríkisútvarpið vilja 67 prósent landsmanna að samið verði að nýju, en þriðjungur vill þjóðaratkvæðagreiðslu.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, er á sama máli. Hann segir eðlilegt að ríkisstjórnin haldi áfram að undirbúa þjóðaratkvæðagreiðslu. Hægt sé að draga lögin til baka í stað þess að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu ef takist að ná þverpólitískri samstöðu í málinu.

Einnig komi til greina að halda þjóðaratkvæðagreiðslu þó sátt hafi náðst, þá hafi þjóðin skýran valkost og viti hvað taki við hafni hún lögum ríkisstjórnarinnar.

Sigmundur segir mjög hættulegt að fara út í þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem líf stjórnarinnar sé undir. Það myndi leiða til harðrar baráttu þar sem ríkisstjórnin eigi allt sitt undir því að fréttir frá viðsemjendum Íslands séu sem verstar.

Samningsstaða Íslands yrði mun betri ef samstaða væri hér á landi um ásættanlega niðurstöðu, að mati Bjarna og Sigmundar. Bjarni segir málefnastöðu Íslands sterka, en ef þjóðin sé klofin í herðar niður geti viðsemjendur Íslands nýtt sér það. Það muni gerast leggi ríkisstjórnin líf sitt að veði í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Æskilegt væri að ný samninganefnd verði skipuð íslenskum og erlendum sérfræðingum, segir Sigmundur. Þá ætti að fá þriðja aðila til að miðla málum í deilunni, til dæmis Evrópusambandið.

Bæði Bjarni og Sigmundur greiddu atkvæði með tillögu minnihlutans á Alþingi fyrir því að setja málið í þjóðaratkvæðagreiðslu, áður frumvarp stjórnarinnar var samþykkt. Spurður um þetta segir Bjarni ekki um sinnaskipti að ræða. Tillaga minnihlutans hafi verið síðasta úrræðið til að reyna að stöðva samninga sem leggja myndu drápsklyfjar á þjóðina.

- bj / sjá síður, 6 til 10



**JÓLIN KVÖDD** Heimilisfólk á Grund í Reykjavík dansaði af innlifun í kringum jólatré ásamt gestum á þrettándanum í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Íslenskt snakk í þróun:

## Mikill áhugi á frauðsnakki


HAFSTEINN JÚLÍUSSON

**NÝSKÖPUN** Hafsteinn Júlíusson vöruhönnuður þróar nú snakk með íslensku fyrirtæki sem gert er úr uppblásnu frauði og er nær hitaeiningalaust.

Pantanir eru þegar farnar að berast en snakkið kemur á markað í vor. „Hugmyndin kviknaði upphaflega þegar ég fór að spá í snakk og nammi og af hverju fólk sækir í að borða það. Ég komst að þeirri niðurstöðu að slíkt væri að einhverju leyti félagsleg athöfn. Þannig gæti pappír, eða einhvers konar frauð, allt eins dugað,“ segir Hafsteinn.

- jma / sjá allt í miðju blaðs

Gengi krónunnar óbreytt þrátt fyrir lækkun á lánshæfismati og horfum:

## Engin krónukaup skýra stöðugleikann

**VIÐSKIPTI** Gengi krónunnar hefur haldist svo til óbreytt þrátt fyrir hræringar á fjármálamörkuðum í kjölfar synjunar forseta.

Gengisvísitalan stóð í 233,12 stigum þegar forsetinn boðaði til blaðamannafundar í fyrradag og hafði hækkað um 0,1 punkt við lokun gjaldeyrismarkaða í gær. Engin viðskipti hafa verið með krónur á millibankamarkaði um nokkurt skeið.

Matsfyrirtækið Moody‘s segir synjun forseta geti haft óvissar afleiðingar fyrir lánstraust Íslands og torveldað áform um að komast upp úr kreppunni á næstunni. Matsfyrirtækið tekur þó fram að fjárhagsleg staða ríkissjóðs eigi að þola tímabundna óvissu. Pólitískt uppnám eða þrýstingur erlendra ríkja geti þó haft neikvæð áhrif. Matsfyrirtækið Fitch hefur lækkað lánshæfismat ríkissjóðs niður í ruslflokk en Standard & Poor‘s fært það á athugunarlista ásamt Íbúðalánasjóði.

- jab / sjá síðu 10




Fréttablaðið er með 143% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í ágúst 2009 – október 2009.



Stjörnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46 • www.sbarro.is • sími: 517 7750

Egill Árnason™

STÓRÚTSALA

Eikar parket frá **4.990** kr./m²
Harðparket frá **3.290** kr./m²
Plastparket frá **1.590** kr./m²
Plankaparket frá **7.990** kr./m²

**Ármúla 8 | Sími: 595 0500**

SPURNING DAGSINS



*Eirný, trúir þú á ost við fyrstu sýn?*

„Já, allt fyrir ostana.“

Eirný Sigurðardóttir, verslunarstjóri í ostaverslunninni Búrinu, ætlar að halda námskeið um ostamenningu.

Fimm menn úrskurðaðir í gæsluvarðhald vegna rannsóknar á innbrotum:

# Meint pólskt þjófagengi tekið

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók fimm pólska karlmenn í vikunni, sem grunaðir eru um innbrot í heimahús. Fjórir mannanna hafa verið úrskurðaðir í vikulangt gæsluvarðhald og sá fimmti var leiddur fyrir dómara síðdegis í gær.

Á mánudagsmorgun var fyrsti maðurinn handtekinn þar sem hann var við innbrot í Hamrahverfi, að sögn Árna Þórs Sigmundssonar, aðstoðaryfirlögregluþjóns á lögreglustöð 4. Í kjölfarið voru þrír til viðbótar handteknir og hafa þeir allir verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald á grundvelli rannsóknarhagsmuna.

Í fyrradag var svo fimmti maðurinn handtekinn. Hann reyndist vera með þýfi á sér, sem talið er vera úr einu þeirra innbrota sem lögregla rannsakar nú.

Árni Þór segir að nú sé unnið að rannsókn á nokkrum óupplýstum innbrotum, þar á meðal í Grafarvogi, Norðlingaholti og Mosfellsbæ. Þá séu sumir mannanna grunaðir um innbrot í Breiðholti. Viðkomandi lögreglustöðvar vinni sameiginlega að rannsókn þessara mála.

Sumir mannanna hafa komið við sögu hjá lögreglu áður, meðal annars vegna þjófnaðarbrota. - jss



**HÉRAÐSDÓMUR** Úrskurðaði mennina í vikulangt gæsluvarðhald.

Ný könnun Capacent Gallup:

# Meirihluti styður Icesave-lögin

**KÖNNUN** Rétt rúmlega helmingur landsmanna mun samþykkja Icesave-lögin í þjóðaratkvæðagreiðslu, samkvæmt skoðanakönnun Capacent Gallup sem RÚV greindi frá í gær. Þá muni 41 prósent landsmanna kjósa gegn lögunum en sex prósent skila auðu.

Í könnuninni kemur fram að sextíu prósent landsmanna telji að ákvörðun forsetans að staðfesta ekki lögin á þriðjudag hafi slæm áhrif á þjóðarhag.

Einungis tíu prósent landsmanna gera ekki ráð fyrir því að taka þátt í kosningunni. - jab



**PÁFAGAUKUR** Ekki er allir hrifnir af hljóðum páfagauka.

Kærunefnd um fjöleignahús:

## Páfagaukur má skrækja í blokk

**DÓMSMÁL** Kærunefnd fjöleignahúsmála verður ekki við kröfu íbúa í blokk einni um að úrskurða að páfagaukur á hæðinni fyrir ofan verði að hverfa úr húsinu. Páfagaukurinn hafi valdið honum miklu ónæði.

„Skrækir páfagauksins berist um stigagang og út í sameiginlegt port nokkurra íbúða og húsa“, segir um málavexti. Benti nágranninn á móti á að kvartandinn hefði sjálfur verið með dverghamstra. Kærunefndin sagði að til að koma við algeru banni við páfagaukum í húsinu þyrftu allir að vera því sammála. Því væri ekki að heilsa í þessu tilviki. - gar

Vinna við gagnaver stöðvuð:

## Engin töf orðið segir ráðherra

**IÐNAÐUR Engar tafir hafa orðið á gerð fjárfestingarsamnings stjórnvalda við Verne holding um gagnaver á Suðurnesjum, segir Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra í samtali við Vísi. Framkvæmdir voru stöðvaðar í gær, að sögn vegna dráttar á afgreiðslu Alþingis á fjárfestasamningi.**

**„Það hefur engin töf orðið á neinu varðandi þennan fjárfestasamning í meðförum þingsins. Frumvarp til heimildarlaga var lagt fram á Alþingi og fór strax í eðlilega þinglega meðferð og er fyrstu umræðu lokið,“ segir Katrín.**

# Nágrannar deila um eyðingu kakkalakka

**Þótt meindýraeyðir kæmi þrisvar í íbúðir í fjölbýlishúsi tókst ekki að flæma kakkalakka úr húsinu. Íbúi sem flutti og vildi ekki kvikindin með sér réði sjálfur meindýraeyði. Úrskurðarnefnd segir húsfélagið ekki skylt til að borga honum.**

**DÓMSMÁL** Kakkalakkar sem illa gekk að losna við úr fjölbýlishúsi einu enduðu inni á borði úrskurðarnefndar húsnæðismála.

Kona ein sem bjó í ónefndu fjölbýlishúsi hér á landi kallaði sjálf til meindýraeyði til að freista þess að ráða niðurlögum kakkalakka sem lifað höfðu af þrjá atlögur meindýraeyðis á vegum húsfélagsins. Konan krafðist þess að húsfélagið greiddi fyrir þjónustu meindýraeyðisins sem hún pantaði en það vildi húsfélagið ekki.

Í niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar segi að konan hafi ætlað að flytja en „hafi ekki viljað flytja kakkalakkana með“. Hún hafi því látið formann húsfélagsins vita að kakkalakkarnir væru komnir aftur og að það þyrfti að eitra fyrir þá fyrir flutningsdag svo kakkalakkar myndu ekki fylgja með húsbúnaðinum. Það hafi síðan verið neyðarúrræði hjá henni að kalla til meindýraeyði því sá sem formaðurinn pantaði hafi ekki mætt á staðinn. Formaðurinn neitaði að greiða reikning viðkomandi meindýraeyðis.

Í máli konunnar og húsfélagsins var síðan teflt fram ýmsum rökum og rakti hvor aðili sína sýn á málavexti um kakkalakkana og meindýraeyðana. Lyktir málsins urðu þær að úrskurðarnefndin taldi húsfélaginu ekki skylt að borga nýja meindýraeyðinum.

Guðmundur Björnsson, hjá Meindýravörnum Reykjavíkur, segir tilfelli með kakkalakka koma upp öðru hverju. Fyrst og fremst sé um að ræða dýr sem berist með sendingum erlendis frá eða farangri fólks úr utanlandsferðum. Erfitt geti verið að eyða slíkum meindýrum. „Það er aldrei hægt að segja að það verði hundrað prósent árangur en yfirleitt hefst þetta þó að lokum,“ segir Guðmundur sem kveður lítið sem fólk geti sjálft gert nema gæta þess að bera ekki póddurnar með sér.

Á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands segir að tvær tegundir kakkalakka þekkist á Íslandi; þýski kakkalakkinn og sá ameríski. „Kakkalakkinn lifir alfarið innanhúss sem afar hvimleitt meindýr og leggst á flest sem tönn á festir, spillir og óhreinkar. Þar má telja matvörur af öllu tagi, dauð dýr og plöntur, leður, lím, veggfóður, textílvörur og hvað eina sterkjuríkt. Auk þess að éta og naga óhreinkar hann mikið með saur sínum og illum þef,“ segir stofnunin um þetta óvelkomna dýr.

gar@frettabladid.is



**GUÐMUNDUR BJÖRNSSON** Fólk verður að gæta þess að hafa ekki pöddur með sér í farangrinum frá útlöndum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**KAKKALAKKI Á ÍSLANDI** Eitt kvikindið sem gert hefur sig heimakomið á Fróni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**FYRIR DÓMARA** Ívar Anton Jóhannsson var leiddur fyrir dómara í gær og úrskurðaður í gæsluvarðhald.

Facebook-nauðgarinn:

## Situr áfram í gæsluvarðhaldi

**DÓMSMÁL Ívar Anton Jóhannsson, 22 ára, sem kærður hefur verið fyrir að hafa tælt þrjár ungar stúlkur á Facebook og nauðgað að minnsta kosti einni þeirra hrottalega, skal sitja í gæsluvarðhaldi í fjórar vikur til viðbótar, samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur í gær. Ívar Anton kærði úrskurðinn til Hæstaréttar.**

**Ívar Anton komst í kynni við stúlkurnar, þrettán, fjórtán og sextán ára, á Facebook. Í framhaldi var hann kærður fyrir nauðgun og samræði við stúlkur undir lögaldri. Ívar Anton hefur komið við sögu hjá lögreglu áður vegna umferðarlagabrota, fíkniefnabrota og þjófnaðarmála.** - jss

VIÐSKIPTI

**Örlög Haga ráðast fljótlega**

Enn er gert ráð fyrir að Arion banki taki ákvörðun um framtíð 1998, eignarhaldsfélags Haga, um miðjan þennan mánuð. Þetta segir Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Arion banka. Meðal þess sem er til skoðunar er hvort bankinn gangi til samninga við Jóhannes Jónsson og meðfjárfesta hans í félaginu, selji félagið í opinni sölu, skrái félagið í kauphöll, eða skipti því upp og selji í bútum.


# BRIDS SKÓLINN




Byrjendur ... 25. janúar ... tíu mánudagar frá 20-23
Framhald ... 27. janúar ... átta miðvikudagar frá 20-23

- Bridsskólinn býður jafnaðarlega upp á námskeið fyrir byrjendur og fjölbreytt framhaldsnámskeið fyrir þá sem vilja auka kunnáttuna. Framhaldið er nú með nýju sniði, þar sem höfuðáherslan er á æfingaspilamennsku.
- Námskeið skólans eru haldin í húsnæði Bridssambands Íslands, Síðumúla 37 í Reykjavík.
- Hægt er að mæta stakur, í pari eða í hóp.
- Mörg stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna.
- Sjá ennfremur á Netinu undir bridge.is/fræðsla.

Uppl. og innritun í síma 898-5427 frá 13-18 daglega.


Mjög hert öryggisgæsla á brasilíska gæsluvarðhaldsfanganum:

# Ramos var settur í einangrun

**FANGELSISMÁL** Brasilíski lýtalæknirinn Hosmany Ramos, sem hótaði fangaverði með eggvopni þegar hann reyndi að flýja frá fangavörðum í fyrradag, var beittur agaviðurlögum vegna málsins og settur í einangrun á Litla-Hrauni. Hann þarf að sæta einangrun í tíu daga og verður síðan að öllum líkindum vistaður á öryggisgangi á Litla-Hrauni, samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun.



**HOSMANY RAMOS**

Verið var að flytja Ramos fyrir dómara þegar hann reyndi flóttann, eins og Fréttablaðið greindi frá í gær. Hann náði að losa af sér handjárnin og stökk út úr fangaflutningabílnum. Lögreglubíll á næstu grösum náði að sveigja í veg fyrir hann og lögreglumanninum í bílnum og tveimur fangaflutningamönnum tókst svo að handsama hann.

Þá hafði hann hótað öðrum fangaverðinum lífláti með því að ota að honum heimatilbúnu eggvopni, sem hann hafði leynt á sér.

Ramos var í héraðsdómi úrskurðaður í gæsluvarðhald til 19. janúar. Hann hefur kært úrskurð dómsmálaráðuneytis þess efnis að hann verði framseldur til brasilískra yfirvalda vegna glæpaverka í heimalandinu, til héraðsdóms. - jss



**EGGVOPN RAMOSAR** Þannig lítur það út, eggvopnið sem Ramos hótaði fangaverði lífláti með.

# útsalan er hafin

**OPIÐ TIL 21:00**
**Skútuvogi**

## ÚTSÖLUBLAÐIÐ ER KOMIÐ ÚT




**30% AFSLÁTTUR**

2.290
~~3.849~~
Kastari Colorado
Einfaldur, margir litir.
6000682-686
AF ÖLLUM **HEIMILISLJÓSUM**

**40% AFSLÁTTUR**

11.750
~~19.590~~
Útiljós Durban 9W
6002052
AF ÖLLUM **ÚTILJÓSUM**

**25% AFSLÁTTUR**

13.490
~~17.990~~
Ryksuga
Electrolux
Ergo Space 1700W
1805280
AF ÖLLUM **RYKSUGUM**

**20% AFSLÁTTUR**

59.900
~~74.990~~
Frystikista
G215, 197 ltr. orkunýting A+
1805482
AF ÖLLUM **HEIMILISTÆKJUM**

**20-70% AFSLÁTTUR**

1.799
~~3.999~~
Eldhúsáhaldasett
2005458
AF ÖLLUM **BÚSÁHÖLDUM**



10 ltr.
5.999
~~6.995~~
Húsasmiðjumálning
10 ltr.
7119961

**20% AFSLÁTTUR**

7.499
~~14.999~~
Hitachi áltaska
Þrískipt, 45x25x72 sm.
5247618
AF **VERKFÆRABOXUM**

**20-55% AFSLÁTTUR**

1.595kr/m²
~~1.995kr/m²~~
Blanco Rustico,
veggfl. 20x25 sm.
8611001
AF **VEGG- OG GÓLFFLÍSUM**


18.990
~~25.395~~
Vegghengt salernisskál
Cersanit Delfi.
8077525



## Útsala í Blómavali

Allar pottaplöntur
**20-50%**
afsláttur

EGG **30-50%**
afsláttur af völdum vörum

Soldis Silkitré & silkiblóm **30-50%**
afsláttur af öllum vörum

**30-50%**
afsláttur
af allri útsöluvöru
í Blómavali
blómaval

# Við berjum niður verðið!

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ 06.01.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,99 | 125,59 |
| Sterlingspund | 199,83 | 200,81 |
| Evra | 179,44 | 180,44 |
| Dönsk króna | 24,110 | 24,252 |
| Norsk króna | 21,867 | 21,995 |
| Sænsk króna | 17,585 | 17,689 |
| Japanskt jen | 1,3511 | 1,3591 |
| SDR | 195,40 | 196,56 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
233,2829

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Pólitísk afskipti af málefnum bankanna virðast einskorðast við eitt tilvik:

# Skiptu sér bara af tónlistarhúsinu

**VIÐSKIPTI** Eina dæmið um pólitísk afskipti af málefnum bankanna virðist snúa að byggingu tónlistarhússins við Reykjavíkurhöfn. Þetta upplýsti Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Arion banka, í viðtali við Ingva Hrafn Jónsson í þættinum Hrafnaþingi á ÍNN í vikunni.

Aðspurður segir Finnur að forræði verkefnisins um byggingu tónlistarhússins hafi verið hjá ráðherrum mennta- og fjármála, en telur einingu hafa verið um það hjá ríki og borg að bygging hússins væri það langt komin að halda yrði áfram með hana. Finnur segir bankana hins vegar ekki hafa viljað koma að verkefninu án þess að fjármögnun væri tryggð. Þar hafi ríkið hlaupið undir bagga. Aðkoma ríkisins segir Finnur að hafi skipt miklu máli vegna áhættuflokkunar verkefna innan bankanna. Áhættuvægi verkefnisins verði minna og því bindi það minna eigið fé bankanna en lán til venjulegra fyrirtækja. Landsbankinn leiðir lánveitinguna til verkefnisins, en Arion banki og Íslandsbanki koma einnig að henni.

Í viðtali við Fréttablaðið í byrjun desember sagði Finnur hafa komið sér þægilega á óvart hversu mikinn frið bankinn hafi fengið fyrir væng stjórnmálanna og kvað stjórnmálamenn jafnvel meðvitaðri en áður um að slík afskipti væru óæskileg. **- óká**



**TÓNLISTARHÚSIÐ** Eina dæmið um að stjórnmálamenn hafi beitt bankana þrýstingi í lánveitingum eftir hrun virðist vera vegna tónlistarhússins í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þrennt í gæsluvarðhaldi:

# Þrjú kíló af metamfetamíni

**LÖGREGLUMÁL** Tveir karlmenn og ein kona, öll Litháar á þrítugsaldri, hafa verið úrskurðuð í gæsluvarðhald til 3. febrúar vegna gruns um aðild að smygli á þremur kílóum af metamfetamíni og um 4.200 MDMA-töflum.

Málið er rannsakað í samvinnu við lögregluyfirvöld í Færeyjum og Litháen með aðkomu Europol og tollyfirvalda á Íslandi. Tveir menn eru í haldi í Færeyjum og eru þeir einnig frá Litháen. Um er að ræða grun um innflutning á fíkniefnum sem falin voru í ökutæki. Efnin fundust við leit í bifreiðinni í Færeyjum en hún var þá á leið til Íslands. **- jss**

Eldri Þjóðverji fékk slag:

# Forseti náðaði veikan smyglara

**DÓMSMÁL Forseti Íslands náðaði í desember Þjóðverja á sjötugsaldri sem í janúar í fyrra var dæmdur í fimm ára fangelsi fyrir að flytja rúm 20 kíló af hassi og 1,7 kíló af amfetamíni til Íslands. Þetta kom fram í fréttum Ríkisútvarpsins.**

**Maðurinn flutti efnin til landsins falin í bíl í Norrænu haustið 2008. Síðasta sumar fékk maðurinn heilablóðfall og dvaldi í á annan mánuð á sjúkrahúsi. Vegna ástands mannsins mælti náðunarnefnd með því að hann yrði náðaður. Á það var fallist. Maðurinn er snúinn aftur til Þýskalands, en náðuninni fylgdi endurkomubann.** **- sh**



**BORGARNES** Niðurskurður bitnar á barnafólki eins og öðrum.

Sparnaður hjá Borgarbyggð:

# Skera niður hjá dagforeldrum

**SVEITARSTJÓRNIR** Byggðaráð Borgarbyggðar hefur ákveðið að lækka greiðslu vegna dagforeldra um 25 prósent. Er þetta hluti af sparnaðaraðgerðum.

Einnig á að grípa til mikils sparnaðar í leikskólum sem verður lokað í fimm vikur næsta sumar. Endurskoða á reglur sem gilda um barnafjölda á hvert stöðugildi til að spara í mannahaldi. Fækkað verður á deildum í leikskólum þar sem barnafjöldi og aðstaða gefur tilefni til og draga á úr stjórnunarkostnaði. Starfsemi í leikskólanum í Varmalandi verður hætt um mitt þetta ár. **- gar**

# Dómari hafnar kröfu Baldurs

**Rannsókn á máli Baldurs Guðlaugssonar verður ekki stöðvuð. Dómari kvað upp þann úrskurð í gær. FME gerði fyrirvara um endurupptöku þegar tilkynnt var um lok fyrri rannsóknar. Málið fer fyrir Hæstarétt.**

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur hafnaði í gær kröfu Baldurs Guðlaugssonar, fyrrverandi ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu, um að rannsókn sérstaks saksóknara á meintum innherjasvikum með 192 milljóna króna hlut í Landsbankanum yrði lýst ólögmæt og hún felld niður. Baldur seldi hlutabréfin rétt fyrir bankahrunið.

Í úrskurðinum, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, kemur meðal annars fram að Fjármálaeftirlitið hafi gert fyrirvara um mögulega endurupptöku á máli Baldurs þegar það tilkynnti honum í maí í fyrra að upphaflegri rannsókn á máli hans væri lokið.

Ein af röksemdum lögmanns Baldurs fyrir því að málið skyldi fellt niður var sú að hann hefði í raun verið sýknaður þegar honum var tilkynnt um að rannsókninni væri lokið, og því væri óheimilt að rannsaka það að nýju.

Á þetta fellst dómari ekki og segir engin rök til þess að slík tilkynning, með fyrirvara um mögulega endurupptöku, hafi réttaráhrif lokadóms um sýknu í sakamáli.

Lögmaður Baldurs gagnrýndi raunar einnig þennan fyrirvara í tilkynningunni, og sagði að ekki væri stoð fyrir honum í lögum. Því er dómari ósammála og segir að telja verði eðlilegt að FME geri slíkan fyrirvara, jafnvel þótt hvergi sé sérstaklega kveðið á um hann í lögum.

Saksóknari og lögmaður Baldurs tókust einnig á um það hvort skilyrðinu fyrir því að taka málið upp hefði verið fullnægt. Benti lögmaður Baldurs á að fyrst hefði eitthvað þurft að koma til sem ógilti fyrri niðurstöðu. Á henni hefðu með öðrum orðum þurft að vera gallar af völdum annarra en FME. Saksóknari benti á að svo væri ef aðili máls hefði, viljandi eða af gáleysi, veitt rangar eða villandi upplýsingar í fyrstu atrennu. Því skilyrði væri fullnægt, enda hefði Baldur sagt ósatt um það að hann hefði aldrei hitt stjórnendur Landsbankans að máli.

Dómari segir að þetta skipti í raun ekki máli. Þegar nýjar upplýsingar bárust í málinu í sumar hafi komið fram rökstuddur grunur um saknæmt athæfi og þá hafi FME borið, lögum samkvæmt, að vísa málinu tafarlaust til lögreglu, í þessu tilviki sérstaks saksóknara. Við þær aðstæður þurfi fyrri niðurstaða ekki að vera ógildanleg.

## ÞRÍR HÆSTARÉTTARDÓMARAR MÖGULEGA VANHÆFIR

Verjandi Baldurs lýsti því yfir fyrir dómi í gærmorgun að úrskurðinum yrði áfrýjað til Hæstaréttar. Það mun því fyrr en varir reyna á það í fyrsta sinn hvort einhverjir hæstaréttardómarar eru vanhæfir í máli tengdu bankahruninu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins telja starfsmenn sérstaks saksóknara rétt að efast um hæfi minnst tveggja dómara í máli Baldurs; þeirra Árna Kolbeinssonar og Jóns Steinars Gunnlaugssonar. Báðir voru þeir í briddsklúbbi með Baldri á árum áður, ásamt Davíð Oddssyni. Einnig séu tengsl á milli Baldurs og Gunnlaugs Claessens sem kunni að gera hinn síðarnefnda vanhæfan.

Ekki er þó búist við því að þeir dómarar sem kunna að verða umdeildir verði skipaðir í dóminn í máli Baldurs. Komi hins vegar til þess er líklegt að saksóknari muni mótmæla því og krefjast þess að þeir víki.



**ÁRNI KOLBEINSSON**



**GUNNLAUGUR CLAESSEN**



**JÓN STEINAR GUNNLAUGSSON**

Að síðustu var tekist á um það hvort upplýsingarnar sem endurupptakan byggðist á, fundargerðir samráðshóps um fjármálastöðugleika frá því sumarið 2008 og upplýsingar sem aðrir fulltrúar í hópnum kynnu að búa yfir, væru nýjar upplýsingar eða ekki.

Dómarinn telur að svo hafi verið þrátt fyrir þau rök lögmanns Baldurs að FME hafi borið að rannsaka málið með fullnægjandi hætti á þeim sex mánuðum sem fyrsta rannsóknin tók og að óeðlilegt sé að taka mál upp að nýju vegna þess að rannsókn hafi áður verið ábótavant.

Þá segir í úrskurðinum að eftir að málið var tekið til úrskurðar hafi dómnum borist bréf frá Baldri þar sem athygli er vakin á efni fréttar Fréttablaðsins, þar sem Jónas Fr. Jónsson, fyrrverandi forstjóri FME, skýrir fyrirkomulag skjalavörslu fundargerða samráðshópsins sem áður var nefndur. „Hér er um að ræða atriði sem heyrir undir rannsókn sérstaks saksóknara,“ segir dómari.

Baldur hefur einnig krafist þess að kyrrsetningu eigna hans – sömu upphæðar og meint svik námu – verði aflétt. Málflutningur vegna þeirrar kröfu fer fram 12. janúar. **stigur@frettabladid.is**



**BALDUR GUÐLAUGSSON** Hefur einnig krafist þess að kyrrsetningu eigna hans verði aflétt. Málflutningur í því máli fer fram 12. janúar.

FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**VEÐUR FER HLÝNANDI** Það hefur hlýnað heldur um vestanvert landið frá því sem verið hefur og í dag má búast við allt að sex stiga hita við ströndina. Á morgun dregur úr frosti norðanlands og á laugardag verða víða komnar rauðar hitatölur, síst þó austanlands.



**Á MORGUN** Vaxandi S-átt V-til síðdegis.

**LAUGARDAGUR** Strekkingur vestanlands, annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 13° |
| Basel | 2° |
| Berlín | -7° |
| Billund | -2° |
| Eindhoven | 0° |
| Frankfurt | -3° |
| Friedrichshafen | 1° |
| Gautaborg | -3° |
| Kaupmannahöfn | -3° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 1° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 3° |
| Orlando | 16° |
| Ósló | -17° |
| París | -2° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | -3° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

# RISA ÚTSALA REKKJUNNAR

# 30-70% AFSLÁTTUR!

SVEFNSÓFAR
30%
AFSLÁTTUR

HEILSUKODDAR
30%
AFSLÁTTUR



SÆNGURFÖT
30%
AFSLÁTTUR

KING KOIL HEILSURÚM
(Queen Size 153x203)
35%
AFSLÁTTUR
ÁÐUR FRÁ 155.800 kr.
NÚ FRÁ 99.712 kr.

ATH! Myndirnar eru aðeins til hliðsjónar og eiga ekki endilega við tilboðin sem gefin eru upp.

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16




## Óvissa vegna synjunar forseta

Forsetinn og ríkislögmaður ekki sammála um lagatúlkun:

# Óvissa um hvaða lög gilda

Í yfirlýsingu Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, um synjunina, er fullyrt að felli þjóðin lögin í þjóðaratkvæðagreiðslunni, séu eldri lög um ríkisábyrgð, sem samþykkt voru í lok ágúst, áfram í gildi. Lögspekingar virðast ekki jafnvissir um þetta og forsetinn.

Í yfirlýsingu Ólafs segir: „Verði lögin samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu, gilda þau að sjálfsögðu áfram. Verði úrslitin á annan veg, eru engu að síður áfram í gildi lög nr. 96/2009 sem Alþingi samþykkti 28. ágúst 2009 á grundvelli samkomulags við stjórnvöld í Hollandi og Bretlandi, en þau fela í sér viðurkenningu Íslendinga á skuldbindingum sínum.“



**TELUR LÖGIN GILDA** Ríkislögmaður virðist ekki deila vissu forsetans um að eldri lög um Icesave taki gildi verði þau nýju felld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í minnisblaði fjármálaráðherra til forsetans, sem farið var yfir í aðdraganda ákvarðanatökunnar, er hins vegar sagt að með öllu sé óvíst hvort þau lög gangi í gildi. Ótvíræð ríkisábyrgð þurfi að vera til staðar, samkvæmt lagabókstafnum, til að þau taki gildi. „Ríkislögmaður getur ekki vottað að málið sé klárt…“ segir þar.

Björg Thorarensen, deildarforseti lagadeildar HÍ, sagði í samtali við Fréttablaðið að væru lögin felld yrðu lögin frá í sumar í gildi. Ríkisábyrgðin yrði hins vegar ekki virk. „Hún verður ekki virk nema fallist verði á fyrirvarana að öllu leyti af viðsemjendum.“ Hollendingum og Bretar hafa þegar hafnað hluta fyrirvara. - kóp



**TILKYNNIR SYNJUN** Ólafur Ragnar Grímsson fékk gögn sem vöruðu við alvarlegum efnahagslegum afleiðingum þess að synja lögunum staðfestingar. Hann synjaði engu síður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


**Ársfundur Hins íslenska biblíufélags 7. febrúar kl. 12:30 í safnaðarheimili Seltjarnarneskirkju**

**Dagskrá**

1. Ársreikningur 2009
2. Skýrsla stjórnar og stefnulýsing
3. Tillögur að lagabreytingum
4. Kjör í stjórn
5. Önnur mál

HIÐ ÍSLENZKA BIBLÍUFÉLAG 1815


# Var varaður við afleiðingum synjunar

**Forsetinn fékk gögn frá sérfræðingum í stjórnarráði um efnahagslegar afleiðingar synjunar. Fjármálaráðherra sagði ríkislögmann telja málið í óvissu. Sérfræðingur sem ræddi við forsetann telur synjunina mjög áhættusama.**

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, var varaður við því að synjun laga um ríkisábyrgð vegna Icesave, gæti stórlaskað stöðu Íslands í alþjóðasamstarfi og aukið hættu á greiðslufalli. Þetta kom fram í bréfi frá sérfræðingum í Stjórnarráði Íslands, sem forsetinn fékk í hendur á mánudag. Þar er varað við alvarlegum efnahagslegum afleiðingum.

Í bréfinu segir að verði lögin felld í þjóðaratkvæðagreiðslu gæti skapast alvarlegt ástand. Bretar og Hollendingar myndu neyta utanríkispólitísks aflsmunar á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) og EES. Það mundi torvelda endurfjármögnun íslenska ríkisins, sveitarfélaga og orkufyrirtækja. Þá er minnt á að núverandi gjaldeyrishöft séu í andstöðu við grunnreglur EES og háð samþykki annarra samningsaðila.

Sérfræðingarnir telja að ef lögin verði felld séu allar líkur á að fyrri samningar falli einnig úr gildi. Þetta kemur einnig fram í minnispunktum Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra, sem hann fór yfir með forsetanum. Þar segir að ríkislögmaður geti ekki vottað hvernig málið standi verði lögin felld.

Í bréfi sérfræðinganna er einnig varað við því að verði lögin felld fái Bretar og Hollendingar meginþorra allra úthlutana úr þrotabúi Landsbankans og fyrstu sjö árin alveg það sama og þeir hefðu fengið samkvæmt samningnum. Þá er ítrekað að samstarfsáætlun AGS og Íslands yrði óvirk og henni jafnvel rift. Matsfyrirtækin myndu einnig lækka landið niður í ruslflokk, nokkuð sem þegar hefur gerst.

Í minnisblaði Steingríms er einnig sagt að trúverðugleiki íslenskra stjórnvalda sé í húfi, núverandi ríkisstjórn, að minnsta kosti fjármálaráðherra, yrði í afar vandræðalegri stöðu gagnvart viðsemjendum. Þá hrósar Steingrímur þjóðinni fyrir yfirvegun, en undir kraumi mikið og ástandið í samfélaginu sé brothætt og aukið atvinnuleysi á útmánuðum gæti gert ástandið verra.

Friðrik Már Baldursson, prófessor í viðskiptafræði við HR, ræddi við forsetann í síma í aðdraganda ákvörðunar hans. Í samtali við Fréttablaðið á þriðjudag, sagði Friðrik óttast að synjun forsetans hleypti nauðsynlegri endurfjármögnun í uppnám. Greiðslukúfur væri fram undan fyrir landið, árin 2011 og 2012, og fjármögnun yrði því að vera skýr. „Þetta er mikil áhætta sem við erum að taka.“

kolbeinn@frettabladid.is





POLARN O. PYRET

Kringlunni • Sími 568 1822 og Smáralind • sími 564 1822

www.polarnopyret.is


Stórskaðleg umræða fór víða í gang eftir tilkynningu forseta segir fjármálaráðherra:

# Öll orkan fer í að slökkva elda

Bresk og hollensk stjórnvöld leggja áherslu á að staða Icesave-málsins skýrist sem fyrst, en samtöl við ráðamenn þar hafa ekki breytt neinu um þá stöðu sem upp er komin í kjölfar synjunar forseta Íslands á lögum um ríkisábyrgð vegna Icesave, segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra.

Hann segir fjármálaráðherra Bretlands og Hollands hafa verið vinsamlegri í samtölum við sig en í viðtölum við fjölmiðla. Allir séu sammála um að töf á úrlausn málsins sé báðum til tjóns.

Steingrímur segir sína orku fyrstu dagana eftir ákvörðun forsetans fara í að slökkva elda. „Það er augljóst hvað [þarf að gera] núna, það er að verja landið eins og hægt er, draga úr neikvæðum áhrifum af [ákvörðun forsetans], og halda virkum stjórnmálatengslum milli Íslands, gagnaðilanna og nágrannalandanna.“

Stórskaðleg umræða fór af stað víða erlendis eftir blaðamannafund forsetans á þriðjudag, segir Steingrímur. Víða hafi fjölmiðlar talið að ákvörðun hans þýddi að Ísland ætlaði ekki að standa við sínar skuldbindingar. Með snörum viðbrögðum hafi vonandi tekist að bæta mesta skaðann.

„Að sjálfsögðu ætlum við ekki að láta þann stimpil festast á Íslandi að við ætlum ekki að axla okkar skyldur í samfélagi þjóðanna,“ segir Steingrímur.

„Það eru vonbrigði að þetta setji í óvissu þrotlaust puð síðustu mánaða við að byggja hlutina hér upp og komast áfram. Þetta setur það óneitanlega í óvissu, það verður bara að horfast í augu við það, en við gerum allt sem við getum til að áhrifin af því verði sem minnst,“ segir Steingrímur. - bj



**ÁBYRGÐ** Ekki kemur til greina að staðfesta ríkisábyrgð áður en þjóðaratkvæðagreiðslan fer fram þrátt fyrir að lögin sem forsetinn synjaði staðfestingar hafi formlega tekið gildi, segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### FUNDAR UM NORÐURLANDALÁNIN

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra heldur til fundar við fjármálaráðherra Noregs og Danmerkur í dag eða á morgun, samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu. Þar mun hann ræða um áhrif synjunar forseta Íslands á lánaloforð Norðurlandanna til Íslands. Ekki stendur til að Steingrímur fari til Bretlands í þessari ferð.

Steingrímur sagðist í gær telja að ummæli norrænna ráðherra hafi verið oftúlkuð, ekkert hafi komið fram sem bendi til þess að lánveitingar verði stöðvaðar vegna synjunar forsetans. Þvert á móti virðist sem hin Norðurlöndin muni bíða átekta þar til niðurstöður úr þjóðaratkvæðagreiðslunni verði komnar fram.




# Mesta útsöluúrvalið

Vorum að bæta við nýjum vörum

## fatnaður og skór

á alla fjölskylduna

verð aðeins

**250-3000 kr**

BOLIR 250-2000 KR.
PEYSUR 1000-3000 KR.
BUXUR 1000-3000 KR.
SKÓR 1000-3000 KR.

24 Hagkaup OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

Óvissa vegna synjunar forseta

# Atkvæðagreiðslan kostar 160 milljónir

**Þjóðaratkvæðagreiðsla vegna synjunar forsetans á Icesave-lögunum verður í síðasta lagi haldin 6. mars. Meirihluti greiddra atkvæða mun ráða niðurstöðu samkvæmt stjórnarfrumvarpi. Ekki er kveðið á um lágmarksþátttöku.**

Ríkisstjórnin afgreiddi í gær fyrir sína parta frumvarp um þjóðaratkvæðagreiðslu vegna ákvörðunar forsetans um að synja lögum Alþingis staðfestingar. Málið var rætt á sérstökum ríkisstjórnarfundi og í þingflokkunum. Kostnaður vegna þjóðaratkvæðagreiðslunnar er áætlaður um 160 milljónir króna.

Sérstök lög verða sett um kosninguna og fær Alþingi frumvarpið til meðferðar á föstudag. Sem kunnugt er eru ekki til lög um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu og kemur því til sérstakrar lagasetningar nú.

Í frumvarpinu er kveðið á um að þjóðaratkvæðagreiðslan fari fram í síðasta lagi fyrsta laugardaginn í mars. Upphaflega hugðist ríkisstjórnin boða til kosninga hinn 20. febrúar en eftir að hafa farið yfir málið á ríkisstjórnarfundi í gær varð niðurstaðan sú að kjósa í síðasta lagi laugardaginn 6. mars. Þó er allt eins líklegt að kosið verði laugardaginn 27. febrúar.

Í frumvarpinu er einnig kveðið á um að dómsmálaráðuneytið skuli auglýsa atkvæðagreiðsluna einu sinni í Lögbirtingablaði og þrisvar sinnum í Ríkisútvarpinu, í síðasta lagi einni viku fyrir atkvæðagreiðsluna. Þá skal einnig birta spurninguna sem lögð verður fyrir kjósendur með auglýsingu í dagblöðum, auk þess sem vakin verður athygli á að frumvarpið til laganna og öll skjöl varðandi meðferð þess séu aðgengileg á áberandi stað á heimasíðu Alþingis.

Fyrir Alþingi liggja tvö frumvörp um þjóðaratkvæðagreiðslur: annars vegar stjórnarfrumvarp og hins vegar frumvarp þingmanna Hreyfingarinnar, Sigmundar Ernis Rúnarssonar og Þráins Bertelssonar.

Í framhaldi af synjun forseta á staðfestingu fjölmiðlalaganna 2004 fjallaði starfshópur ríkisstjórnarinnar, sem Karl Axelsson hæstaréttarlögmaður fór fyrir, um mögulega tilhögun væntanlegrar þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þá var lagt til að spurningin yrði orðuð svo: Eiga lög nr. 48/2004, um breytingu á útvarpslögum nr. 53/2000 og samkeppnislögum nr. 8/1993, sem Alþingi samþykkti, en forseti synjaði staðfestingar, að halda gildi sínu? **bjorn@frettabladid.is**



**SAMFYLKINGIN RÆÐUR RÁÐUM SÍNUM** Þegar synjun forsetans lá fyrir á mánudag kom þingflokkur Samfylkingarinnar saman og fjallaði meðal annars um tilhögun væntanlegrar þjóðaratkvæðagreiðslu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## SPURNINGIN Í ATKVÆÐAGREIÐSLUNNI

Spurningin verður svohljóðandi: *„Eiga lög nr. ?? um breytingu á lögum nr 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf. að halda gildi sínu eða eiga þau að falla úr gildi?“*

Á kjörseðlinum skulu kjósendur merkja við annan hvorn af tveimur kostum:

- Já, þau eiga að halda gildi.
- Nei, þau eiga að falla úr gildi.

Leiðari í Guardian:

## Ísland verður að borga


Is Tolstoy the greatest novelist of all time?
theguardian
Care homes forcing elderly to have feeding tubes fitted

Leiðarahöfundur breska dagblaðsins Guardian segir að Íslendingar eigi ekki annarra kosta völ en að greiða „tveimur miklu ríkari og valdameiri ríkjum“, nefnilega Bretlandi og Hollandi, 3,5 milljarða evra eða „útiloka sig ella frá utanaðkomandi fjárhagsaðstoð og öruggu athvarfi tilvonandi Evrópusambandsaðildar“.

Leiðarahöfundurinn segir skiljanlegt að Íslendingar séu reiðir vegna þessa. Þeir líti á sig sem fórnarlömb, þótt þeir hafi tekið fagnandi á móti gróðanum meðan allt lék í lyndi.

„En hver svo sem útkoman verður úr þjóðaratkvæðagreiðslu, þá verða þeir að borga.“ **- gb**

Leiðari í Politiken:

## Skuldirnar hverfa ekki


POLITIKEN
Dansk paradis for firmasvindlere
16,4
UDSALG
3,33%

„Ef ekki er lengur hægt að láta sig dreyma um að raunveruleikinn hverfi, er þá hægt að kjósa um það í staðinn?“ spyr leiðarahöfundur danska dagblaðsins Politiken: „Já eða nei við raunveruleikanum?“

Hann segir engu líkara en Íslendingar hugsi á þessum nótum, nú þegar forseti landsins hefur ákveðið að vísa Icesave-lögunum til þjóðaratkvæðis.

Vandinn sé bara sá að skuldirnar hverfi ekki.

„Réttlátt er það vissulega ekki, en þjóðaratkvæði gerir ekki annað en að fresta skuldauppgjörinu.“ **- gb**

Íbúðalán

# Lægri *höfuðstóll* léttir greiðslubyrði

Arion banki býður viðskiptavinum sínum að lækka höfuðstól innlendra og erlendra íbúðalána niður í 110% af markaðsvirði eignar.

Til viðbótar býðst fólki sértæk skuldaaðlögun, sé núverandi greiðslugeta minni en sem nemur 110% veðhlutfalli. Virði eigna miðast við núverandi markaðsvirði, en mat á virði eigna fer ekki niður fyrir fasteignamat 1.1.2010.

Á **arionbanki.is** getur þú skoðað hvort þessi leið hentar þér. Gáðu að því að þetta er aðeins ein af fjölmörgum lausnum sem bankinn hefur upp á að bjóða. Nánari upplýsingar fást hjá þjónusturáðgjöfum í útibúum Arion banka eða í síma **444 7000**.

*Hafðu samband*
sími 444 7000 × arionbanki.is

Arion banki

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 48569 01/10

# ÚTSALA

# 25%

**afsl. af öllum vörum**

skovby
Excellent Dining Rooms

Afar vönduð

## Borðstofuhúsgögn



Afar vandað stækkanlegt borð fyrir 6-20 manns  Ljós eik, massív sápuþvegin eik, kirsuber,tekk og hnota

Hönnuður: Per Hansbæk

## Hornsófar

Eitt mesta úrval landsins af ítölskum og íslenskum hornsófum



**Italsofa**
Vandaður hornsófi með þykku nautaleðri
Verð áður kr. 572.000.- Verð nú **kr. 429.000.-**



Vandaður hornsófi með nautaleðri og skemlum
Verð áður kr. 719.000.-
Verð nú **kr. 539.000.-**



Vandaður tungusófi / svefnsófi
Verð áður kr. 492.000.-
Verð nú **kr. 369.000.-**



Vandaður hornsófi með slitsterku áklæði
Verð áður kr. 559.000.-
Verð nú **kr. 419.000.-**



Tilboðsverð
kr. 389.000.-

## *Sígild húsgögn*

sófar og hornsófar í miklu úrvali



Tilboðsverð
kr. 39.000.-

**Rokokkóstóll**
með slitsterku áklæði



Tilboðsverð
kr. 29.000.-

**Náttborð/kommóða**
Breidd:50 cm - Dýpt:30 cm
Hæð 74 cm



Tilboðsverð
kr. 53.000.-

**Kommóða 5 skúffur**
Breidd:76 cm - Dýpt:36 cm
Hæð 86 cm

## Úrval af slökunarstólum

Með leðuráklæði eða taui og skemlum - Margir litir



Tilboðsverð m/ákl
kr. 85.000.-

Tilboðsverð m/leðri
kr. 119.000.-



Tilboðsverð
kr. 119.000.-

**Val húsgögn**
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Laugardag kl. 11-16

www.valhusgogn.is

Opið virka daga kl. 10-18

# ÚTSALA 38 ÞREP

Laugavegi 49 / sími 561 5813


## Óvissa vegna synjunar forseta




Íbúðalánasjóður fylgir ríkinu:

## Settur á athugunarlista S&P

Alþjóðlega matsfyrirtækið Standard & Poor´s greindi frá því í gær að það hafi sett Íbúðalánasjóð á athugunarlista með neikvæðum vísbendingum.

Í rökstuðningi matsfyrirtækisins kemur fram að breytingin sé í samræmi við breytingu á lánshæfismati ríkissjóðs, sem sé eigandi Íbúðalánasjóðs. Fyrirtækið breytti lánshæfishorfum ríkissjóðs úr stöðugum í neikvæðar eftir að Ólafur Ragnar Grímsson neitaði að staðfesta Icesave-lögin og greindi frá því að svo kynni að fara að matið yrði lækkað um eitt eða tvö þrep innan mánaðar. **- jab**



**KAARLO JÄNNÄRI** Hafni þjóðin Iceave-lögunum segir Jännäri ljóst að herða þyrfti gjaldeyrishöft til muna, til þess eins að ríkið hefði gjaldeyri til að greiða fyrir brýnustu nauðsynjar. Hann telur líklegast að Bretar og Hollendingar vilji halda sig við það sem um hefur verið samið og frekari málamiðlun sé ólíkleg. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Erlendu ríkin vilja aðstoða

**Þjóðin ætti að staðfesta lögin sem til hennar hefur verið vísað, segir Kaarlo Jännäri. Norðurlönd hafi teygt sig langt í að aðstoða. Töf dýpki kreppuna hér.**

Íslendingar ættu að greiða atkvæði með lögum þeim um ríkisábyrgð á Icesave sem forsetinn hefur vísað til þjóðarinnar. Þetta er mat Kaarlos Jännäris, finnska bankasérfræðingsins og fyrrverandi forstjóra finnska fjármálaeftirlitsins, sem stjórnvöld réðu sem ráðgjafa við endurskipulagningu bankakerfisins hér.

Jännäri segir alvarleika ákvörðunar forsetans þegar hafa endurspeglast í niðurfærslu matsfyrirtækisins Fitch á lánshæfi ríkisins. „Standard & Poor‘s hafa líka sett ykkur á athugunarlista og flest þau ríki sem lofað hafa fjármögnun í tengslum við áætlun ríkisins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins verða lítt hrifin af þróun mála og fjár ekki að vænta fyrr en leyst hefur verið úr Icesave-deilunni með hætti sem Bretland, Holland og Evrópusambandið fá sætt sig við,“ segir hann.

Um leið kveðst Jännäri skilja reiði þjóðarinnar yfir þeirri stöðu sem hún er í. Á hinn bóginn séu reglur um innlánstryggingar ein af grunnstoðum hins evrópska fjármálakerfis. „Íslendingar eru bundnir af lögum Evrópusambandsins með aðild sinni að Evrópska efnahagssvæðinu og þurfa að haga málum sínum í samræmi við þær reglur.“ Hann segir ljóst að ef eignir tryggingasjóðs dugi ekki til þá þurfi ríkið að hlaupa undir bagga. „Og nú hafa ríkisstjórnir Hollands og Bretlands greitt þessar inneignir sem tryggingarsjóður ykkar skuldar og ríkisstjórn Íslands ábyrgist,“ segir Jännäri og kveðst sjálfur hafa farið yfir muninn á nýju lögunum og þeim sem samþykkt voru í ágúst. „Og ég get vel séð af hverju Bretar og Hollendingar geta ekki sætt sig við fyrirvarana sem þá voru settir. Gömlu lögin nægja því ekki.“

Kaarlo Jännäri segist eiga hér marga góða vini og vilja styðja Íslendinga í raunum þeirra. „En því miður virðast margir hafa misskilið stöðuna sem landið er í. Sumir virðast nú reiðir erlendu ríkjunum, sem þó eru að reyna að hjálpa Íslendingum.“ Sem dæmi nefnir Jännäri að vegna fjárlagahalla heima fyrir hafi Finnland neyðst til að taka 30 milljarða evra (5.400 milljarða íslenskra króna) að láni. „Samt eru Finnar að lána Íslendingum peninga. Og það sama gildir um mörg önnur lönd sem glíma við vandamál heima fyrir. Ég held að komið hafi verið fram við ykkur af mikilli vinsemd, en þjóðin virðist ekki hafa áttað sig á því.“ Jännäri segir sér virðast sem íslenskum stjórnvöldum hafi mistekist að skýra stöðu landsins fyrir þjóðinni. **olikr@frettabladid.is**

Skuldatryggingarálag ríkissjóðs nálgast 500 punkta:

# Álagið rýkur upp

Skuldatryggingarálag ríkissjóðs hefur hækkaði viðstöðulaust frá því Ólafur Ragnar Grímsson forseti neitaði að staðfesta Icesave-lögin á þriðjudag. Álagið stóð í 485,79 punktum síðdegis í gær og hafði þá hækkað nokkuð frá því um hádegið í gær, samkvæmt upplýsingum Credit Market Analysis (CMA). Til samanburðar stóð skuldatryggingarálagið í 411 punktum við lokun markaða á mánudag.

Á sama tíma hefur álagið á arabíska borgríkið Dúbaí lækkaði nokkuð.

Ísland er nú í sjöunda sæti yfir þau lönd sem CMA telur líkur á að geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Líkurnar á því eru 28,55 prósent miðað við tæplega 26 prósenta líkur á að Dúbaí geti ekki greitt skuldir sínar. Um helmingslíkur eru á greiðslufalli Venesúela, sem trónir á toppi listans.

**LISTI YFIR ÁHÆTTURÍKIN***

| Ríkin | Punktar | Líkurnar |
|---|---|---|
| Venesúela | 968,32 | 49,68% |
| Úkraína | 1038,93 | 47,87% |
| Argentína | 918,20 | 46,74% |
| Pakistan | 717,70 | 38,25% |
| Írak | 475,00 | 34,92% |
| Lettland | 532,23 | 30,71% |
| Ísland | 485,79 | 28,55% |
| Dúbaí | 424,70 | 25,91% |
| Grikkland | 250,31 | 20,22% |
| Kaliforníuríki | 248,28 | 19,92% |

* Heimild: CMA

Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka, segir að þótt skuldatryggingarálagið sé hátt hafi það lítið að segja þar sem ríkissjóður sé um þessar mundir ekki að sækja sér nýtt fé á erlendum markaði. „En Seðlabankinn tekur tillit til þessa við vaxtaákvörðun sína og því dregur úr líkum á lækkun stýrivaxta,“ segir hann. **- jab**


# Skil á upplýsingum vegna skattframtals 2010

Skilafrestur á eftirtöldum gögnum vegna framtalsgerðar 2010 er til **30. janúar** en þeir sem skila á rafrænu formi hafa þó frest til **10. febrúar** 2010




**Launamiðar og verktakamiðar**
Skilaskyldir eru allir þeir sem innt hafa af hendi launagreiðslur, hlunnindi, lífeyri, bætur, styrki, happdrættis- og talnavinninga (skattskylda sem óskattskylda), greiðslur til verktaka fyrir þjónustu (efni eða vinnu) eða aðrar greiðslur sem framtalsskyldar eru og/eða skattskyldar.

**Lánaupplýsingar**
(bankalán, fasteignaveðlán, bílalán og önnur lán). Skilaskyldar eru allar fjármálastofnanir (bankar, sparisjóðir, lífeyrissjóðir, tryggingafélög, fjármögnunarleigur o.s.frv.) sem hafa lánað fé til einstaklinga.

**Bifreiðahlunnindamiðar**
Skilaskyldir eru allir þeir sem í rekstri sínum eða annarri starfsemi hafa haft kostnað af kaupum, leigu eða rekstri fólksbifreiðar.

**Stofnsjóðsmiðar**
Skilaskyld eru öll samvinnufélög, þ.m.t. kaupfélög.

**Hlutafjármiðar**
Skilaskyld eru öll hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnuhlutafélög og sparisjóðir.

**Takmörkuð skattskylda - greiðsluyfirlit**
Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur til erlendra aðila og annarra, sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi.

**Launaframtal**
Skilaskyldir eru einstaklingar með eigin atvinnurekstur, sem telja fram á pappír, og óskattskyld félög sem ekki skila rafrænu skattframtali og sem greiddu laun á árinu 2009.

**Greiðslumiðar – leiga eða afnot**
Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum eða öðrum réttindum.

**Viðskipti með hlutabréf**
Skilaskyldir eru bankar, verðbréfafyrirtæki og aðrir þeir aðilar sem annast kaup og sölu, umboðsviðskipti og aðra umsýslu með hlutabréf.

**Hlutabréfakaup skv. kaupréttarsamningi**
Skilaskyld eru öll hlutafélög sem gert hafa kaupréttarsamninga við starfsmenn sína samkvæmt staðfestri kaupréttaráætlun.

**Bankainnstæður**
Skilaskyldar eru allar fjármálastofnanir og aðrir aðilar sem taka við fjármunum til ávöxtunar.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

Nánari upplýsingar eru á vef ríkisskattstjóra www.rsk.is

# 6 VIKNA NÁMSKEIÐ

## FYRIR KONUR OG KARLA HEFJAST 11. JANÚAR

### BYRJAÐU ÁRIÐ 2010 AF KRAFTI OG VERTU MEÐ !

## KARLAR ÁTAK

Námskeiðin eru sérsniðin að þörfum karla með það að markmiði að auka þrek, styrk og liðleika.

1. **Morgunnámskeið**
   mán + mið + fös
   kl: 6.00
2. **Kvöldnámskeið**
   mán + mið + fös
   kl: 18.30

Kennari:
Lára Örlygsdóttir með margra ára reynslu af þjálfun karlahópa

**Verð: 19.900 kr.**

## KONUR ÁTAK

Vinsæl námskeið sem hjálpa þér af stað í heilsuræktinni, að viðhalda eða bæta árangur. Síðast en ekki síst frábær og skemmtilegur félagsskapur!

1. **Ferskir morgnar**
   mán + mið + fös
   kl: 6.00
   kennari: Kristín Viktorsd.
2. **Heilsurækt konur**
   þri + fim + fös
   kl: 10.00
   kennari: Ellen Elsa
3. **Heit hádegi**
   mán + mið + fös
   kl: 12.05
   kennarar:
   Dagmar og Guðrún
4. **Spennandi síðdegi**
   mán + þri + fim
   kl: 17.30
   kennari: Guðrún Lovísa

**Verð: 19.900 kr.**

**Hópátak Sporthússins**
**Fyrir konur sem vilja meira!**

**2 hóptímar á viku;** **FULLT!**
þri + fim kl: 6.00
Æfingaaáætlun 4 daga vikunnar
matarprógröm 6 daga vikunnar
fyrirlestrar, markmiðasetning
mælingar

Þjálfarar:
Fannar Karvel einkaþjálfari og verðandi íþróttafræðingur &
Sigríður Þórdís ÍAK einkaþjálfari

**Verð: 27.900 kr.**

**Skráning og fyrirspurnir í s:5644050 og gunnhildur@sporthusid.is**

**SPORTHÚSIÐ**
heilsurækt fyrir alla

Landsins mesta úrval af opnum hóptímum er í Sporthúsinu!

**DALSMÁRA 9 - 11 • 201 KÓPAVOGI • S. 564 4050**

## KJÖRKASSINN



*Ætlar þú að gera þér dagamun á þrettándanum?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 34,2% |
| NEI | 65,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Tók forseti Íslands rétta ákvörðun í Icesave-málinu?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Umboðsmaður Alþingis sendir dómsmálaráðuneytinu tóninn í nýju áliti:

# Gagnrýnir skráningu í Þjóðskrá

**STJÓRNSÝSLA** Umboðsmaður Alþingis sendir dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu tóninn í nýju áliti sínu um Þjóðskrá. Ráðuneytið hefur í þrettán ár trassað að setja reglur um hámarkslengd nafna í Þjóðskrá. Segir umboðsmaður að það athafnaleysi sé ekki í samræmi við lög.

Tildrög málsins voru þau að umboðsmanni barst kvörtun frá foreldri sem ekki gat skráð fullt nafn dóttur sinnar í tölvuskrá Þjóðskrár þar sem það var meira en 31 stafabil að lengd. Það réði tölvukerfið ekki við, og gerir ekki enn.

Í slíkum tilvikum hefur venjan verið sú að starfsmenn Hagstofunnar gera munnlegt samkomulag við viðkomandi um að skrá nafnið með tilteknum hætti, oft skammstöfunum, í Þjóðskrána. Við það öðlast hið skráða nafn hins vegar lagalegt gildi, og ber eftirleiðis að nota það í öllum samskiptum og viðskiptum við opinbera aðila.



**ÞJÓÐSKRÁ** Ekki er hægt að heita lengra nafni en sem nemur 31 stafabili. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Umboðsmaður Alþingis kemst sem áður segir að þeirri niðurstöðu að setja þurfi reglur um það hvernig skuli meðhöndla þessi tilvik og samkomulag sem þessi þurfi að verða formleg og skrifleg. - sh

Starf Þingvallanefndar tefst.

## Hafa ekki ráðið þjóðgarðsvörð

**STJÓRNSÝSLA Enn hefur ekki verið ráðinn þjóðgarðsvörður á Þingvöllum í stað Sigurðar Oddssonar sem féll frá í ágúst. Þingvallanefnd ákvað á fundi 26. október að auglýsa eftir nýjum þjóðgarðsverði og sagði þá stefnt að því að gengið yrði frá ráðningunni fyrir 1. janúar. 78 umsóknir bárust.**

**Álfheiður Ingadóttir, heilbrigðisráðherra og formaður Þingvallanefndar, segir til hafa staðið á þriðjudag að eiga viðtöl við umsækjendur en það hafi frestast vegna Icesave-málsins. „En við stefnum að því að ljúka umfjöllun um umsóknir fyrir vikulokin," segir formaðurinn.** - gar



SÓLEY TÓMASDÓTTIR



ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON

Forval VG í Reykjavík:

## Tvö vilja fá fyrsta sætið

**STJÓRNMÁL** Þorleifur Gunnlaugsson, oddviti Vinstri grænna í borgarstjórn, sækist eftir fyrsta sætinu í forvali Vinstri grænna fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor.

Áður hafði Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi flokksins, lýst því yfir að hún myndi sækjast eftir fyrsta sætinu. Að óbreyttu munu flokksmenn því geta kosið á milli í það minnsta tveggja frambjóðenda í fyrsta sætið. Forvalið fer fram 6. febrúar næstkomandi. - bj

Réðst með hrottalegum hætti á menn á Laugavegi:

# Dæmdur í árs fangelsi

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugur karlmaður hefur verið dæmdur í tólf mánaða fangelsi, þar af níu skilorðsbundna í þrjú ár, fyrir tvær hrottalegar líkamsárásir árið 2008. Fyrst réðst maðurinn á annan mann fyrir utan Landsbankann á Laugavegi 77. Árásarmaðurinn sló hinn hnefahöggi í andlitið og síðan með glerflösku í höfuðið þannig að hann féll í jörðina. Síðan sparkaði hann í bringu fórnarlambsins, sem hlaut mar í kringum augnumgjörð og brotið bringubein.

Síðar réðst ofstopamaðurinn á mann á Laugavegi. Hann kýldi manninn í andlitið og sparkaði í höfuð hans og líkama. Fórnarlambið hlaut beinbrot bæði á líkama og í andliti.

Árásarmaðurinn játaði sök fyrir dómi og samþykkti bótakröfurnar. En hann krafðist lægstu refsingar sem lög leyfa og þess að bótakröfur yrðu lækkaðar. Hann var dæmdur til að greiða fyrra fórnarlambinu rúmlega 380 þúsund krónur í miskabætur. Þá var hann dæmdur til að greiða manninum sem hann réðst á í seinna skiptið ríflega 500 þúsund krónur í miskabætur. - jss



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Maðurinn játaði sök fyrir dómi.



**EINANGRUNARGANGUR Á LITLA-HRAUNI** Tíu einangrunarpláss eru í fangelsum landsins. Þau eru fullsetin og vista þarf einangrunarfanga á lögreglustöðvum.

# Skortur á einangrun endar með stórslysi

**Vista þurfti fimm einangrunarfanga á lögreglustöðvunum í gær, þar sem öll einangrunarrými voru full. Fangelsismálastofnun segir þetta enda með stórslysi, verði ekkert að gert.**

**FANGELSISMÁL** „Við þurfum að fá að vita hvenær og hverjar úrbætur verða gerðar á einangrunarmálum fanga hér á landi. Annars endar þetta bara með stórslysi." Þetta segir Erlendur S. Baldursson, aðstoðarmaður forstjóra Fangelsismálastofnunar.

Síðdegis í gær sátu þrjátíu manns í gæsluvarðhaldi, þar af helmingur í einangrun. Fangelsismálastofnun hefur yfir að ráða samtals tíu einangrunarplássum. Í gær og fyrradag voru tíu manns úrskurðaðir í gæsluvarðhald og allir í einangrun. Flestir þeirra eru af erlendum uppruna. Í einangrun sitja ásamt fleirum fyrir þrír strokufangar, tveir íslenskir sem reyndu að strjúka af Litla-Hrauni fyrir nokkrum dögum og einn erlendur. Umræddir þrír strokufangar sæta þeim viðurlögum að vera í einangrunarvist í allt að hálfum mánuði.

Erlendur segir að af þessum tíu mönnum sem úrskurðaðir voru í einangrun á tveim síðustu sólarhringum sé pláss fyrir tvo til þrjá á Litla-Hrauni. Hina verði að vista á lögreglustöðvum þar til pláss skapist í fangelsum.

„Við erum með alltof fá einangrunarpláss, þegar svona kemur upp á eins og margoft hefur verið bent á," segir Erlendur. „Kerfið þolir því óskaplega lítið. Það er alltaf við suðumark og er alltaf pínt upp í efstu mörk. Ef upp kemur eitthvert brot þar sem margir eru úrskurðaðir í einangrun, þá höfum við einfaldlega ekki pláss, sem aftur þýðir að lögreglan þarf að snúast með þessa fanga um allar trissur."



**ERLENDUR S. BALDURSSON** Segir fjárveitingarvaldið verða að gera sér grein fyrir alvarlegri stöðu í einangrunarmálum.

Erlendur minnir á tillögur Fangelsismálastofnunar til úrbóta í þessum málum, sem nú liggja fyrir.

„Okkur vantar auðvitað nýtt fangelsi. Það er ekkert öðruvísi. Við getum ekki endalaust notað fangelsi sem halda hvorki vatni né vindi, eins og Hegningarhúsið," undirstrikar Erlendur. „Í Bitru fáum við eitthvað um tuttugu afplánunarpláss en það hjálpar ekkert upp á einangrunarmálin, þar sem hafa þarf menn í haldi af því að þeir eru hættulegir eða vegna rannsóknarhagsmuna. Dómsmálaráðherra hefur stutt við þennan málaflokk eftir föngum og það ber að þakka. En fjárveitingarvaldið verður að fara að gera sér grein fyrir alvarlegri stöðu mála hér."

jss@frettabladid.is




Á ÞÍN REKSTRARHUGMYND HEIMA Í HÖRPU?

EFNT ER TIL FORVALS Á VERSLUNAR- OG VEITINGAÞJÓNUSTU Í HÖRPU, TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSINU Í REYKJAVÍK

Ago, dótturfélag Portusar, leitar að áhugasömum rekstraraðilum í húsið sem verður opnað vorið 2011. Við val á þeim verður styrkleiki vöru og þjónustu, þekking, reynsla, geta og nýbreytni lögð til grundvallar.

Forvalsgögn munu liggja frammi á skrifstofu Portusar, Austurstræti 17, 5. hæð, 101 Reykjavík frá og með föstudeginum 8. janúar.

Umsóknum ásamt fylgiskjölum skal skila á sama stað, eigi síðar en kl. 16:00, föstudaginn 29. janúar, merktum: Ago – viðskiptatækifæri: FORVAL.

Sérstök athygli er vakin á **kynningarfundi** sem verður haldinn á **Grand Hóteli í dag, fimmtudaginn 7. janúar kl. 15.** Þar verða veittar nánari upplýsingar um forvalið og forvalsgögnum dreift.

Almennar upplýsingar á: www.portusgroup.is

EIGNARHALDSFÉLAGIÐ PORTUS

ÍSLENSKA/SIA.IS/POR 48622 01/10







SIGUR
VINNST HÉR
H:N markaðssamskipti / SÍA
Fyrsti sigurinn er sigur hugans
- ég vil og ég get
Síðan skref fyrir skref, hver áfangi er mikill sigur.
Þannig vinnum við – byggjum upp fólk eins og þig
með endurhæfingu á Reykjalundi – fyrir lífsins smáu og stóru sigra.
Hugurinn er sigurafl – taktu ákvörðun tryggðu þér sigurmiða í síma 552 2150 eða á sibs.is
40 um milljónir í hverjum mánuði 2010
HAPPDRÆTTI SÍBS
... fyrir lífið sjálft
32.531 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð óbreytt 1.000 kr.

# 110% aðlögun íbúðalána

Landsbankinn býður viðskiptavinum sínum að færa íbúðalán í erlendri mynt og íslenskum krónum með einföldum hætti niður í 110% veðhlutfall af markaðsvirði eignar sinnar. Erlendum lánum er breytt í verðtryggð eða óverðtryggð íbúðalán í íslenskum krónum.

Úrræðið hentar þeim sem eru með hátt veðhlutfall á eign sinni og þurfa að lækka greiðslubyrði lánsins. Mögulegt er að lækka greiðslubyrðina enn frekar með því að lengja lánstímann.

Viðskiptavinir með íbúðalán hjá Landsbankanum geta sótt um 110% aðlögun lána sinna til 1. júlí 2010.

Lækkun höfuðstóls




m.v. 40.000.000 kr. íbúðalán í erlendri mynt, 23 ár eftir af lánstíma. 50% JPY, 50% CHF.

Breyting á greiðslubyrði




* m.v. 2% vaxtaálag og 1 mánaða LIBOR vexti

# Aðrar lausnir fyrir heimilið

## Höfuðstólslækkun íbúðalána í erlendri mynt

Viðskiptavinum Landsbankans stendur til boða höfuðstólslækkun íbúðalána í erlendri mynt. Sú lækkun felur í sér breytingu erlendra íbúðalána yfir í verðtryggt eða óverðtryggt lán í íslenskum krónum til allt að 40 ára og getur höfuðstóll þess lækkað um allt að 27%. Vextir verðtryggðra lána eru breytilegir og eru nú 4,8%. Boðið er upp á 6% fasta vexti á óverðtryggðum lánum til tveggja ára en að þeim tíma liðnum bjóðast bestu fáanlegu íbúðalánavextir bankans.

Lækkun höfuðstóls




m.v. 20.000.000 kr. lán, 37 ár eftir af lánstíma. 50% JPY, 50% CHF.

Breyting á greiðslubyrði




m.v. 20.000.000 kr. lán, 37 ár eftir af lánstíma. 50% JPY, 50% CHF.

* m.v. verðtryggt lán með 4,8% breytilegum vöxtum og jöfnum greiðslum.
** m.v. óverðtryggt lán með 6% föstum vöxtum og jöfnum greiðslum.

## Greiðslujöfnun íbúðalána í erlendri mynt

Viðskiptavinir geta óskað eftir greiðslujöfnun íbúðalána í erlendri mynt. Með greiðslujöfnun lækkar greiðslubyrðin tímabundið og óvissu vegna gengisþróunar er eytt. Lækkun á greiðslubyrði ræðst af samsetningu myntkörfunnar sem lánið miðast við en til lengri tíma litið getur greiðslujöfnun leitt til aukins kostnaðar í formi vaxta.

Breyting á greiðslubyrði




Eftirstöðvar láns í dag 51 milljón kr. Lán tekið í júlí 2007 til 30 ára. 45% EUR, 20% USD, 20% CHF, 15% JPY.

Breyting á greiðslubyrði




Eftirstöðvar láns í dag 41 milljón kr. Lán tekið í júlí 2007 til 40 ára. 50% JPY, 50% CHF ***.

*** m.v. 2% vaxtaálag og 1 mánaða LIBOR vexti.

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

# 50% endurgreiðsla vaxta

**- til þeirra sem ekki hafa nýtt úrræði vegna íbúðalána**

Til að koma til móts við viðskiptavini sem ekki hafa þurft að grípa til annarra úrræða en greiðslujöfnunar mun Landsbankinn endurgreiða 50% af vöxtum íbúðalána í íslenskum krónum sem voru til greiðslu í desember. Endurgreiðslan verður lögð inn á reikning viðskiptavina bankans í lok janúar.



## Fjárhagsleg hagræðing

Ef fjárhagsleg staða heimilisins er ekki mjög alvarleg getur nægt að endurskoða einstaka útgjaldaliði með þjónustufulltrúa í næsta útibúi.

## Endurfjármögnun skammtímalána

Viðskiptavinir geta sótt um að skuldbreyta skammtímalánum en möguleikar á skuldbreytingu eru þó háðir mati á greiðslugetu viðskiptavinar. Gefi mat jákvæða niðurstöðu er skoðað að sameina skuldir í nýja fyrirgreiðslu eða lengja lánstíma.

## Eingöngu vaxtagreiðslur í eitt ár

Viðskiptavinir geta sótt um að greiða eingöngu vexti af lánum með veði í íbúðarhúsnæði í allt að 12 mánuði. Ef lán er í vanskilum er skoðaður sá möguleiki að skuldbreyta vanskilunum.

## Tímabundin föst greiðsla

Viðskiptavinum býðst að semja við bankann um að greiða fasta greiðslu af íbúðalánum í tiltekinn tíma. Þetta léttir greiðslubyrðina og gefur svigrúm til endurskipulagningar fjármála heimilisins.

## Frysting afborgana í allt að þrjú ár

Viðskiptavinum stendur til boða að fresta afborgunum og greiðslu vaxta af íbúðalánum í allt að 3 ár að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Ekkert þarf að greiða af lánum þann tíma, en höfuðstóllinn hækkar sem nemur áföllnum vöxtum og verðbótum. Ef viðskiptavinur hefur áður fengið frystingu dregst lengd þeirrar frystingar frá. Ef lán er í vanskilum er sá möguleiki skoðaður að skuldbreyta vanskilunum.

## Frestun vegna sölutregðu

Þeir sem eru að byggja eða hafa keypt fasteign en hefur ekki tekist að selja eignina sem þeir áttu fyrir, geta óskað eftir að fresta greiðslu afborgana af höfuðstóli og vaxtagreiðslum af annarri eigninni. Þegar frystingu er aflétt bætast vextir og verðbætur við höfuðstólinn og greiðslubyrðin er umreiknuð.

## Sértæk skuldaaðlögun

Sértæk skuldaaðlögun er ætluð þeim sem eru í verulegum greiðsluerfiðleikum. Hún felur í sér samning milli kröfuhafa og lántaka til þriggja ára. Skuldir sem eru umfram 110% af virði íbúðarhúsnæðis eru felldar niður standi viðkomandi við samninginn.

## Opinber greiðsluaðlögun

Opinber greiðsluaðlögun er ætluð þeim sem hafa leitað annarra tiltækra greiðsluerfiðleikaúrræða sem eru í boði hjá lánastofnunum og sýnt fram á að þau úrræði hafa reynst ófullnægjandi.

## Kynntu þér málin vel

**Landsbankinn leggur ríka áherslu á að viðskiptavinir kynni sér vel þær fjölmörgu lausnir sem þeim standa til boða. Nánari upplýsingar er að finna á landsbankinn.is eða hjá þjónustufulltrúa í næsta útibúi.**

**Útibú Landsbankans eru opin frá kl. 11-16 í dag.**

**LAUSNIR FYRIR HEIMILIÐ** | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

ENNEMM / SÍA / NM40448

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Synjun forsetans vekur nokkrar spurningar.

## Staða forseta Íslands

**JÓN SIGURÐSSON SKRIFAR**

Nú liggur fyrir að þjóðaratkvæðagreiðsla verður um synjun forseta Íslands á nýjustu lögunum um Icesave. Stuðningsmenn beins lýðræðis fagna hverju tækifæri sem þjóðinni verður veitt til þátttöku og ákvörðunar. En þeir gera samt þessar athugasemdir við tilhögun málsins:

Í fyrsta lagi var samið við erlenda aðila án þess að nefna að málið kynni að ganga til þjóðaratkvæðis. – Í öðru lagi var málið rætt, fram til lokaafgreiðslu, án þess að athygli væri vakin á hugsanlegri synjun forsetans. – Í þriðja lagi fjallar þjóðaratkvæðagreiðslan ekki um greiðslubyrði þjóðarinnar heldur um lagalegar skilgreiningar og útfærslur, sem forðum voru nefndar júridísk spíðsfindugheit. – Þetta getur skaðað málstað beins lýðræðis.

Á síðustu árum hefur heimild forseta Íslands til að synja lögum staðfestingar ekki verið dregin í efa. Hins vegar er ástæða til að ítreka að stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands gerir ráð fyrir því að þessi heimild sé til þrautavara og ýtrustu viðlaga. Hún er ekki hugsuð til þess að gera embætti forseta Íslands að virkri miðju stjórnmálanna. Á þetta reyndi á fyrstu árum sjálfstæðisins og um þetta mun almennt sammæli.

Leiða má rök að því að synjun forsetans að þessu sinni fari út fyrir þessi mörk. Þar með hefur orðið grundvallarbreyting á stjórnkerfi Lýðveldisins Íslands. Nú er embætti forsetans orðið að brennidepli stjórnmálaátakanna í landinu. Stjórnkerfi okkar líkist nú meira en áður stjórnkerfi Frakka og því sem forðum tíðkaðist í Finnlandi.

Um það verður varla deilt að forseti Íslands er samkvæmur sjálfum sér í ákvörðun sinni. Síðastliðið haust setti hann skilyrði við staðfestingu fyrri laga um Icesave. Í sjálfu sér var það einsdæmi þá og mjög hæpið frá sjónarmiði stjórnarskrárinnar.

Nokkrar spurningar hljóta að vakna um synjun forsetans:

Er unnt að skýra það að forseti lét forsætisráðherra og þjóðina bíða heilt dægur eftir upplýsingum um ákvörðun sína – eftir að hann sagðist hafa lokið málinu af sinni hálfu? Er unnt að afsaka að forsætisráðherra fékk ekki upplýsingarnar fyrr en fréttamannafundur forsetans var hafinn?

Getur það hafa átt sér stað að forseti Íslands hafi ekki látið forsætisráðherra þegar í stað vita af því að hann hygðist synja lögunum eða væri í alvarlegum vafa um staðfestingu þeirra? Getur það hafa átt sér stað að dagar eða vikur hafi liðið með hávaðarifrildi á Alþingi og skelfingu meðal almennings en forsetinn beðið ákveðinn í að synja lögunum eða alvarlega að hugsa um slíkt og forsætisráðherra ekki fengið neitt að vita um það? Eða getur það hafa átt sér stað að forseti Íslands, þessi gáfaði, reyndi og lærði maður, hafi tekið ákvörðun sína á nokkrum dögum – en fékk þó lagafrumvarpið í hendur löngu fyrr og áður en það var lagt fyrir Alþingi?

Velunnarar Ólafs Ragnars Grímssonar spyrja sig þessara spurninga og hafa ekki fundið svör.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

LAGERSALA

• 60-80% afsláttur •

**KRAKKAR:**
**Úlpur** 4.000 kr. • **Flíspeysur** 1.500 - 3.500 kr.
Útigallar 8.000 kr.
**UNGBÖRN:**
Flíspeysur 2.000 kr. • Flísbuxur 1.500 kr. • Húfur 1.000 kr.
Sokkar og vettlingar 500 kr.
**DÖMUR & HERRAR:**
Útigallar 8.000 kr. • Flíspeysur 4.000-6.000 kr. • Buxur 3.000 kr.
Loðfóðraðar vinnuúlpur 6.000 kr. • Húfur og vettlingar 1.000 kr.

Opnunartímar Faxafen:
Mán til fös: 9-18
Lau: 11-16
Sun: 12-16

Opnunartímar Glerárgata:
Mán til fös: 10-18
Lau: 11-16

ÚTSÖLUMARKAÐUR

66° NORÐUR

Faxafeni 12 (2. hæð), 108 Reykjavík
Glerárgötu 32, 600 Akureyri
www.66north.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Undirskriftir og undirskrift

Nokkuð hefur verið rætt um áskoranalista Indefence, sem forseti Íslands hafði til hliðsjónar þegar hann vísaði Icesave-lögunum í þjóðaratkvæði. Sumir líta á áskorunina sem fullgildan og óvefengjanlegan undirskriftarlista sem forsetanum bar að taka fullt mark á. Á þeim nótum hefur leiðarahöfundur Morgunblaðsins til dæmis skrifað; hann taldi jafnvel ástæðu til að efna til lögreglurannsóknar til að hafa hendur í hári grallaraspóa sem skráðu nafn Andrésar Andar á listann að öndinni forspurðri.



Aðrir hafa fyrirvara á listanum, til dæmis Steingrímur J. Sigfússon, sem benti á í fréttum RÚV á dögunum að í undirskriftarsöfnun á netinu gerði tæknin mönnum kleift að hafa rangt við.

### Frægasta undirskrift allra tíma

Spólum nú fimm og hálft ár aftur í tímann. Þá var sams konar undirskriftasöfnun í gangi gegn fjölmiðlafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Um þann lista sagði Davíð Oddsson forsætisráðherra á Alþingi: „Mér skilst að hinn frægi undirskriftalisti sem engin undirskrift er á sé einhver disklingur sem enginn hafi fengið að sjá. Þetta er nú sennilega frægasta undirskrift allra tíma. Ég sé ekki að mikið sé hægt að gera með slíka hluti.“



### Óþarfa tæknihræðsla

Þessu svaraði Steingrímur J. Sigfússon, sem þá var í stjórnarandstöðu, um hæl. „Þótt það sé nútímatækni sem sé notuð og forsætisráðherrann kunni að vera tortrygginn í hennar garð eigum við þá ekki að reikna með að á bak við standi umtalsverður þjóðarvilji.“

Svona geta hinir pólitísku vindar snúist.

bergsteinn@frettabladid.is

## Að kaupa sér frið



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Samhengi hlutanna

Forseti Íslands telur, að ríkisstjórninni hafi ekki tekizt að sannfæra þjóðina um nauðsyn þess að staðfesta samkomulag stjórnarinnar við Breta og Hollendinga um lausn IceSave-deilunnar. Þennan skilning lagði hann til grundvallar, þegar hann ákvað að vísa IceSave-lögunum til þjóðaratkvæðis og sagði: „Skoðanakannanir benda til að yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar sé sama sinnis.“

### Forsagan

Lausn IceSave-deilunnar við Breta og Hollendinga er forsenda aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) og Norðurlanda við Ísland að kröfu Norðurlandanna. Þjóðin þarf á aðstoðinni að halda, því að án lánsfjárins, sem fylgir henni, gæti gengi krónunnar fallið enn meira en orðið er, auk þess sem hættan á greiðslufalli ríkissjóðs myndi þá aukast. Aðstoð AGS og Norðurlanda er einnig ætlað að tryggja, að Ísland geti sem fyrst endurheimt eðlilegan aðgang að erlendum lánsfjármörkuðum.

IceSave-skuldin, sem deilan snýst um, er til komin vegna þess, að ríkisstjórnir Bretlands og Hollands töldu brýnt að bæta 400.000 sparifjáreigendum tjónið, sem fall Landsbankans hefði ella valdið þeim. Bretar og Hollendingar kröfðust þess, að Íslendingar endurgreiddu þeim um helming bótafjárins. Ríkisstjórnin féllst á þessa lausn, og það gerði einnig Alþingi, fyrst með fyrirvörum, sem Bretar og Hollendingar höfnuðu, og síðan aftur eftir átta mánaða þóf með nýjum blæbrigðum, sem ríkisstjórnir landanna þriggja gátu unað við. Nú hefur forsetinn falið þjóðinni að greiða atkvæði um lögin til samþykktar eða synjunar.

Verði lögunum hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu, brestur mikilvæg forsenda AGS og Norðurlanda fyrir stuðningi við Ísland. Sú spurning vaknar, hvort Norðurlöndin dragi sig þá í hlé. Þá mun AGS eiga tveggja kosta völ: annaðhvort að hætta stuðningi við Ísland og skilja landið eftir á berangri eða mæla með hertu aðhaldi með enn harkalegri niðurskurði ríkisútgjalda og þyngri álögum á fólk og fyrirtæki en nú er gert ráð fyrir. Þetta stafar af því, að AGS hefur þegar teygt sig út á yztu nöf í lánveitingum til Íslands samkvæmt reglum sjóðsins. Dragi Norðurlöndin sig í hlé, myndast breitt fjárhagslegt bil, sem þarf að brúa. Vandséð er, að önnur lönd fáist til að fylla skarðið.

### Samhengi hlutanna

Hvers vegna skyldu Íslendingar kjósa slíkt yfir sig með því að fella IceSave-samkomulagið í þjóðaratkvæðagreiðslu? Því þarf hver kjósandi að svara fyrir sig. Andstaðan gegn samkomulaginu virðist sumpart stafa af óbeit á, að íslenzkum skattgreiðendum sé gert að axla óreiðuskuldir einkafyrirtækis, eins og það sé sjálfsagður hlutur, að brezkir og hollenzkir skattgreiðendur borgi heldur brúsann. Andstaðan virðist einnig stafa sumpart af óbeit á, að blásaklaus almenningur sé dreginn til ábyrgðar á IceSave-skuldunum, meðan bankamennirnir og aðrir, sem stofnuðu til skuldanna, hafa ekki enn þurft að sæta ábyrgð að lögum. Stöldrum við þetta.

Hefði ríkisstjórninni ekki gengið betur að sannfæra fólkið í landinu um nauðsyn þess að standa undanbragðalaust í skilum við Breta og Hollendinga, hefði hún jafnframt gert allt, sem í hennar valdi stóð til að koma lögum hratt og örugglega yfir ábyrgðarmenn hrunsins? Hefði ríkistjórninni ekki gengið betur, hefðu málsvarar hennar talað skýrt og skorinort um nauðsyn þess, að bankamenn og aðrir, sem brutu lög, séu dregnir til ábyrgðar? Hefði henni ekki gengið betur, hefði hún strax í upphafi fallizt á að fela óháðum erlendum sérfræðingum rannsókn hrunsins, svo sem háværar kröfur voru uppi um? Hefði ríkisstjórnin gert það, sem henni bar að gera, hefði fótunum trúlega verið kippt undan andstöðunni við Icesave-samkomulagið. Ríkisstjórnin brást að þessu leyti og einnig stjórnarandstaðan nær öll. Hvers vegna?

Vandinn er að verulegu leyti sá, að stjórnmálastéttin ber sjálf þunga ábyrgð á hruninu ásamt bankamönnum og öðrum. Nýjar upplýsingar Ríkisendurskoðunar um fjárframlög fyrri ára til stjórnmálastarfsemi bregða birtu á málið. Framsóknarflokkurinn, Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin þágu fjallhá framlög frá einkaaðilum árin 2002-2006. Framlögin námu að jafnaði tæpum 6.000 krónum á hvert atkvæði greitt þessum flokkum í alþingiskosningunum 2007, og var Framsóknarflokkurinn harðdrægastur. Hér eru þó hvorki talin framlög til einstakra frambjóðenda né til ýmissa félaga innan Sjálfstæðisflokksins. Stærstu einstöku framlögin voru frá bönkunum.

## Höfuðborgarsvæðið er sambýli

**UMRÆÐAN**

Hjálmar Sveinsson skrifar um borgarmál



HJÁLMAR SVEINSSON

Ákvarðanir sem stjórnvöld taka í Reykjavík, og í nálægum sveitarfélögum, hafa mikil áhrif á líf okkar og framtíð barna okkar. Það sem hefur tekist vel, nýting heita vatnsins, uppbygging leikskóla og grunnskóla, skipulag útivistarsvæða, svo eitthvað sé nefnt, vitnar um framsýni.

Því miður eru dæmi af hinu taginu of mörg. Þar hefur skammsýnin ráðið för og þjónkun við sérhagsmuni fjárfesta og verktaka. Undanfarna daga hefur komið í ljós að þeir hafa launað ríkulega fyrir sig með milljónagreiðslum til frambjóðenda og flokka. Ekki hefur bætt úr skák að smákóngar hafa blásið til samkeppni sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og hunsað allt samráð. Samkeppnin felst í því að byggja sem allra mest á sem skemmstum tíma. Við sjáum afraksturinn. Í úthverfum blasa við hálftómar blokkir og heilu hverfin með tilbúnum götum en húsin vantar. Í miðborginni gnæfa tómir turnar. Hrun á fasteignamarkaði blasir við. Sveitarfélögin eru að sligast undan milljarðafjárfestingum í hverfum þar sem enginn býr. Þau þurfa nú að fara í niðurskurð á opinberri þjónustu, meðal annars í leikskólum og grunnskólum.

Eitt mikilvægasta verkefni okkar er að koma í veg fyrir að pólitísk óstjórn undanfarin ár bitni á börnum og unglingum. Við megum ekki láta það gerast. Við skulum bregðast við erfiðleikunum með því að efla skólana og æskulýðsstarf með unglingum.

Við þurfum að temja okkur meiri heildarsýn. Borgir eru stórkostlega merkileg sambýli. Höfuðborgarsvæðið er sambýli. Það gengur ekki að sveitarfélögin hafi hvert sína skipulagsstefnu. Það hefur reynst okkur of dýrkeypt. Við eigum að binda samráð þeirra á sviði landnotkunar, byggðaþróunar, samgangna og umhverfismála í lög. Við, borgararnir, þurfum ekki á smákóngaveldinu að halda.

Við þurfum einnig að innleiða siðbót í stjórnmálin á sveitarstjórnarstiginu og í landsmálunum. Við skulum rjúfa samtryggingarkerfi fjármagns, flokka og frambjóðenda með skýrri lagasetningu.

*Höfundur býður sig fram í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík. Lengri útgáfa þessarar greinar birtist á Vísi.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

DOMO

# Restaurant

ÞINGHOLTSSTRÆTI 5



SENNILEGA ÓDÝRASTI HÁGÆÐA VEITINGASTAÐUR EVRÓPU

3ja rétta HELGARSEÐILL

kr. 4.900.-

Hádegisverðar HLAÐBORÐ

kr. 1.950.-

ALLA DAGA

Nýr MATSEÐILL á DOMO.IS

DOMO.IS

SUSHI

SUSHI TILBOÐ

30 bitar á kr. 3.500.-

50 bitar á kr. 5.800.-

60 bitar á kr. 6.900.-

100 bitar á kr. 10.000.-

Hádegispantanir þurfa að berast daginn áður

Heimsending kr. 1.000.-

SÍMI 552 5588




DOMO kitchen without boundaries

ÞINGHOLTSSTRÆTI 5 / 101 REYKJAVÍK

TEL. 552 5588 / DOMO@DOMO.IS / WWW.DOMO.IS

# Icesave er uppgjör almennings við fjármagnseigendur

**UMRÆÐAN**
Lilja Mósesdóttir skrifar um Icesave



LILJA MÓSESDÓTTIR

Umræðunni um Icesave hefur því miður verið snúið upp í spurningu um líf og dauða vinstriríkisstjórnar en ekki kjarna málsins sem er uppgjör skattgreiðenda við fjármagnseigendur. Fjölmiðlar hafa ýtt undir þennan misskilning á eðli málsins með einhliða dómdagsmálflutningi um nauðsyn þess að skattgreiðendur taki á sig skuldbindingar sem stofnað var til og skilgreindur af fjármagnseigendum. Skattgreiðendur hafa hins vegar neitað að láta afvegaleiða sig í baráttu sinni fyrir sanngjörnum samningi um Icesave skuldbindingarnar. Samningi, sem tekur mið af raunverulegri skuldastöðu þjóðarbúsins og greiðslugetu en byggist ekki á vanmati á skuldum og óraunhæfum væntingum um virkjanaframkvæmdir.

### Eignaupptaka í þágu fjármagnseigenda

Áætlanir AGS um möguleika okkar til að greiða skuldir byggja á góðri stöðu lífeyrissjóðanna og 360 þúsund tonna álversframkvæmdum. M.ö.o. AGS ætlast til þess að eignir lífeyrissjóðanna verði seldar og greiddar út til að forða ríkinu frá greiðsluþroti ef með þarf. Til þess að knýja 360 þúsund tonna álver, þarf 620 MW. Orkuveitan og HS ættu að geta ábyrgst 400 MW til slíks álvers, þ.e. ef lán fást til frekari framkvæmda. Það sem upp á vantar þyrfti því að koma frá Landsvirkjun sem lýst hefur því yfir að sú orka sem virkjuð verður í neðri hluta Þjórsár fari ekki til nýrra stóriðjuvera. Mikil andstaða er meðal landeigenda við þessar framkvæmdir og lánshæfismat Landsvirkjunar er í ruslflokki, þannig að afar ólíklegt er að farið verði í að byggja þrjár virkjanir í neðri hluta Þjórsár nema með ærnum tilkostnaði skattgreiðenda sem mun birtast í háu orkuverði. Tilkostnaði sem bæta þarf ofaná kostnað ríkissjóðs við að tryggja að fullu innistæður hvers og eins fjármagnseiganda umfram rúmar 3 milljónir(20.899 á genginu 155 Iskr.).

### Uppreisn skattgreiðenda

Andstaða skattgreiðenda við eignaupptöku fjármagnseigenda hefur lengi legið fyrir. Skoðanakannanir Capacent Gallup hafa sýnt að meirihluti þjóðarinnar er mótfallinn því að Alþingi veiti ríkisábyrgð á Icesave samninginn sem gerður var í byrjun júní á síðasta ári. Í byrjun ágúst voru t.d. 77,6% frekar eða mjög andvíg því. Afstaða þjóðarinnar til ríkisábyrgðar breytist lítið eftir að Hollendingar og Bretar breyttu samningnum til að koma til móts við fyrirvara Alþingis. Um miðjan desember sl. vildu 70% þátttakenda í þjóðarkosningu að Alþingi hafnaði ríkisábyrgðinni. Samþykkt Alþingis á ríkisábyrgðinni í lok árs 2009 hlaut því að mynda gjá á milli þings og þjóðar sem erfitt yrði að brúa án sáttagjörðar. Mikil þátttaka almennings í undirskriftarsöfnun Indefence hópsins knúði forsetann til að vísa frumvarpinu um ríkisábyrgð í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ef þjóðin hafnar frumvarpinu taka gildi lög um ríkisábyrgð sem samþykkt voru í lok ágúst með fyrirvörum Alþingis. Fyrirvarar Alþingis voru afar mikilvægt fordæmi fyrir skuldsettar þjóðar um að hægt væri að rísa upp og segja hingað og ekki lengra. Skilaboð Alþingis með fyrirvörunum voru að Íslendingar viðurkenni skuldbindingar sínar en borgi aðeins þær skuldir sem þjóðin ræður við að greiða án þess að fórna velferð komandi kynslóða.

Það er ljóst að Icesave snýst ekki um líf vinstristjórnar heldur hagsmuni íslenskra skattgreiðenda.

*Höfundur er þingkona Vinstri grænna.*


Auglýsingasími
512 50 50


– Mest lesið


# Nú er mál að linni

**UMRÆÐAN**
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir skrifar um Icesave



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Í 15 mánuði hafa íslensk stjórnvöld átt í harkalegri milliríkjadeilu við bresk og hollensk stjórnvöld vegna ábyrgðar á innlánsreikningum í útibúum Landsbankans í Bretlandi og Hollandi. Inn í þá deilu blandast óhjákvæmilega erfiður ágreiningur vegna harkalegra aðgerða breskra stjórnvalda gagnvart íslenska fjármálakerfinu þann 8. okt. 2008. Það þarf ekki mikla skarpskyggni til að sjá að gríðarlegur aflsmunur er á deiluaðilum og að þarf mikla lagni, útsjónarsemi og staðfestu til að ná hagstæðri samningsniðurstöðu fyrir Íslands hönd.

Í þá 15 mánuði sem deilan hefur staðið hefur það ekki gert íslenskum stjórnvöldum auðveldara fyrir að innanlands er hver höndin upp á móti annarri. Deilt er um hvort og þá hvaða ábyrgð íslenska ríkið beri á innistæðum í útibúum bankans í þessum löndum og svo er líka deilt um hvort og hvernig eigi að semja við bresk og hollensk stjórnvöld sem hafa þegar gengist í ábyrgðir gagnvart innistæðueigendum. Eins og í öllum milliríkjadeilum alls staðar í heiminum eru alltaf einhverjir sem sjá sér hag í því að hvetja til átaka frekar en samninga og vopnaðir réttlætisrökum reyna þeir að telja almenningi trú um að það muni skila árangri þegar til lengri tíma er litið. Hér eins og annars staðar eru þetta falsrök því eina leiðin til farsældar er að þjóðir rétt eins og einstaklingar lifi í sæmilegri sátt við sjálfa sig og aðra.

Tvær ríkisstjórnir og allnokkrir samningamenn hafa nú glímt við að leysa Icesave-málið á þessum 15 mánuðum og ennþá er það í uppnámi. Á þessum tíma hafa margir verið úthrópaðir sem vanhæfar liðleskjur af þeim sem standa álengdar og fylgjast með. Og enn eru gerð hróp að fólki. Að samningamönnum fyrir vanhæfni, að ríkisstjórninni fyrir blekkingar, að forsetanum fyrir að setja málið í uppnám, að Indefence fyrir að blekkja fólk til undirritunar, að stjórnarandstöðunni fyrir afneitun og ábyrgðarleysi. Og svo er deilt um hver sagði hvað hvenær og hver bar ábyrgð á hverju hvenær. Allir á móti öllum.

Þegar forseti Íslands ákvað að synja lögunum frá 30. des. staðfestingar reiddust stjórnarliðar en stjórnarandstæðingar kættust. Það er hvort tveggja skiljanlegt í ljósi umræðna undanfarinna vikna og mánaða. En er ekki kominn tími til að við reynum að semja um vopnahlé innanlands meðan við leiðum þessa erfiðu milliríkjadeilu til lykta? Það munu gefast næg tækifæri síðar til að taka upp innanlandsdeilurnar aftur ef menn svo kjósa. Núna verða stjórnarliðar að halda aftur af hugaræsingi sínum og stjórnarandstæðingar af meinfýsni sinni. Báðir aðilar vita sem er að það verður ekki undan því vikist að semja um lyktir deilunnar. Í því sambandi skiptir engu máli hvaða ríkisstjórn er við völd því stjórnvaldið er eitt og hið sama og verkefnin hverfa ekki þó skipt sé um flokka og fólk. Þetta ætti okkur að vera orðið ljóst. Ísland á nú þegar í fjármálakreppu og gengiskreppu og gæti staðið andspænis alvarlegri stjórnarfarskeppu ef ríkisstjórnin ákveður að standa eða falla með lögunum frá 30. desember. Það gæti orðið dýrkeypt – fyrir þjóðina alla.

*Skipa þarf pólitíska sátta- og samninganefnd og velja í hana fólk sem nýtur bæði trausts innan flokka og þvert á flokka. Þessi nefnd leggi mat á þær leiðir sem færar eru og fái fullt umboð ríkisstjórnar og þingflokka til að semja fyrir Íslands hönd.*

Þess vegna eiga stjórn og stjórnarandstaða að slíðra sverðin og sameinast um að leiða samningamálin við Breta og Hollendinga til lykta. Skipa þarf pólitíska sátta- og samninganefnd og velja í hana fólk sem nýtur bæði trausts innan flokka og þvert á flokka. Þessi nefnd leggi mat á þær leiðir sem færar eru og fái fullt umboð ríkisstjórnar og þingflokka til að semja fyrir Íslands hönd. En við megum engan tíma missa og þess vegna verður þetta að gerast strax. Hinn kosturinn er að samþykkja lögin frá 30. des. í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er hins vegar hætt við að aðdragandi þeirrar atkvæðagreiðslu og túlkun niðurstöðunnar myndi síst draga úr átökum heldur bætast í safn allra þeirra deilumála sem nú þegar geisa meðal þjóðarinnar. Og það sem við þurfum núna er friður og lausnir en ekki átök og orðaskak.

*Höfundur er fyrrverandi utanríkisráðherra.*


Miele

Með því að kaupa Miele þvottavél eða þurrkara leggur þú grunn að langtímasparnaði




Sparaðu með Miele




Miele þvottavélar eru framleiddar til að endast í 10.000 klst.

Miele þvottavélar eru allar með íslensku stjórnborði, íslenskum leiðbeiningum, stóru hurðaopi

| | | Staðgreiðsluverð |
|---|---|---|
| Þvottavél W1634 | 1400 sn/mín/6 kg/ísl. stjórnborð | 177.950 |
| Þvottavél W1714 | 1400 sn/mín/6 kg/ ísl. stjórnborð | 196.950 |
| Þurrkari T7634 | f. barka/6 kg/m. rakaskynjara | 151.450 |
| Þurrkari T7644C | m. þétti/6 kg/m. rakaskynjara | 166.660 |

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is






KOMDU Í YOGA!

12. janúar ~ Ashtanga vinyasa byrjendanámskeið
Kennarar: Ingibjörg og Jill

22. janúar ~ Vinyasa flæði byrjendanámskeið
Kennari: Gummi

13. janúar ~ Þú hefur svarið! Námskeið um meiri velgengni og ánægju, orkuna þína, minni streitu ofl.
Kennari: Ægir







Frábærir gestakennarar

**Opnir tímar** fyrir byrjendur og lengra komna

**Hot yoga** á morgnana og dagurinn verður frábær

**Hatha yoga** í hádeginu - endurnýjaðu orkuna þína

**Yoga á vinnustöðum**

**Einkatímar**

yoga shala
www.yogashala.is
Engjateig 5, 2. hæð, S. 553 0203





RISA
ÚTSALA
í Smáralind
Allt að 70% afsláttur
Útsalan í fullum gangi!
Opið til kl. 21 í dag
SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000
Smáralind



*Innilegar þakkir færum við þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Halldórs Friðrikssonar**
Smáratúni 7, Keflavík.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki heimahjúkrunar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.

**Sigríður Vilhelmsdóttir**
**Óla Björk Halldórsdóttir**
**Sigríður Björg Halldórsdóttir** **Kristján Sigurpálsson**
**Sævar Halldórsson** **Susie Ström**
**Þórunn María Halldórsdóttir** **Axel Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Þökkum innilega samúð og vinarhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Guðrúnar Elísabetar Þórðardóttur**

Starfsfólki Droplaugarstaða þökkum við ómetanlega umönnun. Með nýárskveðjum

**Þórdís Árnadóttir** **Ingvar Birgir Friðleifsson**
**Þórður Árnason** **Vilborg Oddsdóttir**
**Guðrún Ingvarsdóttir, Hildur Ingvarsdóttir, Árný Ingvarsdóttir, Elísabet Þórðardóttir.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Þóra Margrét Jónsdóttir**

andaðist á Hjartadeild Landspítalans 31. desember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 8. janúar kl. 15.00.

**Baldvin Jónsson** **Margrét S. Björnsdóttir**
**Ólafur Örn Jónsson**
**Konráð Ingi Jónsson** **Anna Sigurðardóttir**
**Helga Þóra Jónsdóttir**
**Þormóður Jónsson** **Sigríður Garðarsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



*Elskulegur maðurinn minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Þorvaldur Steingrímsson fiðluleikari**

sem lést sunnudaginn 27. desember, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík á morgun, föstudaginn 8. janúar kl. 11.00.

**Jóhanna Cortes**
**börn, barnabörn og aðrir aðstandendur.**



*Elskulegur sonur minn, bróðir og faðir,*

**Sigurgeir Snæbjörnsson**

lést á Landspítalanum 4. janúar. Útförin verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Snæbjörn Sigurgeirsson.**

**MAGNÚS MAGNÚSSON LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Það er stórkostlegt að gleymast ekki, að eignast orðstír."*

***Magnús Magnússon (1929-2007) var frægur sjónvarpsmaður í Bretlandi, þekktastur fyrir hlutverk sitt sem spyrill í þættinum Mastermind á BBC. Hann flutti á unga aldri með foreldrum sínum til Skotlands, þar sem hann bjó síðan mestalla ævi sína.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 7. JANÚAR 1942

## María í Metropolitan



María Markan (1905-1995) lagði stund á söngnám í Berlín á árunum 1928-1935 og söng á Íslandi í sumarleyfum sínum á námsárunum. María hélt fyrstu sjálfstæðu tónleika sína í Berlín árið 1935 og þótti takast einstaklega vel, en hún var talin hafa mikið raddsvið, var með háa sópranrödd en gat náð djúpum tónum. Eftir tónleikana í Berlín söng María meðal annars í óperuhúsum í Þýskalandi og Kaupmannahöfn.

Þegar seinni heimsstyrjöldin skall á flutti María til Ástralíu og síðar Kanada. María var ráðin við Metropolitanóperuna í New York 1941-1942 og varð fyrst Íslendinga til að koma þar fram í aðalhlutverki. Það gerðist einmitt á þessum degi árið 1942 en þá steig María á svið í hlutverki greifafrúarinnar í Brúðkaupi Fígarós eftir Mozart.

María var búsett í Bandaríkjunum til ársins 1955 en flutti þá til Íslands. María bjó eftir það í Reykjavík og kenndi söng.

Heimild: www.fjallkonan.is

**JÓN VÍÐIS JAKOBSSON, TÖFRAMAÐUR OG VERKEFNASTJÓRI:** ER FERTUGUR Í DAG

# Finnst gaman að gleðja aðra



**ABRAKADABRA!** Jón Víðis sýnir börnum á frístundaheimilinu Álfheimum töfrabrögð við góðar undirtektir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ætli ég geri bara ekki eitthvað töfrandi," segir töframaðurinn landskunni Jón Víðis Jakobsson glettinn, beðinn um að lýsa fyrirætlunum sínum í tilefni af fertugsafmælinu sem er í dag.

Þótt Jón hafi ekki skipulagt veisluhöld að þessu sinni segist hann vera mikið afmælisbarn í sér. „Sem dæmi um það hélt ég þrisvar sinnum upp á þrítugsafmælið mitt. Því er reyndar um að kenna að íbúðin mín er svo lítil að ég neyddist til að bjóða vinum og vandamönnum í þremur hollum," útskýrir Jón og hlær góðlátlega. Hann bætir við að sér þyki almennt gaman að gleðja aðra. „Mér finnst til dæmis voðalega skemmtilegt að mæta í afmælisveislur annarra og galdra þá gjarnan fram úr erminni eins og eina köku. Það töfrabragð nýtur mikilla vinsælda hjá veislugestum," segir Jón, sem hefur ekki síður fundið þessari þörf til að gleðja aðra farveg í starfi sínu sem töframaður.

Jón steig fyrst fram á sjónarsviðið sem töframaður fyrir tólf árum og hefur síðan þá sýnt víða, gefið út bók og haldið námskeið í tengslum við töfrabrögð. Þá var hann kjörinn fyrsti forseti Hins íslenska töframannagildis. En hvernig skyldi þessi áhugi á töfrum vera til kominn? „Algjör tilviljun réði því að ég fór út á þessa braut," svarar Jón. „Einhverju sinni var ég að sýna börnum systur minnar töfrabrögð og þau fóru að kvarta undan vankunnáttu minni. Það varð til þess að systir mín ákvað að gefa mér töfrabragðasett í jólagjöf með því skilyrði að ég myndi sýna töfrabrögð á afmælinu hennar annan í jólum. Þegar stundin rann upp bjóst enginn við neinu af mér, allra síst krakkarnir, og þannig tókst mér að koma öllum á óvart. Síðan þá hef ég ekki getað hætt," minnist hann og brosir.

Segja má að Jón hafi helgað börnum stóran hluta ævi sinnar, því auk námskeiðahalds hefur hann unnið á frístundaheimilinu Álfheimum í Hólabrekkuskóla síðustu fimm ár. Þar af sem verkefnastjóri á annað ár og líkar vel. „Þetta er frábært því ég fæ að vera barn allan daginn," segir hann og bætir við að ef sá gállinn sé á honum sýni hann börnunum nokkur töfrabrögð.

Ýmislegt er á döfinni hjá Jóni og þar ber hæst töfrasýningar og námskeiðahald í töfrabrögðum, sem njóta að hans sögn vaxandi vinsælda enda eigi töfrabrögð fullt erindi bæði til barna og fullorðinna.

roald@frettabladid.is



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Finnbogi Vikar**
Hjalla í Ölfusi,

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Ljósheimum Selfossi fimmtudaginn 24. desember síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 8. janúar kl. 13.00.

**Guðmundur K. Vikar** **Guðný Snorradóttir**
**Lilja Vikar** **Þorsteinn Hauksson**
**Erna Vikar**
**Unnur Vikar** **Friðrik Kjartansson**
**Sigrún Vikar** **Benedikt Sigurjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristín Bjarnadóttir**
Hrafnistu í Reykjavík, áður til heimilis að Óðinsgötu 15 Reykjavík,

lést sunnudaginn 3. janúar. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni mánudaginn 11. janúar kl. 13.00.

**Gunnar Þór Geirsson** **Anna Guðrún Hafsteinsdóttir**
**Bjarni Geirsson** **Þuríður Björnsdóttir**
**Jón Hróbjartsson** **Margrét Dan Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Okkar elskulegi,*

**Kristján Jón Jónasson**
frá Múla í Þorskafirði,

lést á líknardeild Landakots 4. janúar. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju föstudaginn 15. janúar kl. 13.00.

**Guðbjörg M. Kristjánsdóttir**
**Guðmundur P. Pálsson**
**Ingi B. Jónasson**
**og fjölskyldur.**



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför sonar okkar og bróður,*

**Tien Dat Tran**
Fellsmúla 6, 108 Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, laugardaginn 26. desember. Bálförin hefur farið fram að ósk hins látna. Sérstakar þakkir til lækna og starfsfólks á dagdeild blóð- og krabbameinslækninga Landspítalans við Hringbraut og starfsfólks á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Khac Thanh Tran**
**Thi Bich Thuy Nguyen**
**Hoai Nam Duc Tran**


4BLS BÆKLINGUR
JANÚAR
TILBOÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
NÝ TILBOÐ
2 VERSLANIR STÚTFULLAR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI
WINDOWS 7
MEÐ ÖLLUM NÝJUM FARTÖLVUM
9.990
Windows 7 Home Premium
UPPFÆRSLA
14.900
TIL AFGREIÐSLU STRAX
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL
500GB
LACIE HARÐDISK FLAKKARI
14.900
1TB
LACIE HARÐDISK FLAKKARI
19.900
Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur
VERÐ VÖRN
þá lækkum við okkar verð á staðnum
HVERGI BETRA VERÐ
SPILARI
MARGMIÐLUNARSPILARI
TENGIST USB FLAKKARA
720P UPSCALING
9.990
GLÆSILEG VERSLUN
BORGARTÚNI 31
REYKJAVÍK
NÝ VERSLUN
UNDIRHLÍÐ 2
AKUREYRI
Borgartún 31 Reykjavík
Undirhlíð 2 Akureyri



## GIGABYTE
### UPPFÆRSLUTURN 2

- Athlon II X2 240 Dual Core 2.8GHz
- 2GB DDR2 800MHz OCZ minni
- 500GB SATA2 16MB NCQ diskur
- 512MB ATI Radeon HD2100 skjást.
- 7.1 HD Dolby Digital hljóðkort
- HDMI, DVI, VGA og Gigabit netkort
- Vandaður 500W hljóðlátur turn

**59.900**
ÖFLUGUR UPPFÆRSLUTURN



Windows 7

## GIGABYTE
### LUXO LEIKJATÖLVA

- GIGABYTE LUXO X140 leikjaturn
- Phenom II X2 Dual Core 550 3.1GHz
- 4GB DUAL DDR2 1066MHz minni
- 500GB SATA2 16MB NCQ diskur
- 20x DVD SuperMulti skrifari
- 1GB ATI Radeon HD4670 skjákort
- Windows 7 Home Premium 64 BIT

**129.900**
ÖFLUG LEIKJATÖLVA



NÝ KYNSLÓÐ
HLAÐIN TÆKNINÝJUNGUM OG ENN GLÆSILEGRI Í BURSTUÐU ÁLHÚSI

HDMI1080i



ASUS

## 20"
### SKJÁR OG SMÁTÖLVA

Stórglæsileg borðtölva frá Asus sem er innbyggð í glæsilegan 20" HD PLUS skjá með þráðlausu lyklaborði og mús.

- Intel Atom N330 Dual Core örgjörvi
- 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 320GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 20" HD Plus 16:9 1600x900 skjár
- 256MB Nvidia ION HD skjástýring
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.0MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium

**129.900**
GLÆSILEG ASUS BORÐTÖLVA

LACIE

1080P HD SPILARI



## 1TB
### Lacinema HD 1080P

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- 1080P HD kvikmynda afspilun
- Spilar alla tónlist í DTS og Dolby HD
- Spilar beint yfir net með innb. netkorti
- Spilar af USB flökkurum/minnislyklum
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- HDMI, RCA, Optical, USB, LAN, ofl.

**59.900**
ÞESSI SPILAR ALLT!



ÁBRENNT ÍSLENSKT LETUR

## ÞRÁÐLAUST LOGITECH

Nýjasta þráðlausa settið frá Logitech með glæsilegu þráðlausu lyklaborði og mús

**9.990**
MK300 ÞRÁÐLAUST SETT



## 5000 BLUETRACK

- 2.4GHz þráðlaus 10 metra tækni
- Nano sendir geymist í músinni
- Með Microsoft Blue Track tækni
- Fyrir bæði vinstri eða hægri hendi
- Rafhlaða endist í 8 mánuði
- Stílhrein og gæsileg hönnun

**6.990**
Microsoft ÞRÁÐLAUS MÚS

SPILAR & TEKUR UPP



## 1TB
### 1080i SPILARI

- Tengist beint í sjónvarp/græjur
- Spilar kvikmyndir, tónlist, ljósmyndir
- Tekur upp beint úr sjónvarpi
- Spilar efni beint yfir net
- Spilar af öðrum USB flökkurum
- HDMI, RCA, RGB, USB, LAN, ofl.

**44.900**
500GB AÐEINS KR. 39.900



## LEIKJA HEYRNARTÓL

Glæsileg GameCom 367 lokuð leikjaheyrnartól frá Plantronics með einstökum hljómgæðum og innbyggðum innfellanlegum MIC. Þægileg og öflug heyrnartól.

**9.990**
MÖGNUÐ LEIKJAHEYRNARTÓL



## i-TRIGUE 3000 KERFI

Glæsilegt og öflugt 24W RMS 2.1 hljóðkerfi frá Creative með öflugu bassaboxi og Neo Titanium hátölurum sem eru með einstaklega tæran hljóm.

**14.900**
CREATIVE HLJÓÐKERFI

TÖLV

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900

**EMMA WATSON** er andlit tískumerkisins Burberry. Nú hafa birst auglýsingamyndir af henni fyrir fyrirtækið en athygli hefur vakið að með henni á myndunum er yngri bróðir hennar, Alex, sem er 17 ára. Hann stendur sig með prýði og ekki sakar að hann er snoppufríður.



# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447

ÚTSALA
hjá Hrafnhildi
Sími: 581 2141 - www.hjahrafnhildi.is


„Kjóllinn er frá Nakta apanum en ég er mjög hrifin af þeirri verslun," segir Eva Dögg. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Kýs grófa íslenska hönnun

**Eva Dögg Lárusdóttir, hárgreiðslukona hjá Kompaníinu í Smáraturni, þykir skemmtilegt að klæða sig upp á. Hún kýs þó grófa hönnun, og oft íslenska, fram yfir galakjóla, silki og satín.**

„Kjóllinn er frá Nakta apanum en ég er mjög hrifin af þeirri verslun því þar eru svolítið grúví föt," segir Eva Dögg Lárusdóttir, hárgreiðslukona hjá Kompaníinu, en bætir við að svarti liturinn geri kjólinn örlítið dannaðri en ella. „Skórnir eru í miklu uppáhaldi og ég hef nánast búið í þeim frá því ég keypti þá í All Saints í London í október," segir hún. Hnésokkar eru líka í uppáhaldi hjá henni svo og litríkar sokkabuxur.

Evu Dögg þykir skemmtilegt að klæða sig upp á. „Ég fer nú samt ekki í galakjóla, held mig frekar við grófa hönnun eins og í Nakta apanum eða ELM," segir Eva sem hefur gaman af íslenskri hönnun.

Við vinnuna í Kompaníinu reynir hún að vera í svörtu því efnin sem unnið er með geta aflitað fötin. „Þá get ég litað þau aftur svört," segir hún glaðlega. Hún segist stundum breyta og bæta föt sem hún á. „Ég fer hins vegar með þau til saumakonu en er sjálf með hugmyndina. Ætli ég verði ekki að læra að sauma," bætir hún við glettin. *solveig@frettabladid.is*


friendtex
DÚNDUR ÚTSALA
MIKIÐ ÚRVAL AF ELDRI FATNAÐI FRÁ KR 1000
Opnunartími
Mán. til fös. 11.00-18.00 laug. 11.00-16.00
Bonito ehf. Friendtex,
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið


IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



10.000 kr. vöruúttekt fylgir hverju heilsurúmi

20% afsláttur af öllum fylgihlutum
nema sængum, svefnsófum og iRobot

Svefn & heilsa
Fyrst og fremst í heilsudýnum

3 mán. vaxtalausar greiðslur
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virkadaga frá 10.00-18.00 lau 12.00-16.00
www.svefn.is

# ;TÍSKA



**VICTORIA BECKHAM** hefur vakið athygli sem fatahönnuður. Nú ganga þær sögur að hún muni stækka við sig og hanna fatalínu fyrir karlmenn auk kvenlínunnar sem þegar er komin á markað.

## Sú allra djarfasta

LADY GAGA FER EKKI TROÐNAR SLÓÐIR ÞEGAR KEMUR AÐ KLÆÐABURÐI OG ÞYKIR SÚ DJARFASTA Á RAUÐA DREGLINUM SÍÐASTLIÐINN ÁRATUG.

Söngkonan Lady Gaga þykir, þrátt fyrir að henni hafi ekki skotið upp á stjörnuhimininn fyrir alvöru fyrr en í kringum 2008, hafa skartað djarfasta klæðaburðinum síðastliðinn áratug og þykja fáar stjörnur hafa látið sjá sig í jafn framúrstefnulegum og oft furðulegum fötum á rauða dreglinum og hún.

Sjálf segist hún hafa gífurlegan áhuga á tísku og að tískan sé henni allt. Það hefur hún frá móður sinni sem hún segir alltaf hafa verið vel til hafða og fallega. Þá segist Lady Gaga hugsa um það þegar hún semur í hvernig fötum hún ætli að vera við flutning laganna. „Fyrir mér skiptir öllu að tónlistin, söngurinn, framkoman og fötin fari saman.“- *ve*



Klæðaburður Lady Gaga á ACE-verðlaunahátíðinni vakti athygli.

Svona mætti Lady Gaga á MTV-verðlaunahátíðina sem haldin var í september í fyrra.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Gulur með hækkandi sól

**Bottega Veneta, Louis Vuitton, Stella McCartney, Ferragamo og Zac Posen er meðal þeirra sem vilja sjá okkur klæðast gulu með vorinu.**

Helstu tískuhönnuðir heims blönduðu gulum lit einhvers staðar í fatalínur sínar þegar þeir opinberuðu vor- og sumarlínur sínar fyrir árið 2010. Guli liturinn er þá gjarnan í bland við hvítan en þeir litir í bland verða heitasta heitt þetta vorið. *- jma*



Kvenleikinn er alltaf í fyrirrúmi hjá Salvatore Ferragamo.



Svokallaður „mjaltastúlkukjóll“ frá Bottega Veneta, en samkvæmt Vogue verður slíkt kjólasnið vinsælt árið 2010.



Sixtísgulur frá ameríska tískuhönnuðinum Zac Posen.

NORDICPHOTOS/GETTY



Gult fer ekki síður vel við ljósgráa tóna eins og Louis Vuitton sýndi á sýningarpöllunum í París í haust.



Undursamlega fallegur kjóll í hvítu og gulu frá Ítölunum hjá Bottega Veneta. Gult veski ætti líka að duga vel við hvítu vordressin.



Gulir tónar eru ekki nýir fyrir Lacoste og bregst gula litapallettan ekki í ár frekar en áður.








dömu/herra belti
Flex kr. 22.900,- Nú kr. 18.393,-
Flex Max kr. 27.900,- Nú kr. 22.409,-
System kr. 33.900,- Nú kr. 27.228,-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

TRIND
Avallt No 1



Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com
Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir

Frábær vara á góðu verði
Heilstæðar kremlínur fyrir þig
- Q10 fyrir húð sem er að byrja að eldast
- Lift- fyrir eldri húð
- Margar nýjungar í boði



DeBa
Sölustaðir: Apótek og snyrtivörudeildir

Fimm vikna saumanámskeið hjá Vogue í Mörkinni 4 hefst þriðjudaginn 19. janúar.
Kennt er frá kl: 19:00-22:00.
Námskeið sem hentar bæði byrjendum og þeim sem eru lengra komnir.
Verð: 20.000 kr.
Langar þig að skapa þér þinn persónulega stíl?
Vogue
20% afsláttur á efnum í verslun Vogue á meðan á námskeiðinu stendur.
Fleiri upplýsingar er að finna á: www.vogue.is eða í síma: 533 3500.



ÚTSALAN HAFIN
30%-50%
afsláttur af útsöluvörum



Flott föt fyrir flottar konur, belladonna Stærðir 40-60.
Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460 • Fax: 517-6465
www.belladonna.is

# Íþróttafatnaður

Sérblað • fimmtudagur 7. janúar 2010



























adidas

**Herra hlaupabolur**

adidas
Supernova LS Tee
Síðerma
Blár



adidas

**Herra hlaupaskór**

adidas
Supernova Glide



adidas

**Dömu hlaupabolur**

adidas
Supernova LS
Tee W
Síðerma
Blár



adidas

**Dömu hlaupaskór**

adidas
Supernova Glide W






Bjarki segir að í flestum íþróttagreinum skipti miklu máli að velja sér skó við hæfi. Hlaupaskórnir séu vinsælastir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sérhönnuð íþróttaföt fyrir allar greinar

**Bjarki Magnússon hjá Adidas á Íslandi segir breitt vöruúrval vera eina helstu sérstöðu fyrirtækisins í íþróttafatnaði.**

„Ein helsta sérstaða Adidas á markaðnum er þetta breiða vöruúrval sem við bjóðum upp á. Það skiptir litlu hvort viðkomandi spilar fótbolta, er í dansi, lyftingum eða hverju sem er. Adidas á alltaf vörur sem henta og eru sérhannaðar fyrir íþróttina,“ segir Bjarki Magnúsarson, sölumaður og markaðsstjóri hjá Adidas á Íslandi.

Að sögn Bjarka er líkamsrækt jafn vinsæl hjá landanum og endranær, en meiri fjölbreytni gætir en áður. „Það er auðvitað misjafnt hvað hentar hverjum og einum og vöruúrvalið okkar tekur mið af því þar sem mismunandi fatnaður og skór henta hverri íþróttagrein.“

Bjarki segir þátttöku í hlaupum af flestu tagi hafa aukist gríðarlega upp á síðkastið. „Það sést vel á gamlárshlaupi ÍR þar sem þátttakendum hefur fjölgað úr þrjú hundruð í þúsund á tveimur árum og sömu sögu er að segja af öðrum almenningshlaupum. Í hefðbundinni líkamsrækt eins og hlaupi, lyftingum og fleiru er er mikilvægt að vera í þægilegum fötum sem anda vel. Í öðrum greinum eru öðruvísi áherslur, til að mynda í jóga þar sem aðalatriðið er að fötin séu mjúk og teygjanleg,“ segir Bjarki.

Hann segir einnig mikla vakningu hafa orðið í danslíkamsrækt ýmiss konar og sérstakar vörulínur fylgi því. „Þar er oft um að ræða föt sem við fyrstu sýn líta ekki endilega út fyrir að vera íþróttaföt en búa samt yfir nauðsynlegum eiginleikum. Dálítið svona „So You Think You Can Dance“-útlit,“ segir Bjarki og vísar þar í heiti sjónvarpsþáttarins vinsæla.

Spurður um vinsælustu litina í íþróttafatnaði um þessar mundir segir Bjarki það afar mismunandi eftir greinum. „Í þessum hefðbundnari líkamsræktargreinum eru skærir og tærir litir mjög vinsælir, eins og túrkis-blár og skærbleikur. Þegar út í jógað og dansinn er komið vill bregða við að litirnir séu dempaðri og dimmari, en það er allur gangur á þessu.“

Bjarki bendir einnig á að í flestum íþróttagreinum skipti miklu máli að velja sér skó við hæfi. „Algengast er að fólk kaupi sér hlaupaskó, hvort sem það er í ræktinni eða úti að hlaupa. Þeir leyfa fætinum að hreyfast eðlilega við íþróttaiðkun og eru mjög þægilegir. Við bjóðum líka upp á sérhannaða skó fyrir dans og fleiri greinar, en hlaupaskórnir eru alltaf vinsælastir. Áherslan hjá Adidas er alltaf að hjálpa hverjum íþróttamanni að ná árangri í sinni grein, sama hver hún er. Það á ekki að skipta nokkru máli hvort viðkomandi ætlar að hlaupa einn kílómetra eða setja heimsmet.“

# Afar stuttar stuttbuxur

Í mörgum íþróttum hefur þróunin orðið sú að að liðsbúningarnir hafa orðið æ víðari, enda eru íþróttamenn meiri um sig en áður var.

Árið 2007 ákváðu leikmenn Los Angeles Lakers í NBA-körfuboltadeildinni bandarísku að bregða á leik og klæðast eftirlíkingum af búningum frá því tveimur áratugum fyrr, 1987, í leik gegn erkifjendunum í Boston Celtics. Vakti uppátækið mikla athygli og þótti mörgum hetjurnar líta heldur hjákátlega út í níðþröngum og örstuttum stuttbuxunum.

Í ljós kom að leikmönnum Lakers þóttu stuttbuxurnar hamlandi og skiptu því yfir í víðari buxur í hálfleik. Það reyndist ekki nóg og Lakers tapaði leiknum.



Hér er Kobe Bryant, helsta hetja Lakers, í stuttu stuttbuxunum sem færði liðinu enga gæfu gegn Celtics.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmaður auglýsinga:** Hlynur Steingrímsson hlynurs@365.is s. 512 5439



Rapparinn 50 Cents töff með derhúfu.

NORDICPHOTOS/GETTY



Missy Elliot er þekkt fyrir áhuga sinn á Adidasfötum og er hér í fjólubláum flauelsjakka með kvartermum.

Snoop Dogg hefur sjálfur hannað fatalínu. Hér er hann í þægilegum íþróttagalla.

# Rappað í joggingbuxum

**Rapp er óumdeilanlega tengt íþróttafötum traustum böndum enda þægilegir jogginggallar kjörnir til að skekja hendur og fætur í takt. Rapparar á borð við Snoop Dogg og Jay-Z sjást æ oftar í klassískum jakkafötum með bindi og tilheyrandi. Þeir hafa þó ekki að fullu losað sig frá hinni vel þekktu rapparahefð að klæðast íþróttafatnaði. Einkum eru derhúfurnar áberandi og varla hægt að sjá menn á borð við Eminem og 50 cents án slíks höfuðbúnaðar. Hér eru myndir af nokkrum röppurum á góðri stundu.** *- sg*



Klassískur klæðnaður: Sixpensari, kvartbuxur og sportsokkar.

GETTY/NORDICPHOTOS



Payne Stewart (1957-1999) er sá kylfingur sem er talinn hafa átt stærsta safn íþróttafatnaðar meðal atvinnumanna í golfi. Stewart var vinsælt viðfangsefni ljósmyndara sökum klassísks klæðaburðar síns á golfvellinum. GETTY/NORDICPHOTOS

# Snyrtimennska skilyrði

Líkt og í öðrum íþróttum gilda sérstakar reglur um klæðaburð í golfi og er snyrtimennska í hávegum höfð þar. Hans Guðmundsson, hjá igolf.is, segir að mönnum sé hreinlega meinað að stíga fæti inn á golfvelli erlendis fylgi þeir ekki settum reglum.

„Kylfingar mega ekki leika í stuttbuxum sem eru þröngar í mittið, gallabuxum eða stuttermabolum án kraga,“ segir Hans. „Víða erlendis er gerð krafa um að þeir klæðist hnébuxum með vösum, pólóbol og derhúfu eða skyggni. Að auki er þeim sums staðar ekki hleypt inn á völl nema í golfskóm, stundum með áföstum pinnum sem gera mönnum kleyft að halda betur jafnvægi í sveiflu.“



Körfuboltahetjan Michael Jordan í klassískum golffatnaði. NORDICPHOTOS/AFP

Hans bætir við að þeir sem gangi lengst í snyrtimennskunni klæðist gjarnan klassískum golffatnaði. „Hann samanstendur af sixpensurum, hnésíðum buxum og uppháum sokkum. Þessi fatnaður á rætur að rekja til Skotlands og getur verið ansi litríkur. Ég er að minnsta kosti viss um að menn sjást sjaldan í bleikum buxum og bol í stíl annars staðar en á golfvellinum.“ *- rve*


adidas

**Herra stuttermabolur**

adidas
Core Performance
Move Tee
Blár





adidas

**Herra stuttbuxur**

adidas Core
Performance Move
Short
Svartar



adidas

**Dömu bolur**

adidas Dance Tee
Hvítur



adidas

**Dömu síðbuxur**

adidas
Dance Kickpant
Svartar



Björn Sveinbjörnsson á allt til alls í íþróttafatnaði og -búnaði enda með íþrótta- og útivistardellu á háu stigi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Íþróttadella á háu stigi

Fáir ef nokkur Íslendingur á jafn mikið af íþróttafatnaði og Björn Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri NTC. Sjálfur segist Björn vera mikill öfgamaður í öllu sem hann tekur sér fyrir hendur og þar séu fatakaup engin undantekning.

„Ég hef stundað íþróttir um langt skeið þannig að stór hluti af fatnaðinum hefur safnast upp í gegnum árin. Svo er ég á kafi í alls konar sporti í dag, veiðum, líkamsrækt, golfi og mótorsporti og þarf að eiga fatnað við öll tækifæri og helst margt af hverju,“ viðurkennir Björn og kveðst eiginlega vera í vandræðum með að finna not fyrir allan búnaðinn. „Það eru náttúrlega ekki nema ákveðið margir dagar sem hægt er að stunda ákveðið sport, eins og til dæmis veiðar, þannig að sumt nýtist auðvitað minna en annað.“

En er þetta ekki dýrt áhugamál? Ekki neitar Björn því. „Það er náttúrlega með það eins og mörg áhugamál að þau eru kostnaðarsöm.“ *- rve*



Brasilíski hnefaleikakappinn Lyoto Machida, sem er vinstra megin á myndinni, drekkur alltaf eigið þvag áður en hann fer í hringinn. Hann telur að í því felist mikil hreinsunaráhrif.



Tennisstjarnan Serena Williams gætir þess að reima skóna sína á ákveðinn hátt áður en haldið er á völlinn og hefur verið í sömu sokkunum í gegnum heilt mót. NORDICPHOTOS/AFP



Hafnaboltaleikmaðurinn Wade Boogs var svo hjátrúarfullur að það jaðraði við áráttuhegðun. Eitt af því sem hann gerði var að skrifa alltaf hebreska orðið Chai, sem merkir líf, í sandinn á vellinum rétt fyrir leik.



Kanadíski íshokkíleikmaðurinn Patrick Roy skautaði alltaf aftur á bak í áttina að marki eigin liðs í upphafi hvers leiks. Hann taldi það færa sér og liðinu gæfu.



Michael Jordan klæddist ávallt stuttbuxum merktum Háskólanum í Norður-Karólínu innanundir búningi sínum á meðan hann spilaði með Chicago Bulls. Hann taldi buxurnar hafa ótvíræð áhrif á gott gengi liðsins í NBA-deildinni.

Eirberg

Fjölþrepa bakbrettið



- Eykur sveigjanleika
- Linar bakverki
- Bætir líkamsstöðu
- Auðvelt í notkun
- Má nota hvar sem er

Verð: 7.950 kr.



Opið virka daga frá kl. 9 -18 og laugardaga til jóla kl. 11-16

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

# Bleik handklæði og *skítugir sokkar*

Hjátrú af ýmsu tagi virðist gjarnan loða við heim íþróttanna og eru dæmi um að íþróttamenn telji að lukkugripir af ýmsu tagi geti haft áhrif á frammistöðuna. Sumir klæðist til að mynda síendurtekið treyjum, buxum eða öðrum fatnaði úr sigurleik og enn aðrir ganga svo langt að þvo ekki fötin einu sinni á milli leikja af ótta við að draga úr áhrifunum. Margar af helstu íþróttahetjum heims viðurkenna að vera hjátrúarfullar og íslenskir íþróttamenn virðast engin undantekning. *- rve*



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ég fer alltaf fyrst í vinstri skóinn fyrir leik og gangi mér vel klæðist ég sama íþróttatoppnum næst. Þetta er auðvitað vitleysa því gott sjálfstraust skiptir öllu,“ segir Greta Mjöll Samúelsdóttir, hjá knattspyrnufélagi Breiðabliks.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Hér áður fyrr hélt ég lengi vel í bleikt handklæði eftir gott gengi í leik. Ætli helsta hjátrúin nú sé ekki fólgin í því að fylgja alltaf sömu rútínu fyrir leik,“ segir Jónas Grani Garðarsson, leikmaður knattspyrnufélags HK.



„Við bróðir minn Guðmundur klæddumst alltaf Barcelona-treyjum innan undir fyrir mikilvæga leiki í þeirri trú að það færði okkur gæfu. Ég er nú löngu hættur að trúa á svoleiðis rugl,“ segir Ásgeir Gunnar Ásgeirsson hjá knattspyrnufélagi FH.

Gefðu vatn

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is



Stella McCartney hannar kvenleg íþróttaföt með pífum og rykkingum og þykir hafa ferskar áherslur.

Sean John Combs hannaði eigin íþróttafatalínu árið 1998.



Jennifer Lopez hannaði íþrótta- og götufatnað undir nafninu Sweetface um nokkurra ára skeið.

# Stjörnurnar hanna

Þær eru ófáar stjörnurnar sem hafa spreytt sig á fatahönnun og það skal engan undra enda tísku- og skemmtanaiðnaðurinn nátengdur. Af þessum stjörnum hafa þó nokkrar sett á markað sérstakar íþróttalínur.

Rapparinn Sean John Combs sem margir þekkja betur undir nafninu P. Diddy hafði lengi gælt við tískuiðnaðinn og lét langþráðan draum verða að veruleika árið 1998 þegar hann kom á fót íþróttalínu undir nafninu Sean John. Línan fékk góðar viðtökur og hlaut P. Diddy meðal annars CFDA-verðlaunin sem besti fatahönnuður ársins 2004.

Söng- og leikkonan Jennifer Lopez setti á fót eigin fata- og fylgihlutalínu undir nafninu JLO árið 2001. Tveimur árum seinna bjó hún til sérstaka íþróttalínu sem fékk nafnið Sweetface. Hún seldist vel allt fram til ársins 2006 en var lögð niður síðastliðið vor þó JLO-línan sé enn í sölu víða um heim.

Árið 2004 gerðu Adidas og breski fatahönnuðurinn Stella McCartney með sér samning og hefur McCartney hannað kvenlínu fyrir íþróttavöruframleiðandann síðan. Í henni má sjá pífur, rykkingar og nýstárleg efni og þykir hún hafa komið með ferskar áherslur inn í íþróttavöruframleiðsluna.

Madonna tók höndum saman við H&M 2007. Hún hannaði kjóla, nærföt og íþróttaföt undir merkinu M by Madonna og þótt línan hafi verið tekin úr sölu þá þykir henni hafa tekist vel til. *- ve*

# Léttleikinn í fyrirrúmi

**Nike leggur áherslu á léttan íþróttafatnað sem heldur svita frá líkamanum.**

Léttleiki einkennir æfingalínuna frá Nike en fötin eru öll úr svokölluð Dry Fit-efni sem hefur þann eiginleika að halda svita frá líkamanum. „Þannig haldast flíkurnar ferskari og þær klístrast síður sem gerir úthald til æfinga betra,“ segir Drífa Pálín Geirs, svæðisstjóri Nike hjá Útilíf.

Hún segir mikilvægt að eiga góða skó, buxur og bol þegar um er að ræða tímaíþróttir eins og leikfimi og jóga og að vörurnar frá Nike séu léttar og skemmtilegar. Þá segir hún mikilvægt fyrir konur að eiga góðan íþróttatopp. „Í æfingalínunni okkar erum við með topp sem kemur alltaf aftur og aftur en hann heldur vel við bakið og er með góðri teygju undir brjóstunum. Toppurinn helst kyrr og er þannig úr garði gerður að enginn núningur verður undir brjóstunum eins og oft vill verða.“

Drífa segir buxurnar margar með svokölluðu Loose Fit-sniði en þær eru ekki eins þröngar og íþróttabuxur hafa verið að undanförnu. Þær eiga það þó langflestar sameiginlegt að vera svartar. „Það er helst að fólk taki gráar bómullarbuxur en þær eru ekki hugsaðar til íþróttaiðkunar heldur frekar heima við.“



Dríta segir íþróttafólk kaupa Dry fit Nike-föt í miklum mæli enda haldist þau óbreytt þrátt fyrir mikla notkun og þvotta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dríta hefur starfað hjá Nike um margra ára skeið og beðin um að greina frá ríkjandi tískustraumum segist hún verða vör við að bolir og peysur séu að síkka og það eigi til dæmis við í nýju jógalínunni frá Nike. „Mér finnst það jákvæð þróun enda þá hægt að teygja sig og beygja án þess að vera með bert á milli.“

Dríta segist hafa orðið vör við vakningu í hreyfingu og útivist að undanförnu og er ekki frá því að kreppan hafi með það að gera. „Það hefur orðið sprenging í hlaupum enda um að ræða ódýra hreyfingu auk þess sem hjólreiðar tóku mikinn kipp í sumar. Á þessum árstíma er síðan allt vitlaust að gera eins og venjulega og fólk að kaupa hentug föt í ræktina.“


Nike æfingatoppur
7.990 kr.
kemur í svörtu og hvítu



Nike stuttermabolur
8.490 kr.
kemur í svörtu og bleiku



Nike „Be True“
Loose Fit æfingabuxur
10.990 kr.
fást aðeins í svörtu



Nike
Aerobic-skór
„Steady VI Leather“
12.590 kr.
fást aðeins í svörtu



ÚTILÍF



Heilgallar, dökkbláir með rönd á hliðinni urðu íþróttaföt allrar fjölskyldunnar um tíma.

# Spandexgallar og mittisbelti

**Íþróttaklæðnaður almennings gengur að sjálfsögðu í gegnum tískubylgjur rétt eins og hversdags- og spariklæðnaður. Fatnaður kvenna og karla hefur breyst mikið frá því að konur voru í hálfgerðum blússum og ljósum hnébuxum úr svipuðu efni í stíl um miðja öldina. Þá má fara að sjá konur í hálfgerðum ballettbúningum í leikfimi. Við bolina voru þær ýmist í nælonhnésokkum eða -sokkabuxum. Þegar áttundi áratugurinn rann upp urðu bolirnir ermalausir og efnisminni og háir upp á hliðunum. Við þá var farið að nota ennisbönd, legghlífar og belti þvert yfir mittið. Karlmannsíþróttaföt voru lengi vel mun þrengri en þau eru í dag og þá sérstaklega karlmannsstuttbuxur.** *- jma*



Karlmenn í kringum 1970 voru oft í hvítum, þröngum íþróttafötum.



Morgunleikfimi í útvarpssal árið 1962. Eins og sjá má voru nælonsokkar og -sokkabuxur mikið notuð í leikfimi á þessum árum. LJÓSMYNDASAFN/365



Jónína Benediktsdóttir, íþróttafrömuður og athafnakona, í leikfimistísku ársins 1984, stödd á þolfimisýningu á Broadway. LJÓSMYNDASAFN/365



Konur voru lengi vel klæddar sem þessi við íþróttaiðkun – í blússu og stuttum buxum í stíl.




Nýtt ár – ný markmið

Ný námskeið hefjast 11. janúar

Unglinganámskeið 12.vikur

Stúlkur 12-16 ára 3x í viku/Hraun
Stúlkur 12-16 ára 3 x í viku/Vellir
Drengir 12-16 ára 3x í viku/ Vellir Verð kr. 29.990.-

Námskeiðin eru niðurgreidd af Hafnarfjarðarbæ og er aðgangur að sundmiðstöðinni innifalinn.

Warm Vinyasa Yoga 7.vikur

Yoga flæði sem gefur hita, styrk og svita. Kröftugir tímar þar sem hitinn fer í allt að 30 gráðum. Námskeið kl. 16.30 Ásta María Verð kr. 16.990.-

Stott Pilates 7.vikur

Stott pilates tímar sem liðka, styrkja og endurnæra líkama og sál. Námskeið kl. 17.30 Shirley Lavy Verð kr. 23.990.-

Tilboð 1 Vinaklúbbur. Verð aðeins kr. 4.590.- binditími 12 mánuðir.

Tilboð 2 50 árskort á aðeins kr. 46.990.- Verð án afsláttar er kr. 58.990.-

Flottir tækjasalir og mögnuð tímatafla. Hot Yoga, Les Mills tímar, stöðvaþjálfun, hjólatímar, boxbrennsla, hádegistímar, morguntímar ofl. ofl. Frábærir kennarar.

Opið hús og lokadagur tilboða 9. janúar

Skráning og nánari upplýsingar í símum 565 2212 og 565 2712
Aðgangur að sundmiðstöðinni fylgir öllum æfingakortum.

ÁSMEGIN HRESS

Dalshrauni 11 og Ásvöllum 2
220 Hafnarfjörður
hress@hress.is www.hress.is




● **ÍÞRÓTTABRJÓSTAHALDARAR ALLAN DAGINN** Læknar, og þá sérstaklega lýtalæknar, sem fá konur til sín í brjóstalyftingar, segja að íþróttabrjóstahaldara ætti ekki einungis að nota í ræktinni. Konur með barm sem þarfnast stuðnings þurfa ekki einungis á stuðningnum að halda í leikfiminni heldur er ekki síður nauðsynlegt að barmurinn njóti góðs stuðnings allan daginn og þar standa góðir íþróttabrjóstahaldarar hvað fremst í flokki brjóstahaldara.



● **MEÐ VASA FYRIR GELBRJÓST** Sérstakir sundbolir fyrir konur sem hafa farið í brjóstnám eru fáanlegir í verslunum. Þeir eru með vasa fyrir gelbrjóst og sniðið er eilítið frábrugðið því sem algengast er, til dæmis ná þeir aðeins hærra upp á bringuna en margar aðrar tegundir og eru með örlítið þrengri handveg.

„Það er alltaf eftirspurn eftir svona sundbolum, ekki bara hjá þeim sem hafa farið í brjóstnám heldur öðrum líka því þeir styðja svo vel við brjóstin," segir Guðbjörg Hjálmarsdóttir, verslunarstjóri í Sigurboganum á Laugavegi 80, en hún er ein þeirra sem selja þessa tilteknu boli. Þeir fást einnig í Eirbergi á Stórhöfða 25, Stoð að Trönuhrauni 8 í Hafnarfirði og ef til vill víðar.




Goran Micic íþróttafræðingur hjálpar þér að ná líkamlegum og huglægum framförum og stíga örugg en einföld skref í átt að bættri heilsu.

Kenndir eru 5 tímar á viku og kemst takmarkaður fjöldi að. Þáttakendur fá persónulega næringaráðgjöf hjá Goran og ráðgjöf við matarinnkaup. Boðið er upp á frítt herðanudd í pottum eftir hverja æfingu.



## Vilt þú:

- Efla orku þína og komast í form?
- Léttast og bæta meltinguna?
- Styrkja ónæmiskerfið og heilsuna?
- Koma jafnvægi á hormónana?
- Auka andlega vellíðan?
- Bæta minni og einbeitingu?

## Þitt er valið:

| 4 vikna námskeið | 6 vikna námskeið | 8 vikna námskeið |
|---|---|---|
| Verð án matartösku: **29900.-** | Verð án matartösku: **39900.-** | Verð án matartösku: **49900.-** |
| Verð með matartösku: **49900.-** | Verð með matartösku: **69900.-** | Verð með matartösku: **79900.-** |

Námskeiðið hefst 11. janúar og er hægt að greiða það með léttgreiðslum til þriggja mánaða. Skráðu þig núna!

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | www.grandspa.is

GrandSpa

# Sundfatnaður í aldanna rás

Elstu heimildir um notkun sundfatnaðar eða réttara sagt baðfatnaðar má rekja til daga Pompei þegar konur huldu nekt sína með klæðum sem líktust helst bikiní, eins og það leit út á 7. áratug síðustu aldar. Þegar fólk fór í auknum mæli að ferðast og stunda baðstrendur samhliða því um miðja 18. öld fóru konur í sjóinn klæddar sérsniðnum kjólum og menn í fatnaði sem minnti á föðurland. Allt fram til upphafs 20. aldar var áhersla lögð á að sýna sem minnst af holdi. Upp úr 1920 fóru flíkurnar hins vegar að verða efnisminni og síðan þá hefur almennt meira frjálsræði gætt í sundfatatísku á Vesturlöndum. *- rve*



Sundfatnaður er nú ívið efnisminni en í upphafi þegar konur syntu um í síðkjólum.



Svona leit sundfatnaður út í upphafi þriðja áratugarins.



Tískan gengur í hringi. Sundbolir með gamaldags sniði hafa verið vinsælir í seinni tíð.

NORDICPOTOS/GETTT





**● FJÖLBREYTTIR** J Eftir að frægasti körfuboltamaður sögunnar, Michael Jordan, hafði slegið í gegn á sínu fyrsta tímabili í bandarísku NBA-deildinni um miðjan níunda áratuginn sá íþróttavöruframleiðandinn Nike sér leik á borði og gerði gríðarlega ábatasaman auglýsingasamning við leikmanninn. Liður í samningum var framleiðsla á körfuboltaskóm sem bera nafn og ásjónu Jordans. Skórnir, Nike Air Jordans, hafa æ síðan notið vinsælda og hefur ný útgáfa af þeim litið dagsins ljós á hverju ári, jafnvel eftir að Jordan hætti keppni í NBA.

Eins og títt er með vinsælar íþróttavörur hafa Jordanskórnir birst í ýmsum myndum í gegnum tíðina. Meðal þeirra eru skór með mynd af Bandaríkjaforsetanum Barack Obama og athyglisverð kvenmannsútgáfa með háum hælum. Ekki fer sögum af vinsældum þessara ákveðnu útfærslna.

**● ÚR ÆFINGAFÖTUM Í PARTÍGALLA** Íþróttagallar voru fyrst hugsaðir utan yfir æfingaföt en síðar meir fór fólk að nota þá í frístundum. Árið 1964 hóf Adidas að framleiða íþróttagalla með þremur röndum á hliðunum sem nutu vinsælda. Það var hins vegar ekki fyrr en upp úr 1970 sem farið var að líta á þá og aðra íþróttagalla sem tískufyrirbæri. Á 8. áratugnum komu síðan svokallaðir krumpugallar fram á sjónarsviðið en þeir voru búnir netfóðri og glansandi nælon- og políesterefni. Gallarnir eru einkennandi fyrir eitís-tímabilið og þóttu hin bestu partíklæði.







# Þitt átak á nýju ári

Ný átaksnámskeið í Hress hefjast 11. janúar

**Innifalið í átaksnámskeiði:**
Árangur, hreysti, þol, styrkur, vellíðan, fræðsla, vigtun og mælingar í skemmtilegum félagsskap. Ótakmarkaður aðgangur að öllum opnum tímum, tækjasölum og sundmiðstöð.

**Stott Pilates**
Námskeið hefjast 11. janúar
Kl. 17.30 3 x í viku

**Krefjandi átak**
Framhaldsnámskeið
Kl.18.30 3 x í viku



**7 vikna konu átak**
Kl. 6.05 3 x í viku
Kl. 9.15 3 x í viku
Kl.17.30 3 x í viku
Verð kr. 23.990.-
Korthafar kr. 11.990.-

Krefjandi átak, framhaldsnámsk. Kl.18.30 3 x í viku



**7 vikna karla átak**
Kl. 18.30 3 x í viku
Verð kr. 23.990.-
Korthafar kr. 11.990.-

Grafika 09

**Skráning og nánari upplýsingar í símum 565 2212 og 565 2712**
**Aðgangur að sundmiðstöðinni fylgir öllum æfingakortum.**

ÁSMEGIN Sjúkraþjálfun
HRESS
Dalshrauni 11 og Ásvöllum 2
220 Hafnarfjörður
hress@hress.is www.hress.is



## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
**Bergþór Bjarnason skrifar frá París**

# Fimm vikna veisla

Að vanda hófust útsölur í París í gær, fyrsta miðvikudag eftir áramót. Það verður þó að segjast eins og er að sífellt fleiri þjófstarta útsölunum hér í landi en þær eru bundnar í lög um verslun og viðskipti og einungis heimilar í fimm vikur vetur og sumar. Fjöldi verslana hefur boðið upp á alls konar afslátt frá því á laugardag og sumar þeirra seldu hreinlega á útsöluverði til valinna viðskiptavina, settu peningana eða ávísanirnar á góðan stað og slógu svo öllu inn í kassann í gær. Svo er það netið sem er í stöðugri sókn og tekur sífellt stærri hluta af versluninni.

Stóru verslunarhúsin í París leggja mikið upp úr að útsölur takist vel og í gær var einn allra stærsti verslunardagur ársins hjá þeim ef ekki sá stærsti. Vetrarvörur eru dýrari en sumarvörurnar og því vega vetrarútsölur þyngra í veltunni. Sum verslunarhúsin voru opnuð klukkan hálf átta með því að bjóða upp á kaffi og croissant en aðrir létu sér nægja að byrja klukkan átta. Eitt er þó öllum sammerkt, hvort sem um er að ræða smáverslanir, stóru magasínin eins og Printemps og Galeries Lafayette eða tískuhús, alltof mikið er eftir af vetrarvörunum. Einstaklega hlýtt og gott haust var heldur ekki til að örva verslun og nú þarf að bjarga því sem bjargað verður. Meira að segja gríðarlegir vetrarkuldar sem nú leika landsmenn grátt og hafa gert með hléum frá því fyrir jól, hafa ekki dugað til þess að bjarga árinu.

Efnahagskreppan hefur einnig breytt hegðun fólks, til dæmis eru nú margir sem kaupa sem minnst fyrir jól til þess að geta gert góð kaup í janúar. Aðrir óska sér peningagjafa um jól til þess að geta gert sér dagamun nú. Endalausir tilboð, svo og hinar svokölluðu fljótandi útsölur sem voru fyrir nokkru innleiddar hér og gefa verslunum tækifæri til að halda útsölu í eina viku utan venjulegs útsölutíma, til að losa sig við vörur sem ekki ganga, rugla menn einnig í ríminu. Afleiðingar af þessu eru þær að nú veit fólk varla hvenær það á að versla, af ótta við að kaupa köttinn í sekknum ef það lætur slag standa. Tilboð og afsláttur hlýtur að vera á næsta leiti og því sé betra að bíða.

En það spilar fleira inn í. Til að koma franska bílaiðnaðinum til hjálpar setti ríkisstjórnin á sérstakan tímabundinn skattaafslátt til þeirra sem endurnýjuðu bíla sína á síðasta ári. Nú er þessi afsláttur ekki lengur í boði og fataframleiðendur vonast eftir því að 2010 verði ár fataskápsins en ekki bílskúrsins eins og 2009 og að nú takist að snúa við átta prósenta samdrætti síðasta árs. Jafnvel búast kaupmenn jafnvel við uppsveiflu.

Ég óska lesendum og landsmönnum heilla og hamingju á nýju ári.

*bergb75@free.fr*

# Bera af í klæðaburði

Á LISTA VOGUE YFIR BEST KLÆDDU KONUR ÁRSINS 2009 ER AÐ FINNA GAMALKUNNUG NÖFN Í BLAND VIÐ NÝ.

Tískuspekúlantar tískutímaritsins Vogue hafa kveðið upp sinn dóm um best klæddu konur ársins 2009 og þykja tuttugu fönguleg fljóð bera af. Þar á meðal er að finna kunnugleg nöfn eins og Kate Moss, Siennu Miller, Söruh Jessicu Parker, Angelinu Jolie og Michelle Obama.

Fleiri smekkkonur komast þó á blað og má þar nefna Audrey Tautou sem fór með hlutverk Coco Chanel í myndinni Coco Before Chanel og Diane Kruger sem þótti skarta fögrum klæðum við kynningu á mynd sinni Inglourious Basterds. Þá þykir Anna Friel sem fer með hlutverk Holly Golightly í Breakfast at Tiffany's hafa afar góðan smekk. *- ve*



Diane Kruger þótti smart við kynningu á Inglourious Basterds.

Audrey Tautou leikur tískuhönnuðinn margrómaða Coco Chanel.


ÚTSALA



MARIA LOVISA
FATAHÖNNUÐUR
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 6B
SÍMI 562 6999
Skór frá GULL Í GRJÓTI
Skólavörðustig 4

Útsalan er hafin
40% afsláttur
IANA
Laugavegi 53 • s. 552 3737
Opið mánudag til föstudag 10-18, laugardag 10-17

heilsuhúsið
Ný námskeið að hefjast í janúar - Nánari upplýsingar á www.heilsuhusid.is



Viltu breyta mataræðinu til batnaðar, en veist ekki hvar þú átt að byrja?
INGA KRISTJÁNSDÓTTIR, næringarþerapisti D.E.T. leiðir ykkur í allan sannleikann um hversu auðvelt það er í raun að breyta mataræðinu til batnaðar!
Miðvikudaginn........13. janúar
þriðjudagurinn........19. janúar
þriðjudagurinn........26. janúar
Innifalin er mappa með uppskriftum og fróðleik
Farið verður með einföldum hætti yfir:
• Hvernig við getum náð stjórn á blóðsykrinum!
• Hvernig verðum við okkur úti um þau næringarefni sem líkaminn þarfnast!
• Hvernig við getum auðveldlega öðlast meiri orku, vellíðan og heilbrigði!
Staðsetning: Heilsuhúsið Lágmúla kl. 19:30 - 22:00
Upplýsingar og skráning í síma 899 5020 eða á eig@heima.is
Námskeiðsgjald kr. 4.400,-

30 daga hreinsun á mataræði
Frábært tækifæri til að byrja núna að axla ábyrgð á eigin heilsu!



DAVÍÐ KRISTINSSON næringar- og lífsstílsþerapisti heldur fyrirlestur í Heilsuhúsinu um 30 daga hreinsun á mataræði.
Fimmtudaginn ..........14. janúar Heilsuhúsið Akureyri kl. 20 - 22
Miðvikudaginn..........20. janúar Heilsuhúsið Lágmúla kl. 20 - 22
Miðvikudaginn..........27. janúar Heilsuhúsið Lágmúla kl. 20 - 22
Um 400 manns hafa lokið 30 daga hreinsun með mjög góðum árangri!
Fyrirlesturinn hjálpar þér í átt að bættum lífsstíl. Þú nærð jafnvel af þér 5 -10 kg. á 30 dögum. Þú kemst að því hvað í mataræðinu er að valda þér vandamálum eins og orkuleysi, þreytu, blóðsykursvandamálum, gigt, sykursýki, vöðvabólgu o.fl. auk þess sem líkami þinn, fæðuval og neysla kemst í betra jafnvægi. Aðgangseyrir kr. 6.900 kr.
Glæsileg handbók fylgir með öllum upplýsingum sem þarf!
Upplýsingar og skráning í síma 864 9155 eða davidkr@simnet.is
Nánari upplýsingar á vefslóðinni www.heilsuthjalfun.is

ÚTSALA



30-70% afsláttur
Kjólar áður ~~14990~~
Nú 7990
Kápur og úlpur áður ~~19990~~
Nú 11990
Peysur áður ~~7990~~
Nú 3990
FLASH
Laugaveg 54, sími: 552 5201

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið



**SAFNBÚÐ MOMA** er líkt og flestar verslanir hér heima með útsölu nú í janúar. Þeir sem eru ekki á ferðalagi um New York þennan mánuðinn geta gert góð kaup á völdum hlutum í netverslun safnsins: www.momastore.org



Hulunni svipt af diski.

# Afhjúpuð keramik

**Undir fínu hvítu keramiki leynist rósótt mynstur ef marka má listakonuna Beccy Ridsdel.**

Bollastell bresku leirlistakonunnar Beccy Ridsdel er líklega af svolítið öðrum toga en þau sem til eru á heimilum ömmu og Önnu gömlu frænku.

Ridsdel fetar veg milli klassískrar keramiklistar og skurðstofutækni en diskar hennar og bollar eru á þann veg að hún virðist hafa flett ofan af þeim efsta laginu til að sýna skrautlegt mynstur.

Nánar má skoða list Ridsdel á vefsíðunni www.beccyridsdel.co.uk/



Fallegur rósóttur diskur.




"teg. 21255 - mjúkur og flottur í BCD skálum á kr. 3.950,- buxur í stíl kr. 1.950,-"



"teg. 62304 - glæsilegur í BC skálum á kr. 3.950,- buxur í stíl kr. 1.950,-"

MISTY

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178, 105 R
sími 551-3366 - **www.misty.is**
opið mán-fös 10-18, lau 10-14




Fæstir nota diskarekka í dag en margir slíkir eru til á heimilum enda hafa þeir gengið í arf frá ömmu og afa. Slíka rekka er til dæmis hægt að breyta í bókahillu í barnaherberginu.

**www.martha-stewart.com**


enskafyriralla.is

Enskuskóli Erlu Ara

Auglýsir enskunám í Hafnarfirði fyrir byrjendur og lengra komna með áherslu á tal

Verð 24 þúsund fyrir 10 vikur (20 kennslust) - Styrkt af starfsmenntunarsjóðum

Þú ert velkomin í heimsókn og tekur ákvörðun eftir fyrsta tíma hvort þú viljir taka þátt!

Skráning stendur yfir í síma 891 7576 og erlaara@simnet.is



Bjóðum einnig námsferðir til Englands fyrir fullorðna og unglinga




Hafsteinn Júlíusson vöruhönnuður hefur verið búsettur á Ítalíu síðastliðin tvö ár og lagt stund á mastersnám í Mílanó. Hann útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands vorið 2008. Skrifað hefur verið um hönnun hans í tímarit og dagblöð víða um heim, nú síðast í breska dagblaðinu Telegraph. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Risapöntun á íslensku snakki frá Rússlandi

**Skartgripir Hafsteins Júlíussonar hafa vakið heimsathygli undanfarið, og greinar birst í dagblöðum og tímaritum. Snakk, sem er í þróun en þó ekki enn komið á markað, virðist ekki síður ætla að slá í gegn.**

Snakkið sem ber heitið „Slim chips“ er í raun ætt þunnt frauð, með bragði og því nær algerlega hitaeiningasnautt. Án þess að vita hvort hægt væri að framleiða slík matvæli þróaði Hafsteinn Júlíusson vöruhönnuður til að byrja með hugmyndina að snakkinu.

Hugmyndin virðist þó ætla að eiga upp á pallborðið því nú þegar hefur pöntun borist frá Rússlandi þar sem pantaðir voru um 100.000 pakkar af Slim chips. Hafsteinn sá sér því þann kostinn vænstan að reyna að koma hugmyndinni í framleiðslu og svara eftirspurnum sem einnig hafa borist frá Mið-Austurlöndum, Kína og fleiri löndum.

„Maður reynir auðvitað að vera með báða fætur á jörðinni og taka öllu með fyrirvara en þessi áhugi fyrir snakkinu hefur samt orðið til þess að ég hef farið í þróun á vörunni með íslensku fyrirtæki. Ég var ekki viss einu sinni hvort hægt væri að framleiða eitthvað af þessu tagi,“ segir Hafsteinn.

Þróun á vörunni stendur yfir og Hafsteinn vonast til að hún geti farið á markað fljótlega. „Ég var frekar hissa á þessum mikla áhuga fyrir snakkinu en hugmyndin kviknaði upphaflega þegar ég fór að spá í snakk og nammi og af hverju fólk sækir í að borða það, því oftar en ekki er maður ekki svangur þegar maður nartar í þetta. Ég komst að þeirri niðurstöðu að slíkt væri líklega að einhverju leyti félagsleg athöfn. Þannig gæti pappír, eða einhvers konar frauð, allt eins dugað til slíks áts en frauðið sem snætt er er hitað í ofni. Þetta er svolítið fyndið, að vera kannski að fara út í það að flytja út fulla gáma af lofti.“ *julia@frettabladid.is*





Snakkið Slim chips verður framleitt hér heima en efniviðurinn í það kemur frá Frakklandi. MYND/ÚR EINKASAFNI

# *Baas valinn hönnuður ársins*

**Hinum unga hollenska hönnuði Maarten Baas hlaust sá heiður nýverið að vera útnefndur hönnuður ársins 2009 á hönnunarsýningu í Miami.**

Hollenski hönnuðurinn Maarten Baas var valinn hönnuður ársins 2009 á hönnunarsýningunni Design Miami sem haldin var í Miami í Bandaríkjunum í byrjun desember.

Baas er aðeins 31 árs og hefur ungur aldur hans vakið nokkurt umtal enda algengara að þeir sem hljóti nafnbótina hönnuður ársins séu á mun virðulegri aldri. Í mati dómnefndar kom fram að þrátt fyrir ungan aldur hefði Baas breytt gangi hönnunarsögunnar og að verk hans hefðu breytt viðhorfi safnara til nútímahönnunar.

Baas vakti fyrst athygli fyrir safn muna undir nafninu Smoke en þeir voru útskriftarverkefni hans. Þrír af munum hans úr Smoke línunni hafa verið framleiddir af hinu fræga hönnunarfyrirtæki MOOOI.

Þeim sem vilja kynna sér nánar verk Baas er bent á síðuna www.maartenbaas.com.



Ljósakróna úr Smoke-línunni.



Tréstóll í líki gömlu plastgarðstólanna.



Sófi úr línunni Smoke.

# 500GB
## HDMI EDITION • 1080i

Nýi Argosy HDMI marmiðlunarspilarinn er með 1080i upscaling sem skilar enn betri myndgæðum á venjulegum kvikmyndum, spilar af öðrum flökkurum og USB lyklum

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Spilar kvikmyndir í meiri gæðum
- Spilar og geymir alla tónlist
- Ljósmynda SlideShow með tónlist
- Spilar beint af öðrum flökkurum með USB
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- HDMI, RCA, RGB, USB ofl. tengi

**29.900**

1TB AÐEINS KR. 36.900




# MP490
## FJÖLNOTAGRÆJA

- Prentar, ljósritar og skannar
- ChromaLife100+ ljósmyndatækni
- 1200dpi A4 hágæða skanni
- 1.8" litaskjár sýnir myndir og aðgerðir
- Hægt að prenta beint af minniskortum
- Prentar 8.5 bls á mín í sh og 4.8 í lit
- 100% jaðarprentun á allt að A4

**14.900**

ÖFLUG FJÖLNOTAGRÆJA




# 2010
## INTERNET SECURITY

- Vírusvörn og öflug vírusleitarvél
- 20% hraðvirkari Trend 2010 leitarvél
- Öflugur eldveggur ver heimanet
- Ver þráðlausa netið gegn árásum
- Vörn gegn ruslpósti og Spyware
- Aðgangstýring barna á netinu
- Má setja upp á 3 tölvur

**4.990**

MEST SELDA VÍRUSVÖRN Á ÍSLANDI




# 1TB
## LACIE FLAKKARI

- 1TB LaCie hágæða flakkari
- Nýi Grand diskurinn frá Lacie
- 33% hraðvirkari með USB Boost
- Nær hljóðlaus viftulaus hönnun
- Sparar orku og slekkur á sér sjálfur
- Sjálfvirkar afritunarstillingar
- Höggvarið glæsilegt álhús

**21.900**

FLOTTASTI FLAKKARINN Í DAG




# 22"LCD
## BENQ FULL HD LCD SKJÁR

Stórglæsilegur 22" LCD FULL HD 1080P skjár frá Benq með 1920x1080 upplausn og Senseye 3 Glossy tækni sem tryggir enn meiri skerpu og ótrúlegri litadýpt.

- 22" FULL HD 1080P 16:9 LCD skjár
- 50000:1 skerpa og Senseye 3 Glossy
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI HDCP, VGA og 4xUSB2 tengi
- Ótrúleg dýpt og háskerpu litir
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**36.900**

HVERGI BETRA VERÐ!




# 250GB
## RIKIKI FLAKKARI

- 250GB LACIE hágæða flakkari
- 33% meiri hraði með USB boost
- Örsmár í lófa og aðeins 158gr.
- Þarf ekki straumbreyti
- Öryggis- og afritunar hugbúnaður
- Höggvarið og glæsilegt álhús

**14.900**

SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND




# LIFE
## CAM SHOW HD

- 2.0MP TRUE HD myndflaga
- Örsmá og örþunn vefmyndavél
- Sjálfvirkur 5x Zoom aðdráttur
- Innbyggður stafrænn MIC
- Hnappur fyrir Videospjall
- Sérstaklega hönnuð fyrir MSN

**12.900**

Microsoft VEFMYNDAVÉL




# 24"
## LED SKJÁR

- 24" FULL HD 1080P 16:9 LED skjár
- 5000000:1 skerpa og Senseye
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- HDMI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Ótrúleg dýpt og háskerpu litir

**59.900**

BenQ FULL HD LED SKJÁR

VUTEK

| Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



# VX800
## LIFE CAM

- Vefmyndavél á ótrúlegu verði
- Einstaklega einföld í notkun
- Sjálfvirkur 4x Zoom aðdráttur
- Innbyggður stafrænn MIC
- Hnappur fyrir Videospjall
- Glæsileg hönnun og gæði

**2.990**

Microsoft VEFMYNDAVÉL




# 7"
## MYNDARAMMI

- 7" Vibrant TFT LCD skjár
- Birtir JPEG og BMP myndir
- 720x480 hágæða upplausn
- 128MB minni, kortalesari&USB
- 1100 mAH hleðslurafhlaða
- Snertihnappar og svartur rammi

**12.900**

STAFRÆNN MYNDARAMMI

4BLS BÆKLINGUR



CU224

# TJ65

## FARTÖLVA Á TILBOÐI

Ein öflugasta fartölvan í dag með öflugu GeForce G105 Hybrid-SLI leikjaskjákorti, 15.6” HD LED skjá og alla nýjustu tækni

- Intel Dual Core T4300 2.1GHz
- 4GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6” HD LED DiamondView 1366x768
- 512MB GeForce G105M skjákort
- 300Mbps þráðlaust net og Bluetooth
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

SENDUM FRÍTT ALLAR FARTÖLVUR

Sendum fartölvuna strax hvert á land sem er

Kemur næsta virka dag ef pantað er fyrir 12:00

packard bell

**149.900**

ÖFLUG FARTÖLVA Í LEIKINA

HVERGI BETRA VERÐ

AU205



packard bell

# TJ65

- Intel Dual Core T4300 2.1GHz
- 3GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6” HD LED DiamondView 1366x768
- 512MB Intel X4500HD skjástýring
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 32-BIT

**134.900**

PACKARD BELL Á BETRA VERÐI



5410

ÖRÞUNN OG FISLÉTT

acer

# 5534

- AMD Athlon TF-20 1.6GHz
- 3GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 250GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6” HD LED CineCrystal 1366x768
- 512MB ATI Radeon HD3200 skjást.
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium

**99.900**

ACER FARTÖLVUR Á BETRA VERÐI

HVERGI BETRA VERÐ



VERÐ VÖRN

Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur

Þá lækkum við okkar verð á staðnum

acer

1462

# 5542

## FARTÖLVA Á TILBOÐI

Öflug og stórglæsileg fartölva frá Acer með alla nýjustu tækni og 15.6” HD CineCrystal skjá fyrir enn betri myndgæði.

- Athlon Dual Core X2 M300 2.0GHz
- 4GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6” HD CineCrystal 1366x768 skjár
- 512MB ATI Radeon HD4200 skjást.
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**119.900**

MEST SELDA ACER FARTÖLVAN!

# LANDSINS MESTA ÚRVAL AF FARTÖLVUM



VERÐ FRÁ 54.900 LANDSINS MESTA ÚRVAL

WINDOWS 7 9.990 MEÐ ÖLLUM FARTÖLVUM

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30

Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

## Önnur þjónusta

**Blekhylki.is**

Ódýr blekhylki og tónerar í HP, Dell, Brother, Canon og Epson send samdægurs beint heim að dyrum eða í vinnuna sjá nánar á Blekhylki.is

# KEYPT & SELT

## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Óskast keypt

**Motor sport**



**GSM Þjófavarnir með myndavél**
Eigum aðeins eftir 7 stk af seinni sendingu. Í sumarbústaði, á heimili og fyrirtæki. Innifalið gasskynjari, hurðaskynjari, hreyfiskynjarar og 2 fjarstýringar. Sendir viðvörun og myndir í GSM síma og tölvu. Einnig getur þú fylgst með því sem er að gerast. Verð áður 69.000.- Verð nú 49.000.-



**Þjófavarnirnar komnar aftur!**
Nú einnig hægt að fá með reykskynjara. Þú velur 3 símanúmer sem þjófavörnin hringir í ef brotist er inn hjá þér. Eigum alla aukahluti. Verð 23.900.- Nú á 19.900 án/reyksskynjara.

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**
**www.motorogsport.is**

Óska eftir að kaupa DVD diska, PS2 leiki og vínyl hljómplötur. Uppl. í s. 698 8629.

Kaupi frímerki, umslög, póstkort og seðla. Fyrir 1960. Uppl. í síma 691 7794.

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!**
**www.kaupumalltgull.is**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13,**
**Verið velkomin**

**Borð og pylsupottur**
Óska eftir að kaupa 8 borð, 70x70 fyrir veitingastað og pylsupott. anna. kristina@internet.is

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 4/4 stærð 15.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 39.900.- Þjóðlagagítarpakkar frá 19.900.- Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 79.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Til bygginga

Til sölu álmót 86 lm. Byggingak. 22 lm. Traktorsg. Cat 438. Tilb. S. 865 2954.

Fallegt nýtt hornbaðkar st. 150x150cm fæst á sanngjörnu verði. Góður afsláttur! Uppl. í s. 665 0228 & 899 8986.

Krossviður, kambstál, gips og fl. Uppl. í s: 555 7905 og www.ulfurinn.is




## Verslun

**Stærri limur betri limur**
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
**bathmate.is**



Útsalan í fullum gangi
30-50% afsláttur .
Emilía Bláu húsin Faxafeni
s: 588-9925 www.emilia.is

# HEILSA

## Heilsuvörur




**ÓKEYPIS RÁÐGJÖF Í ÞYNGDARSTJÓRNUN!**
Hringdu núna, Drífa 695 8464, Pétur 772 1035 Katrín 699 6617.

Mér finnst Herbalife vera best. Ótrúlegur árangur, Hjálpumst að. Sólrún Ósk s: 891 9883 www.heilsufrettir.is/solosk.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu fríían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

VILTU GRENNAST? OG LÁTA ÞÉR LÍÐA BETUR ? EKKERT DUFT EÐA PILLUR. SENDU OKKUR EMAIL EF ÞÚ HEFUR ÁHUGA - TOPPARANGUR@GMAIL.COM

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

**Árangur næst með Herba**
Hringdu núna, Margrét S. 699 1060.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NÝTT NÝTT NÝTT DREAM OASIS**
NUDD: Heilln.,Svæðan., Slökunarn., Ayurvedan., Heitsteinan., Tibet loftn., Hunangsnudd., Detox, Skrúbb, Pottur, Sólbekkir. Símar 567-6666 og 862-0941.

Fullkomið nudd. Uppl. í s. 662 0841.

## Þjónusta

**Er andlega orkan á þrotum?**
Miðlun og heilun vinnur á sorg, kvíða, verkjum og streitu. Tímapantanir Guðrún 695 5480.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Kenni á Ford Focus tdci disel '07 Uppl. í s. 892 9490 & 557 9387, Guðný I. Einarsdóttir.

## Kennsla



Harmonikukennsla hafin. Innritun í s. 690 7424 eftir hádegi.



**Tónskóli Guðmundar**
Innritun í nám á píanó, gítar, harmonikku og þverflautu. Kennsla hefst 11. janúar. Tónskóli Guðmundar S: 822 0715 & 567 8150 Hagaseli 15, 109 Rvk.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

Gullfallegir hreinræktaðir Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 690 8091. 123.is/viking

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**STAY APARTMENTS**

**STAY APARTMENTS - VIKULEIGA**
Vikuleiga á vönduðum stúdíó íbúðum og stærri íbúðum í 105 Rvk. Studio íbúðir frá 25.000 kr. 2ja-3ja. herb. frá 35.000 kr. www.stay.is s: 517 4050.

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**
**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl.**
**Uppl/info í S. 824 4535.**
**www.leiguherbergi.is**

65 fm 2ja herb. íbúð í hverfi 111. Uppl. í 8612310

Nýleg 32m2 studióíbúð miðsvæðis í Hafnarfirði „Flatarhrauni" við Iðnskólann. Eldhúskrókur og baðherbergi, húsaleigubætur fást á þessa íbúð. Sameiginlegt þvottahús á hæðinni m. þvottavél og þurrkara!! Upplýsingar í s:699-5595 milli 16:00 og 18:00

Furnished room for rent (13sqm) in 105. All bills included 30.000 kr. Tel. 662 2993.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

ROOM f/RENTw/FURNITURE IN 108 NEAR KRINGLA AND IN 109 AND 111 BREIÐHOLT 8973611

Rúmott herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 773 3182.

Stór 3ja herbergja íbúð, með stórri verönd og bílskúr og Hfj. Laus strax. Uppl. í s. 891 6768

Stúdíóíbúðir í hverfi 101. Skammtímaleiga/langtímaleiga. Uppl. í s. 568-1848/691-4050. alla virka daga.

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

Stúdíóíbúðir í hverfi 101. Skammtímaleiga/langtímaleiga. Uppl. í s. 568-1848/691-4050. alla virka daga.

**NULL**
Til leigu 93 fm, 4 herbergja íbúð í Mávahlíð. Laus strax. Húsgögn geta fylgt. Langtímaleiga. 150 þús á mán. Upplýs. í síma 862 9670.

Stúdíóíbúð í Mörkinni / Vogahv. ca 40 fm. V. 56 þ. Eldri en 25 ára, barnlaus. F. reglus. einstakl. S. 898 7868 milli kl. 13-16.

í 105 RVÍK ERU HERB.TIL LEIGU M/ HÚSG. 8-20FM.V/ FRÁ 35.000 Á MÁN. LEIGUTÍMI FRÁ EINNI VIKU EÐA LENGUR. SJÁ WWW.HOTELFLOKI.IS. BJARNI S.660-7799

Stúdíóíb. til leigu í Kópavogi. . Nýl. innr. m. sérinng. Leitum að traustum, reglus., leigj. með meðmæli. Nánar: gylfi.th@gmail.com eða s:8644420

## Húsnæði óskast

Fimm manna fjölskylda óskar eftir húsi eða góðri íbúð til leigu í vesturbæ Kópavogs. Langtímaleiga. S. 858 0156

Óska eftir 60-90fm góðu húsi til flutnings sem hægt er að nýta sem heilsárshús. Staðgreitt. s. 896-1814

Stelpa óskar eftir góðu herb. eða stúdíóíbúð til að taka á leigu. Uppl. í s. 860 3948.

## Sumarbústaðir



**Þrastahólar Grímsnesi**
Snyrtilegt og nýstandsett 58fm sumarhús á góðri 5.500 fm eignarlóð. 100 fm sólpallur. Verðlækkun 11,9. Skoða skipti á bíl eða hjólhýsi. Uppl. í s: 898 1598.

## Atvinnuhúsnæði



**Melabraut-hagstæð kaup**
Til sölu mjög gott 140 fm endabil í þessu húsi. Innkeyrsludyr og góður salur. Skrifstofa og kaffistofa. Getur losnað fljótlega. Hagstætt lán áhvílandi og lítil útborgun. Mjög gott verð. S. 895-2049.

Geymslu, Lager og/eða Skrifstofuhúsnæði í Ármúla. 694 3113, leiga.armuli@gmail.com

ATH TIL LEIGU 70M2 NÝL IÐNAÐARBIL 3M HURÐ WC GOTT AÐGENGI VERÐ 85ÞÚS. S. 892 7858.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Þjónustuauglýsingar
















**ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS ALLA FIMMTUDAGA.**
**HAFÐU SAMBAND VIÐ SÖLUMANN Í S. 512 5407**

## Gisting

GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Fjarðarbakarí Hafnarfirði**
Óskar eftir starfsmönnum í verslun nú þegar. 2 störf í boði vinnutími 06-13 og 12-19. Starfslýsing: Afgreiðsla og skráning pantana. Viðkomandi þarf að vera jákvæður, stundvís og snyrtilegur. Umsóknir sendist á sjofn@fjardarbakari.is

vinna.is
Umsækjendur – kíkið inn á www.vinna.is
Skráning er umsækjendum að kostnaðarlausu.



**Ert þú fyrirsæta?**
Á kanínunni (The Purple Rabbit) bjóðast íslenskum konum allskonar mögu-leikar til að hagnast á fegurð sinni og kynþokka. ATH: Nú leitum við sérstaklega að smekklegum en svolítið djörfum klippum og videómyndum. Kynntu þér málið. PurpleRabbit.is

**STARFSMAÐUR Í TÖLVUDEILD MARGMIÐLUN**
Öflugt fyrirtæki óskar eftir að ráða stafsmann í tölvudeild til að sinna spennandi verkefnum í ólíkri starfsemi.

Viðkomandi þarf að geta uppfært heimasíður, aðstoðað við uppsetningu auglýsinga, sinnt birgðamálum og verið innan handar við flest það sem lítur að tölvumálum í fyrirtæki.

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu og/eða menntun á sviði tölvumála en allir skapandi og dugmiklir einstaklingar koma til greina. Við leitum að öflugum aðila til að vinna með skemmtilegum hópi.

Umsóknir sendist á: thjonusta@365.is ásamt ferilskrá, farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

**Atvinna**
Óska eftir íslenskumælandi starfsmanni vönum matreiðslu, einnig starfsmann í sal. Æskilegur aldur 28+ Upplýsingar í síma 894 0292.

**Leikskólinn 101**
Leikskólinn 101 sem er einkarekinn 2ja deilda ungbarnaleikskóli. Óskar eftir að ráða leikskólakennara/leiðbeinanda í 100% stöðu. Æskilegt sé að umsækjandi sé íslennskumælandi, samviskusamur og ekki yngri enn 25 ára. Umsóknir sendist á leikskólinn101@simnet.is

**Starfsfólk óskast í heimaþjónustu**
Heima er best leitar eftir starfsfólki í hlutastörf sem felast í aðstoð til aldraða og fatlaða. Umsækjendur þurfa að vera eldri en 25 ára og með hreint sakavottorð. Umsóknir og fyrirspurnir berist til erla@heb.is. Heima er best, www.heb.is.

Kol ehf - hringjum út

**Kvöld- og helgarvinna**
Kvöld- og helgarvinna. Tímakaup og bónusar. Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til úthringinga! Hringdu núna í síma 550 3610 kol@kol.is

**STÖRF.IS**
Leitaðu á meðal rúmlega 400 atvinnuauglýsinga. Leitin hefst hjá okkur.

**Cafe Óliver**
óskar eftir að ráða yfirmann í eldhús. Umsóknir í síma 821 8500, Arnar eða arnar@cafeoliver.is (Góð íslenska skilyrði).

Tryggingamiðlun Íslands auglýsir eftir úthringjurum til starfa á kvöldin. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Uppl gefur Gísli í 893-7074 og gisli@tmi.is

Líkamsnuddarar óskast, reynsla ekki nauðsynl. Hreinlæti skilyrði. Hafa samb. unadsnudd@gmail.com

Sódóma og Bar 11 óskar eftir dyravörðum, ekki yngri en 20 ára eða eldri en 40 ára. S. 695 5676 milli kl. 13-17.

**Smurbrauð og smáréttir**
Vanan og hugmyndaríkan starfsmann vantar í eldhús á kaffihús í hálfdagsstarf. Uppl. í s. 661 7976

## Atvinna óskast

Háskólamær óskar eftir starfi t.d. barnapössun, þrif o.fl. Laus eftir kl. 13 virka daga og um helgar. Er reglusöm, ábyrg og heiðarleg S: 770 7470.

**Barnapössun**
Kona 35.ára óskar eftir vinnu við að passa börn. Hafa samband eftir 19 til 22.Pálína 615 3140

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

The Purple Rabbit

The Purple Rabbit (kanínan, kanínuvefurinn) er vefur fyrir fólk með ævintýraþrá. Hvernig leikfélaga leitar þú? Notaðu kanínuna til að koma þér og þínum óskum á framfæri! Slóðin er: PurpleRabbit.is.



Stefnumót.is er vandaður og siðprúður vefur fyrir fólk á öllum aldri sem vill kynnast með félagsskap, vinskap eða varanleg kynni í huga. Vefurinn er gjaldfrjáls. Vertu velkomin/n.

**Til kvenna:**
Konur sem vilja kynnast karlmönnum með kynf. ævintýri í huga nota Rauða Torgið Stefnumót til að ná sambandi við réttu mennina. Kona, þú auglýsir og vitjar skilaboða frítt í s. 555-4321



Á Rauða Torginu Stefnumót er fjöldi nýrra auglýsinga frá fólki sem býður upp á eða leitar að tilreytingu og ævintýrum, en líka frá fólki sem leitar varanlegra kynna. Konur auglýsa frítt í s. 555-4321, karlar, hommar, lesbíur og pör í s. 535-9923. Auglýsingar má heyra í s. 905-2000 og 535-9920. www.raudatorgid.is

**Símadömur 908 1616**
Er ykkur kalt? Við verðum við. Hringdu í uppáhalds dömuna þína. Við bíðum eftir þér!

908 1616.

## Tilkynningar

**Svæðisskipulag Miðhálendis Íslands 2015, breyting á norðurhluta Kröflusvæðis og suðurhluta Gjástykkis í Skútustaðahreppi**

Samvinnunefnd miðhálendis hefur samþykkt breytingar sem opna fyrir rannsóknir á jarðvarma, með í huga stækkun orkuvinnslusvæðis í Kröflu og vegna fyrirhugaðrar orkuvinnslu í Gjástykki. Breytingin fellur að og er í samræmi við svæðisskipulag háhita í Þingeyjarsýslum.

**Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu nefndarinnar www.halendi.is**

*Óskar Bergsson formaður*

## Fasteignir


EIGNAMIÐLUN Reykjavík
Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali
Frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins
Félag Fasteignasala
Sími: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • www.eignamidlun.is

**NÝTT HÚS Í SÖLU Á ARNARNESHÆÐINNI**
**MALTAKUR 3**
**– GLÆSILEGAR FULLBÚNAR ÍBÚÐIR**





FYRSTIR KOMA - FYRSTIR FÁ - Stórglæsilegar og vel hannaðar 2ja og 3ja herbergja fullbúnar íbúðir á frábærum stað á Arnarneshæðinni. Íbúðastærðir eru frá 81 – 123 fm. Íbúðirnar eru afhentar með fallegu eikarparketi á gólfum. Fallegar innréttingar úr eik og innihurðir í stíl. Gert er ráð fyrir ríkulegri lýsingu í loftum aðalrýmis íbúðarinnar. Í húsinu, sem er aðeins tveggja hæða, eru 14 íbúðir í tveimur stigahúsum og er húsið klætt viðhaldslítilli klæðningu. **Verð frá 18,7 - 27,5 millj.** 5289

# Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!




Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir **91%** lesenda blaðanna

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.




Allt sem þú þarft...

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán. til lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára.
Heimild: Blaðakannanir Capacent maí-okt. 2009.





# Ó nei! Ég er fáviti!

**BAKÞANKAR**
**Dr. Gunna**



Óþægileg sannindi hafa verið að læðast aftan að mér upp á síðkastið. Svo virðist nefnilega vera að ég sé fáviti. Allir sem ég þekki eru fávitar því allir Íslendingar eru fávitar og fáráðlingar, illa innrætt pakk, sofandi tækifærissinnar og svo framvegis. Þetta er allavega það sem merkir menn hafa verið að tyggja hver upp eftir öðrum síðustu vikurnar. Ástæðan fyrir klandri þjóðarinnar er fundin: Fávitaskapur.

**OG SVO** virðist sem við höfum alltaf verið fávitar. Ein kenningin er sú að Íslendingar séu komnir af alræmdu skítapakki – einhvers konar fornaldar hvítþyski – sem var rekið frá Rómaveldi á sínum tíma vegna almennra ömurlegheita. Skítapakkið, forfeður okkar, kom sér fyrir í Noregi, en þar entist dvölin ekki lengi því skítapakkið átti ekki samleið með hinum frómu Norðmönnum. Því flúði það hingað, útrýmdi pöpum og fór svo að lifa lífinu í fullkomnum fávitaskap og ömurlegheitum. Og sjáðu bara hvert það hefur komið okkur í dag!

**MARGIR** eru sem sé ekki beinlínis að drepast úr jákvæðni þessa dagana. Það gengur mörölsk drepsótt sem lýsir sér í því að menn rjúka upp í bölmóði án minnsta tilefnis. Sjálfur rembist ég í fávitaskap mínum við að halda jákvæðum dampi í kolsvörtu skammdeginu og les Geðorðin 10 oft á dag, sérstaklega það fyrsta: Hugsaðu jákvætt, það er léttara. Þó er ég farinn að syngja stef úr eldgömlu Megasar-lagi full oft: „Við minnumst Ingólfs Arnarsonar í veislum, en óskum þess að skipið hans það hefði sokkið.“ Því væri nú ekki betra ef við værum bara í Noregi enn þá? Spikfeit af olíugróða, gónandi á skotfimi á skíðum í sjónvarpinu. Eða hefðum haft vit á því að vera áfram hluti af Danmörku. Ligeglad í smekkbuxum og ættum fyrir kaffibolla á Strikinu.

**ÁSTAND** þjóðarbúsins hlýtur bara að gefa til kynna víðtækan fávitaskap. Hvað annað útskýrir að jafn auðlindaauðug örþjóð gat fokkað sínum málum jafn rækilega upp? Og síðustu atburðir gefa ekki annað til kynna en að uppfokkunin muni halda áfram út í hið óendanlega. Hjálp! Þegar ég er ekki búinn að lesa Geðorðin lengi og ekki heldur búinn að fara til fjalla, fer ég jafnvel að vona að ósvífnustu erlendu hótanirnar rætist. Að vopnuð innrás forði okkur frá því að tortíma okkur sjálfum úr fávitaskap.

**EN ÉG** neita auðvitað alfarið að viðkenna að ég sjálfur sé fáviti. Og enginn sem ég þekki er það heldur. Það hljóta því að vera allir hinir sem eru fávitar. Heyrirðu það, fávitinn þinn!?






## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Hollt og gott nýjár!

## SMÁLÚÐUFLÖK
FROSIN



**TILBOÐ**

**989** kr/kg
áður 1.499 kr/kg

### KJÚKLINGABRINGUR
900g




**1.398** kr/pk

### KJÚKLINGALUNDIR
700g




**1.098** kr/pk

### RAUÐSPRETTA
FROSIN



**598** kr/kg

Á meðan birgðir endast
Birt með fyrirvara um prentvillur

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbæ

**nettó**
*Ódýrt fyrir heimilið!*

www.markhonnun.is

# menning

menning@frettabladid.is

**ATH. Meira pönk!**

*Í kvöld verða fyrstu tónleikar pönksveitarinnar Saktmóðígs á tuttugasta starfsári hennar. Bandið fræsti út nokkrum plötum á 10. áratugnum, síðast kom „Plata“ 1998. Þótt meðlimirnir séu orðnir hámenntaðir lögfræðingar og þaðan af verra leynist þó enn smá pönk eftir í þeim sem fær að gjósa út í kvöld. Bandinu til halds og trausts verða pönksveitirnar Blóð og Deathmetal Supersquad. Veislan er á Grand Rokki. Skrúfað verður frá kl. 22 og það er frítt inn.*

# Myrkt hold Bjarna

Nú á laugardaginn opnar Bjarni Sigurbjörnsson sýninguna Myrkt hold í Reykjavík Art Gallery á Skúlagötu 30. Bjarni hefur áður haldið fjölda sýninga hér heima og erlendis. Sýninguna segir hann vera óð til holdsins. Merkingin – það sem við köllum heiminn og gefum nöfn – verður til þar sem holdið mætir myrku tóminu. Málverkin eru unnin á gríðarstórar málmplötur og ofsafengið gos rauðra litatóna á fletinum styrkir hugrenningar um sundrun holds, eins og hér séu að verki tröllaukin eggjárn sem svarfast um í myrku holdi heimsins. Þessi sýning á sér eins konar forleik í sýningu undir sömu yfirskrift í sal Íslenskrar grafíkur síðastliðið sumar, en þá sýndi Bjarni fyrstu fjórar myndirnar af þeim tíu sem mynda heildarverkið. Sýningin stendur til 24. janúar og er opin alla daga nema mánudaga kl. 14 til 17.

- drg



**GOS Á MÁLMPLÖTUM** Bjarni Sigurbjörnsson.

**> Ekki missa af …**

Í kvöld kveður hljómsveitin Swords of Chaos, í bili að minnsta kosti. Tveir af meðlimum kvartettsins eru á leið úr landi og því einleikið að þessi hressilega harðkjarna metalsveit verði sett á ís um óákveðinn tíma. Bandið spilar sig út úr heiminum tvisvar sinnum í dag. Fyrst klukkan 17 í versluninni Havarí í Austurstræti. Dyrnar standa opnar öllum og ókeypis er inn. Síðar sama dag, eftir síðustu kvöldmáltíðina, verður talið í á Kaffibarnum. Dyrnar standa þá opnar öllum með aldur og enn sem fyrr er aðgangseyrir enginn. Stórhljómsveitin Reykjavík! hitar upp.



## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

### HANDBÆKUR/FRÆÐIBÆKUR/ÆVISÖGUR

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT (30.12.09–05.01.10)






1 Almanak Háskóla Íslands – Þorsteinn Sæmundsson

2 Konur eiga orðið... – Salka






3 Almanak Þjóðvinafélagsins – Sögufélagið

4 Meiri hamingja – Tal Ben-Shahar





5 Garn og gaman – Jóna Svava Sigurðardóttir

6 Heitar laugar á Íslandi – Jón G. Snæland






7 Jöklar á Íslandi – Helgi Björnsson

8 22 Places You Absolutely... – Vigfús Bjarnason






9 Lost in Iceland – Sigurgeir Sigurjónsson

10 Íslenska undrabarnið – Elín Albertsdóttir

Eymundsson.is

Eymundsson – Bóksali frá 1872



# Innblásin af málsháttum

Opnuð hefur verið sýning á verkum Sari Maarit Cedergren í Artóteki, sem er á fyrstu hæð Borgarbókasafns Reykjavíkur, Tryggvagötu 15. Sari er fædd í Finnlandi og ólst upp í Stokkhólmi í Svíþjóð. Árið 1986 flutti hún til Íslands og hefur búið hér síðan.

Á sýningunni eru nokkur verk unnin í gifs innblásin af íslenskum málsháttum og er Sari þar að skírskota til sjónrænnar birtingar orða. Á sýningunni er einnig stuttmynd sem sýnir hvernig hún notar eigin líkama við gerð verkanna. Íslenskt veður hefur verið Sari innblástur undanfarin ár. Slydda, él, mugga og súld eru allt nöfn á verkum hennar auk margra annarra sem hvert fyrir sig túlka ákveðin veðrabrigði. Sari var skálavörður í Emstrum í tvö sumur og varð sú reynsla henni að yrkisefni í sýningarnar Hviða 2007 og Umhleypingar 2006.

„Ég fór að velta fyrir mér íslenskum málsháttum, sem hafa mikla skírskotun í félagslegt og pólitískt ástand í dag,“ segir Sari. „Ég læt rýmið og staðinn móta sýninguna að nokkru leyti. Ég skoðaði hlutverk staðarins sem menningarstofnunar, staðar þar sem fólk hittist, skoðar bækur og listaverk og á ýmis samskipti. Með allt það í huga ásamt íslensku málsháttunum skapaði ég verkin á sýningunni og myndaði þannig brú á milli áhorfandans og verkanna.“ Sýningin stendur út janúar.



**EITT VERKA SARI** „Enginn skyldi hafa tvær tungur í einu höfði“.



## ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



**Brennuvargarnir** (Stóra sviðið)

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 8.1. | Kl. 20:00 | Ö | Fim 21.1. | Kl. 20:00 | Ö | Fim 28.1. | Kl. 20:00 | |
| Fös 15.1. | Kl. 20:00 | Ö | Fös 22.1. | Kl. 20:00 | Ö | Fös 5.2. | Kl. 20:00 | |

Sýningum fer fækkandi!



**Oliver!** (Stóra sviðið)

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 9.1. | Kl. 16:00 Aukas. | U | Lau 16.1. | Kl. 15:00 Aukas. | U | Lau 30.1. | Kl. 15:00 | Ö |
| Lau 9.1. | Kl. 20:00 7.K | Ö | Lau 16.1. | Kl. 19:00 | Ö | Lau 30.1. | Kl. 19:00 | Ö |
| Sun 10.1. | Kl. 16:00 Aukas. | U | Lau 23.1. | Kl. 15:00 Aukas. | Ö | Lau 6.2. | Kl. 15:00 | Ö |
| Sun 10.1. | Kl. 20:00 8.K | U | Lau 23.1. | Kl. 19:00 | Ö | Lau 6.2. | Kl. 19:00 | Ö |
| Fim 14.1. | Kl. 19:00 | Ö | Fös 29.1. | Kl. 19:00 | Ö | | | |

Tryggið ykkur sæti - miðarnir rjúka út!



**Sindri silfurfiskur** (Kúlan)

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 9.1. | Kl. 15:00 | Ö | Sun 17.1. | Kl. 16:00 | | Lau 30.1. | Kl. 15:00 | |
| Sun 10.1. | Kl. 15:00 | | Lau 23.1. | Kl. 15:00 | | Sun 31.1. | Kl. 15:00 | |
| Lau 16.1. | Kl. 15:00 | | Sun 24.1. | Kl. 16:00 | | | | |

Undurfalleg sýning fyrir yngri börnin. Miðaverð aðeins 1500 kr.



**Gerpla** (Stóra sviðið)

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 12.2. | Kl. 20:00 Frums. | U | Lau 20.2. | Kl. 20:00 4.K | Ö | Fös 5.3. | Kl. 20:00 7.K | Ö |
| Lau 13.2. | Kl. 20:00 2.K | U | Fös 26.2. | Kl. 20:00 5.K | Ö | Lau 6.3. | Kl. 20:00 8.K | Ö |
| Fös 19.2. | Kl. 20:00 3K | Ö | Lau 27.2. | Kl. 20:00 6.K | Ö | | | |

Miðasala hafin - tryggið ykkur sæti á fyrstu sýningar!



**Fíasól** (Kúlan)

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 13.3. | Kl. 15:00 Frums. | U | Lau 20.3. | Kl. 13:00 | U | Sun 21.3. | Kl. 15:00 | |
| Sun 14.3. | Kl. 13:00 | Ö | Lau 20.3. | Kl. 15:00 | | | | |
| Sun 14.3. | Kl. 15:00 | Ö | Sun 21.3. | Kl. 13:00 | | | | |

Nú er hægt að kaupa miða á Fíusól!





**Karlakórinn Heimir Skagafirði**

## Upp skalt á kjöl klífa

**Tónleikar í Langholtskirkju**

**Laugardaginn 9. janúar kl. 16:00**

**Forsala aðgöngumiða í Eymundsson Kringlunni og Austurstræti.**

**Stjórnandi: Stefán R. Gíslason**
**Handrit: Agnar H. Gunnarsson**
**Undirleikur: Thomas R. Higgerson**
**Lesarar: Agnar H. Gunnarsson og Hannes Örn Blandon**
**Hljóðmynd: Arnar Halldórsson**
**Einsöngur: Óskar Pétursson og Ásgeir Eiríksson**

**Sjá nánar á www.heimir.is**



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 7. janúar 2010**

**Tónleikar**

**21.30 Lame Dudes & Friends** verða á tónleikastaðnum Batteríinu við Hafnarstræti 1-3.

**Fræðsla**

**20.00 Íslenska vitafélagið** stendur fyrir fræðslukvöldum á Sjóminjasafninu Víkinni við Grandagarð 8. Anna Ólafsdóttir Björnsson fjallar um varðveislu sögustaða og söguminja við ströndina á Álftanesi og Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir kynnir starfsemi Selaseturs á Hvammstanga. **Allir velkomnir.**

**Sýningar**

Í **Kling & Bang** við Hverfisgötu 42 stendur yfir sýning Bryndísar Hrannar Ragnarsdóttur. Sýningu lýkur á sunnudag. Opið fim.-sun. kl. 14-18.

**Kvikmyndir**

**20.00** Ör-kvikmyndaklúbburinn **Kinó** verður með sýningu á myndinni O'er The Land. Enginn aðgangseyrir. Nánari upplýsingar á www.listasafnreykjavikur.is.

**Pub Quiz**

**20.00** Fótbolta Pub Quiz verður haldið á Enska barnum við Austurstræti. Vegleg verðlaun í boði og enginn aðgangseyrir. Nánari upplýsingar á **www.sammarinn.com.**

**Handverkskaffi**

Heimilisiðnaðarfélag Íslands býður áhugasömum að koma í prjónkaffi kl. 20-22 hjá Amokka við Hlíðasmára 3 í Kópavogi. **Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir.**

**Fyrirlestrar**

**17:00 Gísli Marteinn Baldursson** flytur erindið „Reykjavík – hvað ætlar þú að verða þegar þú ert orðin stór?“ í Þjóðminjasafninu við Suðurgötu. Allir velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
K.S FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT 1.FLOKKUR
598 KR.KG
598 KR.KG
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
BÓNUS Kjúklingur Bringur
1598 KR.KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
40% AFSLÁTTUR
K.F SALTAÐ FOLALDAKJÖT
MERKT VERÐ 776 KR.
466 kr.kg.
40% AFSLÁTTUR
K.F KOFAREYKT FOLALDAKJÖT M.BEINI MERKT VERÐ 776 KR.KG.
466 kr.kg.
798 KR.KG
NF ÞORSKBITAR FRYSTIR ROÐ OG BEINLAUSIR
268 KR.KG
K.S LAMBASVIÐ
TILBOÐ KJARNAFÆÐI KJÖTFARS
398 KR.KG
K.F NÝTT KJÖTFARS
1498 KR.KG
SS KAMPAVÍNSKRYDDAÐ FERSKT LAMBALÆRI
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 25% AFSLÁTTUR
998 KR.KG
N.F GRÆNMETISBUFF 1 KG
198 KR.FL
ONT BURNER BOOSTER BLÁR OG RAUÐUR 500 ML
198 KR.FL
FROOSH SMOOTHIE 250 ml MAGNO OG FERSKJU
198 KR.4STK
BÓNUS NÝBAKAÐAR LANGLOKUR 4 STK
179 KR.STK
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770G
BÓNUS KJARNABRAUÐ
159 KR.STK
BÓNUS KJARNABRAUÐ 500G
NÝTT Í BÓNUS
498 KR.PK
N.V FERSKIR NAUTAHAMBORGARAR 4 STK M.BRAUÐI
Nautaveisla Ferskt nautahakk
898 KR.KG
NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK
BÓNUS SÚRMJÓLK
149 KR.DS
BÓNUS SÚRMJÓLK FIMM BRAGÐTEGUNDIR 500 ML
toppur
117 KR.2 LTR
TOPPUR 2 LTR
HREINN - SÍTRÓNU - ÁVAXTA
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30

> **SPIDERMAN FRESTAÐ**

Fjórðu myndinni um Peter Parker, sem er betur þekktur sem Köngulóarmaðurinn, hefur verið frestað um óákveðinn tíma. Ástæðan ku vera að leikstjórinn Sam Raimi er staðráðinn í að fá **John Malkovich** til að leika The Vulture en eitthvað gengur illa að skrifa þann óþokka inn í handrit myndarinnar.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Línur farnar að skýrast hjá Bond

Samkvæmt kvikmyndavefmiðlum er Bond-kvikmynd númer 23 farin að taka á sig nokkra mynd. Inni á imdb.com má lesa vangaveltur erlendu pressunnar um hvert verði sögusvið næstu myndar. Flestir telja líklegt að teymið á bakvið Bond-myndir Daniels Craig haldi sig eins nálægt upprunanum og mögulegt er eins og háttur hefur verið hafður á með síðustu tvær myndir.

Flestir hallast að því að myndin verði byggð á smásögu Ians Fleming sem birtist í New York Herald Tribune árið 1963 og hét einfaldlega „007 in New York“. Þar kemur fyrir Bond-stúlka að nafni Solange en það nafn var síðar fært yfir á persónu í kvikmyndinni Casino Royal. Smásagan er lítið þekkt meðal Bond-aðdáenda og birtist til að mynda ekki í breskum miðlum fyrr en árið 1999 í tengslum við frumsýningu Bond-myndarinnar The World Is not Enough.



**TIL NEW YORK** Flestir erlendu miðlarnir eru vissir um að Bond 23 muni gerast í New York. Ekki er vitað hvenær myndin verði frumsýnd, það verði annaðhvort á þessu ári eða því næsta.

007 in New York er fyrst og fremst merkileg fyrir tvær sakir: annars vegar að þar sést Bond fara í bókaleiðangur í fyrsta skipti og þar er einnig gefin upp uppskrift að því hvernig leyniþjónustumaðurinn vill hafa spældu eggin sín.

Dálkahöfundur Variety, Liz Smith, gerðist svo djörf að birta frétt um fund Daniels Craig og Barböru Broccoli sem þau áttu á veitingastað í New York og hélt því fram fullum fetum að næsta mynd yrði gerð í stórborginni. Smith hélt því síðan fram að þetta væri í fyrsta skipti sem Bond kæmi til New York en það reyndist ekki á rökum reist, Live and Let Die gerðist nefnilega að hluta til í Stóra eplinu.

# Samvinna barnastjarna og Daniel Day

Þær Ellen Page og Drew Barrymore eiga það helst sameiginlegt að hafa slegið í gegn í Hollywood ungar að árum. Og nú hafa þessar tvær barnastjörnur sameinast í kvikmyndinni Whip It. Drew situr reyndar í leikstjórastólnum í fyrsta skipti og Page leikur aðalhlutverkið. Whip It segir frá ungri stelpu að nafni Bliss Cavender sem ákveður að skrá sig til leiks í rúlluskautakeppni með ófyrirséðum afleiðingum. Myndin verður frumsýnd í kvikmyndahúsum borgarinnar um þessa helgi.

Af öðrum frumsýningum helgarinnar sem nefndar eru á midi.is/bio má nefna gamanmyndina Did You Hear about the Morgans? sem skartar Hugh Grant og Söruh Jessicu Parker í aðalhlutverkum. Myndin segir frá miðborgarrottum sem verða vitni að morði og eru flutt í vitnavernd í smábæ þar sem flest er öðruvísi en stórborgarlífið. Samkvæmt heimasíðunni stendur einnig til að frumsýna kvikmyndina Nine eftir Rob Marshall með þeim Daniel Day-Lewis og Judi Dench í aðalhlutverkum. Myndin er byggð á handriti eftir Federicio Fellini og er hálf-ævisöguleg saga leikstjórans sem neyðist til að gera upp sakir sínar við konurnar í lífi sínu. Meðal annarra leikara má nefna Marion Cotillard og Penélope Cruz. Svo má ekki gleyma teiknimyndinni Skýjað með kjötbollum á köflum en hún segir frá uppfinningamanni sem tekst að breyta veðrinu í eitthvað matarkyns.



**BARNASTJÖRNUR OG SÖNGLEIKUR** Ellen Page og Drew Barrymore eru báðar gamlar barnastjörnur en nú leikstýrir Drew Ellen í kvikmyndinni Whip It. Af öðrum kvikmyndum má nefna Nine eftir Rob Marshall með Daniel Day Lewis í hlutverki Fellini og Penélope Cruz.


Tónlistarnám fyrir þig!





Ástvaldur Traustason
skólastjóri Tónheima

„Markmið okkar er að gefa sem flestum tækifæri til að stunda tónlistarnám því tónlist er stór hluti af lífi okkar og veitir ómælda gleði og ánægju .

Nú gefst þér tækifæri til þess að stunda skemmtilegt tónlistarnám - Allir eru velkomnir, byrjendur sem lengra komnir, ungir og aldnir.“

Spilaðu eftir eyranu!

- Píanó
- Rafmagnsgítar
- Kassagítar
- Djasspíanó
- Lagasmíðar
- Slagverk

popp
blús
djass
sönglög

Vorönn hefst 18. janúar

Upplýsingar og skráning á tonheimar.is
og í síma 846 8888

Frístundakort

tónheimar

Tónheimar - Fákafeni 9 - tonheimar@tonheimar.is


# Áratugur sem nördar og myndasöguhetjur áttu

**Kvikmyndatímaritið Empire hefur tekið saman nokkra lista yfir hvað var í gangi á fyrsta áratug þessarar aldar. Fréttablaðið renndi aðeins yfir umfjöllun tímaritsins sem birtist á vefsíðu þess.**







**BESTU MYNDIR ÁRATUGARINS**

Magnolia (2000), Moulin Rogue (2001), Minority Report (2002), **City of God** (2003), **Eternal Sunshine of a Spotless Mind** (2004) Sideways (2005) United 93 (2006) Bourne Ultimatum (2007), **Dark Knight** (2008) og Let the Right One In (2009)

Áratugalistar Empire eru nokkuð ítarlegir og fyrir áhugamenn um kvikmyndir er þar að finna nákvæma útlistingu á því sem gerðist á fyrsta áratug þessarar aldar. Til að mynda tóku blaðamenn Empire saman helstu „æðin“ sem réðu ríkjum á áratugnum. Í fyrsta sæti er myndasöguæðið sem tröllreið kvikmyndaverksmiðjunni í Hollywood og færðu heiminum vandaðar kvikmyndir um Batman, Spiderman, X-Man og svona mætti lengi telja. Í öðru sæti var upprisa nördanna þar sem Michael Cera úr Arrested Development varð allt í einu kyntákn og „njörðar“ á borð við Steve Carell og Seth Rogen urðu af einhverjum undarlegum ástæðum stórar og frægar kvikmyndastjörnur því ekki höfðu þeir útlitið með sér. Bronsinu var síðan úthlutað til gáfaðra barna sem komu sterk inn á þessum áratug og kannski mætti halda því fram að dýrkun Hollywood á heimsku og fávitaskap hafi lokið þegar 21. öldin gekk í garð. Af öðrum æðum sem voru áberandi á þessum áratug má nefna heimildarmyndir sem áttu að breyta heiminum, kvikmyndir sem áttu að gerast skömmu eftir 9/11 í New York, skrítnar fjölskyldur á borð við Tennenbaum og Fockers, barnamyndir fyrir fullorðna, endurgerðar asískar hryllingsmyndir, framhaldsmyndir og loks 3-D tæknin en Avatar er sennilega að verða eitt mesta æði sem heimurinn hefur orðið vitni að.

Það sem er þó eflaust athyglisverðast eru þær kvikmyndir sem Empire velur bestar, hvert ár fyrir sig. Árið 2000 var það Magnolia sem stóð upp úr. Kvikmyndin er með eindæmum vel skrifuð og leikin, eftir leikstjórann Paul Thomas Anderson sem skaust upp á stjörnuhimininn með myndinni Boogie Nights. Athyglisverðast var þó þegar tilkynnt var um Óskarsverðlaunatilnefningu Tom Cruise að fáir vissu hvaða mynd Magnolia var. 2001 var ár Moulin Rogue að mati Empire en hún er dæmigerð mynd fyrir leikstjórann Baz Luhrman. Undarlegt val af Empire enda voru á því ári sýndar myndir á borð við Hidden Dragon, Crouching Tiger og Traffic. 2002 var síðan komið að Steven Spielberg og Minority Report með Tom Cruise í aðalhlutverki. Það ár var reyndar óvenju slakt sem er eflaust ástæðan fyrir því að Empire velur hana á toppinn það árið. Árið eftir þótti blaðamönnum Empire brasilíska kvikmyndin City of God (Cidade de Deus) vera best og skal engan undra, City of God er sennilega ein af kvikmyndum áratugarins og hafði ótrúlega sterk áhrif á áhorfendur. 2004 var Eternal Sunshine of a Spotless Mind í miklum metum hjá blaðinu sem er gott fyrir okkur Íslendinga því Valdís Óskarsdóttir fékk jú Bafta-verðlaunin fyrir klippingu hennar. 2005 stóð vínsmökkunarmyndin Sideways upp úr en hún naut mikillar hylli hjá kvikmyndanjörðum þótt hún færi ekkert alltof vel ofan í almenning og 2006 var United 93 eftir Paul Greengrass valin best af blaðamönnum Empire en hún segir frá samnefndu flugi sem náði ekki skotmarki sínu 11. september 2001. Jason Bourne hefur alltaf verið í miklum metum hjá Empire og því þarf ekki að koma neinum á óvart að síðasta myndin um þennan harðsnúna leyniþjónustumann skuli hafa verið valin best árið 2007. Dark Knight varð síðan fyrir valinu árið 2008 enda tvímælalaust ein besta „myndasögu-mynd“ sem gerð hefur verið og loks völdu blaðamenn Empire Let the Right One In (Låt den rätte komma in) bestu mynd síðasta árs en þetta er sænsk hryllingsmynd sem farið hefur sigurför um heiminn á árinu sem var að líða.

# Madonna úr söng í leikstjórn

Samkvæmt ýmsum heimildum hafði Madonna sýnt áhuga á að leikstýra kvikmynd um ævi Wallis Simpson, konunnar sem Játvarður prins afsalaði bresku krúnunni til að vera með árið 1936. Söngkonan þykir ekki jafn fær í kvikmyndunum og í tónlistinni og því gengur víst erfiðlega að ráða fólk í hlutverkin.

Leikkonurnar Keira Knightley og Cate Blanchett hafa báðar afþakkað hlutverkið. „Fólk hefur áhyggjur af því að Madonna eigi eftir að taka of mikinn þátt í verkefninu, því auk þess að hafa komið að því að skrifa handritið þá vill hún einnig leikstýra myndinni og semja tónlistina. Fólk hefur einnig áhyggjur af því að hún muni vilja fara með lítið hlutverk í kvikmyndinni og það myndi draga úr gæðunum,“ sagði heimildarmaður.



**LANGAR AÐ LEIKA** Madonnu langar að leikstýra og leika í eigin kvikmynd.

# BT frábær tilboð

## Búinn með leikinn?

spilað & skilað

Skeifunni og Akureyri



**Við kaupum hann af þér!**

Komdu með gamla leikinn þinn í BT og fáðu inneignarnótu eða annan leik í staðinn.

INNEIGNARNÓTUR BT GILDA EINNIG Í ORMSSON

Við tökum við PS2 – PS3 Wii og DS leikjum

Ertu búinn að klára einhvern af þessum?
Fáðu hámarksverð fyrir notaða leikinn þinn í BT



### MIRAI 22"

DTL-722P302

ótrúlegt verð



| | |
|---|---|
| Stærð | 22" |
| Upplausn | 1680 x 1050 |
| Sóknartími | 5 ms |
| Kontrast | 2800 : 1 Dynamic |
| Birta | 300 cd/m² |
| Stafrænn móttakari | DVB-T, |
| Tengi | VGA, 2x scart tengi, HDMI, Audio out |
| Hátalarar | 3W x 2 |

**44.999** (49.999)

### MIRAI 32"

DTL-832E600

10.000kr afsláttur



| | |
|---|---|
| Stærð | 32" |
| Upplausn | 1366 x 768 |
| Sóknartími | 6.5 ms |
| Kontrast | 6000 : 1 Dynamic |
| Birta | 500 cd/m² |
| Stafrænn móttakari | DVB-T, |
| Tengi | VGA, 2x scart tengi, HDMI, component, audio out |
| Hátalarar | 10W x 2 |

**89.999** (99.999)

## Taktu skólann með trukki á nýju ári

### ACER EXTENSA FARTÖLVA

5230-2913



Intel Celeron 900 2.2GHz 64-Bit með 1MB flýtiminni, 800FSB og 45nm
3GB DDR2 667MHz vinnsluminni, stækkanlegt í 4GB
250GB SATA 5400RPM harðdiskur
15.4" WXGA skjár með 1280x800 upplausn
512MB Intel X4500 HD DX10 skjástýring með True HD 1080P
Innbyggt Gigabit 10/100/1000 netkort
300Mbps Draft-N þráðlaust 802.11 a/g/n net
6-Cell LI-ion rafhlaða með allt að 2,5 tíma endingu
Innbyggð 1.3MP Crystal Eye vefmyndavél og MIC
Innbyggður kortalesari fyrir flest minniskort
3xUSB2, VGA, PCMCIA Card ofl.
Stýrikerfi - Windows VISTA Home Premium

**89.999** (99.999)

10.000kr afsláttur

### ACER ASPIRE FARTÖLVA

5542-1462



AMD Athlon X2 Dual Core M300 2.0GHz örgjörvi
4GB DDR2 667MHz vinnsluminni
320GB SATA 5400RPM harðdiskur
15.6" HD CineCrystal 16:9 skjár með 1366x768 upplausn
512MB ATI HD4200 DX10.1 öflug skjástýring með UVD2 HD hraðal
Innbyggt Gigabit 10/100/1000 netkort
300Mbps Draft-N þráðlaust 802.11 a/g/n net
6-Cell LI-ion rafhlaða með allt að 3 tíma endingu
Innbyggð 1.3MP Crystal Eye vefmyndavél og MIC
Innbyggður kortalesari
4xUSB2, VGA, HDMI HDCP, kortalesari o.fl.
Stýrikerfi - Windows 7 Home Premium 64-bit

**109.999** (119.999)

10.000kr afsláttur

BT SKEIFAN - BT SMÁRALIND - BT AKUREYRI - www.BT.is - 550-4444

**> Í FAÐMLÖGUM**

Myndir náðust af söngkonunni **Rihönnu** og nýjum kærasta hennar í faðmlögum í Mexíkó fyrir stuttu. Sá heppni er hafnaboltaleikmaður að nafni Matt Kemp og segja vinir Rihönnu hann vera herramann af gamla skólanum.



# Fólk

folk@frettabladid.is

## Til mikils að vinna í rokkkeppninni GBOB

Alþjóðlega tónlistarkeppnin Global Battle of the Bands er fram undan. Hún fer fram í London á tónleikastaðnum Scala hinn 31. janúar og má búast við að hátt í fjörutíu hljómsveitir frá jafnmörgum löndum taki þátt. Keppnin hefur stækkað ár frá ári en Ísland varð þátttakandi 2004. Síðan þá hafa hljómsveitir eins og Cliff Claven, Lights on the Highway og Perla farið út til keppni, og í fyrra fór Agent Fresco.

Fyrst eru haldnar hljómsveitakeppnir í þátttökulöndunum og nú er auglýst eftir hljómsveitum sem geta orðið fulltrúar Íslands. Allar hljómsveitir geta skráð sig til leiks hvort sem þær eru bílskúrsbönd eða þekktar sveitir með útgefið efni. Sigur Rós gæti þess vegna tekið þátt í keppninni. Eina reglan er sú að hljómsveitirnar spili tvö frumsamin lög. Undanúrslitin fara fram á Sódómu Reykjavík 13.-16. janúar. Dómnefnd og salur ákveða sigurvegara hvers kvölds. Hann fer áfram í úrslitakvöldið 22. janúar. Hljómsveitin sem vinnur fer til London og spilar á Scala. Flug og uppihald er í boði keppninnar. Til mikils er að vinna því verðlaunin í keppninni úti eru 10.000 dollarar, vikudvöl í flottu hljóðveri með upptökumanni í London og tíu daga tónleikaferð um England. Þær sveitir sem hafa áhuga sendi fyrirspurn á **gbob.iceland@gmail.com** og þeim verður svarað um hæl.

**- drg**



**UNNU SÍÐAST** Agent Fresco var fulltrúi Íslands á síðustu GBOB.

## „Ég var eiginkona Jacksons“

**Hin óþekkta Shellie Doreen Smith hefur gert kröfu í þrotabú Micheals Jackson. Hún segist hafa verið gift söngvaranum á áttunda áratugnum og fer fram á framfærslu úr þrotabúinu.**

**Smith lagði fram í gær skjöl sem styðja málstað hennar, en í samtali við fréttamiðilinn TMZ segist hún ekki muna nógu vel hvenær þau voru gift, en hún er handviss um að það var einhvern tíma á áttunda áratugnum.**

**Þá segir hún að athöfnin hafi verið falleg og farið fram á hóteli í New York. Einu vitnin samkvæmt henni voru starfsmenn hótelsins. Nýjustu fréttir herma að hún geti ekki búist við miklu úr þrotabúi poppkóngsins.**



**MICHAEL JACKSON** Ástarlíf hans var flókið, en hann hefur að öllum líkindum aldrei hitt Shellie

# Hannaði eigin trúlofunarhring

**Hönnuðurinn Sruli Recht hefur hannað einstakan demantshring sem er í raun þrír hringar í einum. Hægt er að skipta um steina í hingnum eftir tilefni.**

Hönnuðurinn Sruli Recht hefur hannað einstakan demantshring sem ber heitið r¿ng og er hann sérstakur fyrir þær sakir að hægt er að skipta út einum demanti fyrir annan.

Hringnum, sem er úr tíu karata hvítagulli, fylgja þrír mislitir demantar í kló sem hægt er að skrúfa í hringinn. Sruli segir hugmyndina hafa fæðst þegar hann var að íhuga bónorð. „Mig langaði að búa til trúlofunarhring og á meðan ég hugsaði málið sat ég á litlum píanóstól sem er eins og skrúfa í laginu og þaðan kom hugmyndin. Ég var einnig búinn að hugsa um það hvort hægt sé að verðleggja ástina og fannst sniðugt að geta valið um mismunandi stærð af steinum í hringinn í því samhengi,“ segir Sruli sem hefur búið og starfað á Íslandi undanfarin ár og opnaði hönnunarbúðina Vopnabúrið við Hólmaslóð fyrr í sumar.

Aðspurður segist hann hafa kosið að nota óslípaða demanta vegna þess að honum þyki gaman að taka hluti sem í eðli sínu eru ljótir og breyta þeim í eitthvað fallegt. „Óslípaðir demantar eru ekki sérstaklega fallegir og verða í raun ekki virkilega verðmætir fyrr en búið er að slípa þá niður. Maður horfir ekki á óslípaðan demant og hugsar: vá, þetta er fallegt.“ Hringurinn hefur nú verið fáanlegur í viku og segist Sruli þegar hafa selt eitt stykki. Hann hefur vakið mikla athygli fyrir hönnun sína og árið 2008 hlaut hann meðal annars fyrstu og önnur verðlaun í flokki aukahluta á International Design Awards fyrir hönnun á regnhlíf og belti.

Áhugasömum er bent á vefsíðuna www.srulirecht.com.

**sara@frettabladid.is**



**R¿NG** Hugmyndin að hringnum fæddist þegar Sruli var að íhuga bónorð. Hægt er að skipta um stein í hringnum.



MYND/MARINO THORLACIUS

**HÆFILEIKARÍKUR HÖNNUÐUR** Sruli Recht þykir hæfileikaríkur hönnuður og hefur unnið til verðlauna fyrir hönnun sína.





CHECK OUT THE G-STAR STORE IN REYKJAVÍK, LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007

operated by v8 ehf




ÚTSALAN HEFST Í DAG

TOMMY HILFIGER - GUESS - DKNY

Couture

Laugavegi 86-94 101 Reykjavík Sími 511 1060

NÝTT Í BÍÓ!







STÆRSTA MYND ÁRSINS 2009!







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA GÓGÓ | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| MAMMA GÓGÓ LÚXUS | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| AVATAR 3D | kl. 3.40 -4.40 -7-8 -10.15 - 11.15 | 10 |
| AVATAR 2D | kl. 10.10 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 3.40 - 5.50 - 8 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA GÓGÓ | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 3.40 - 5.50 | L |
| AVATAR 3D | kl. 4.30 - 8 - 11.15 | 10 |
| AVATAR 2D | kl. 4.40 - 8 - 11.15 | 10 |
| WHATEVER WORKS | kl. 8 | 7 |
| A SERIOUS MAN | kl. 10.10 | 12 |

facebook.com / smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA GÓGÓ | kl. 8 - 10 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 6 | L |
| AVATAR 2D | kl. 6 - 9 | 10 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| TAKING WOODSTOCK | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR 2 | kl. 6 íslenskt tal | L |
| ALVIN & THE CHIPMUNKS 2 | kl. 6 - 8 - 10 enskt tal | L |
| AVATAR 2D | kl. 6.45 - 10.10 | 10 |
| JULIE & JULIA | kl. 8 - 10.35 | L |

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus










LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA GÓ GÓ | kl. 4, 6, 8 og 10 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 4 | L |
| AVATAR 3D - POWER | kl.3.50, 6, 7, 9 og 10.10 | 10 |







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| BJARNFREÐARSON kl. 4 - 5:40 - 6:20 - 8 - 9 - 10:20 | | L |
| BJARNFREÐARSON kl. 5:40 - 8 - 10:20 | | VIP |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN ísl. Tali kl. 3:40 - 5:50 | | L |
| OLD DOGS | kl. 4 - 6 - 8 | L |
| SORORITY ROW | kl. 10:30 | 16 |
| NINJA ASSASSIN | kl. 10:20 | 16 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 8 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | |
|---|---|
| BJARNFREÐARSON 3:20 - 5:40 - 8 - 9 - 10 - 10:20 | L |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ ísl. Tali kl. 4:10 - 6 | L |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ ensku kl. 8 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ ísl. Tali kl. 6 | | L |
| BJARNFREÐARSON | kl. 5:45 - 8 - 10:20 | L |
| SORORITY ROW | kl. 8 - 10:20 | 7 |




## ALDREI FLEIRI Í BÍÓ

**Avatar** er tekjuhæsta kvikmyndin árið 2009 en vinsælust var gamanmyndin **The Hangover**. **Karlar sem hata konur** sló eftirminnilega í gegn á árinu og Harry Potter á sem fyrr sína dyggu aðdáendur.



# Metár í kvikmyndahúsum

**Stórmynd James Cameron var tekjuhæsta kvikmynd síðasta árs þrátt fyrir að hafa verið aðeins tíu daga í sýningu. Jóhannes var vinsælasta íslenska kvikmyndin á árinu.**

Samkvæmt lista sem SMÁÍS sendi frá sér náði kvikmynd James Cameron, Avatar, þeim ótrúlega árangri að vera tekjuhæsta kvikmyndin í íslenskum kvikmyndahúsum á árinu sem var að líða. Árangur sem verður eflaust seint sleginn enda var myndin frumsýnd um miðjan desember. Raunar náði Avatar toppsætinu af Hangover ekki fyrr en á síðustu sýningunni og var munurinn á þeim aðeins rúmar þrjátíu þúsund krónur. Avatar náði hins vegar ekki að skáka Hangover í áhorfendafjölda því fleiri sáu gamanmyndina eða rúm sextíu þúsund. Þeir hafa eflaust legið í krampakasti yfir Áramótaskaupinu sem hafði ótal tilvísanir í myndina. Kreppan virðist ekki hafa skotið rótum í kvikmyndahúsum borgarinnar því samkvæmt tölum frá SMÁÍS þá er árið 2009 það stærsta í sögu kvikmyndasýninga hér á landi. Aðsóknin jókst um sjö prósent og heildartekjur voru tólf prósentum meiri en árið 2008.

Gamanmyndin Jóhannes var vinsælasta íslenska kvikmyndin samkvæmt tölum frá SMÁÍS. Alls komu 36 þúsund gestir til að sjá Ladda fara á kostum með Unni Birnu Vilhjálmsdóttur sér við hlið og sjálfan Trölla, Stefán Karl Stefánsson. Aðstandendur Algjörs Sveppa og leitarinnar að Villa geta líka vel við unað; ríflega 32 þúsund manns greiddu sig inn á þessa eldhressu barna- og fjölskyldumynd með Sverri Þór og Vilhelm Anton í aðalhlutverki. Bjarnfreðarson, kvikmynd Ragnars Bragasonar, nær níunda sætinu þrátt fyrir að hún hafi ekki farið í almennar sýningar fyrr en 26. desember.

Sérstaka athygli vekur að tvær sænskumælandi myndir eru inni á topp tuttugu lista SMÁÍS. Það eru kvikmyndirnar Karlar sem hata konur og Stúlkan sem lék sér að eldinum sem báðar eru byggðar á samnefndum bókum Stiegs Larsson. Yfir áttatíu þúsund manns sáu þessar tvær myndir, rúm fimmtíu þúsund mættu á Karlar sem hata konur en þrjátíu á Stúlkuna sem lék sér að eldinum. Aðdáendur Larsson bíða spenntir eftir þriðju myndinni sem væntanleg er í kvikmyndahús von bráðar.

freyrgigja@frettabladid.is

### TEKJUHÆSTU MYNDIR ÁRSINS

1. **Avatar**
   Heildartekjur: 51.521.238.kr
2. **The Hangover**
   Heildartekjur: 51.487.920 kr
3. **Karlar sem hata konur**
   Heildartekjur: 43.614.118 kr
4. **Harry Potter and the Half-Blood Prince**
   Heildartekjur: 40.871.590 kr.
5. **Jóhannes**
   Heildartekjur: 40.705.210 kr

### VINSÆLUSTU MYNDIR ÁRSINS

1. **The Hangover**
   Gestir: 60.569
2. **Karlar sem hata konur**
   Gestir: 51.862
3. **Harry Potter and the Half-Blood Prince**
   Gestir: 48.596
4. **Ice Age: Dawn of the Dinosaurs**
   Gestir: 47.829
5. **Avatar**
   Gestir: 44.435


SKEMMTILEG TÓNLISTARNÁMSKEIÐ





Nú er tekið á móti umsóknum á eftirfarandi byrjandanámskeið:

* Gítarnámskeið
* Trommunámskeið
* Rafbassanámskeið
* Forskólanámskeið fyrir 5-7 ára

Námskeið fyrir fullorðna:

* Partýgítarnámskeið
* Gítarnámskeið fyrir leikskólastarfsfólk



Upplýsingar og innritun á www.tonsalir.is

Munið frístundakort ÍTR og endurgreiðslu stéttarfélaga!

Tónsalir ...BARA GAMAN...

Bæjarlind 12. Sími 534-3700. www.tonsalir.is

Tónsalir er ryþmískur tónlistarskóli þar sem leitast er við að viðhalda gleðinni í hljóðfæranáminu.

# Erfingi lést

**Johnson & Johnson-erfinginn Casey Johnson fannst látin í íbúð sinni í Los Angeles í gær. Johnson var aðeins þrítug að aldri og hafði verið látin í einhvern tíma þegar hún fannst. Stúlkan var æskuvinkona Hilton-systranna og var einnig góð vinkona Nicole Richie en náði aldrei sömu frægð og vinkonur hennar. Johnson átti í sambandi við Courtenay Semel, dóttur forstjóra Yahoo, en Semel var á tíma orðuð við leikkonuna Lindsay Lohan.**

**Johnson skilur eftir sig eina dóttur, Ava Marylin, sem hún ættleiddi árið 2007 frá Kasakstan. Foreldrar Johnson hafa nú umsjá með barninu.**



**LÁTIN** Casey Johnson, erfingi að hreinlætis- og snyrtivörufyrirtækinu Johnson & Johnson, fannst látin á heimili sínu þrítug að aldri.

# Stjörnur sagðar inni í skápnum

Forsíðufrétt tímaritsins The Enquirer fjallaði um það hvaða stjörnur væru samkynhneigðar og enn í skápnum. Meðal þeirra sem tímaritið nefndi voru Zac Efron, Sienna Miller, fyrirsætan Tyra Banks og leikarinn Hugh Jackman.

The Enquirer hefur fátt til að styðja þessar vangaveltur sínar og telur til dæmis að hinn ungi leikari Zac Efron sé samkynhneigður vegna þess að hann sé of vel til hafður og að samband hans og leikkonunnar Vanessu Hudgens sé bara sýndarsamband. Einnig heldur tímaritið því fram að Hugh Jackman sé samkynhneigður vegna þess að hann hefur farið með hlutverk í söngleik. Sienna Miller ku vera hrifin af kynsystrum sínum vegna þess að hún kyssti stelpu á unglingsárum sínum og Tyra Banks mun vera samkynhneigð vegna þess að tveir samstarfsmenn hennar í þáttunum America's Next Top Model eru samkynhneigðir. Önnur tímarit hafa spáð því að ekki líði langur tími þar til einhverjar af þessum stjörnum fari í meiðyrðamál við The Enquirer.



**SPÁÐ Í KYNHNEIGÐ** Tímaritið The Enquirer heldur því fram að fjöldi þekktra einstaklinga hafi enn ekki komið út úr skápnum. Tímaritið nefndi meðal annars stjörnur á borð við Hugh Jackman og Tyru Banks.

# Eignaðist stúlkubarn

**Leikarinn Matthew McConaughey tilkynnti á vefsíðu sinni að hann og kærasta hans, Camila Alves, hefðu eignast sitt annað barn 3. janúar. „Gleðilegt nýtt ár, allir saman! Camila fæddi fallega stúlku á sunnudaginn. Hún hefur fengið nafnið Vida Alves McConaughey. Vida þýðir líf á portúgölsku og það er einmitt það sem drottinn færði okkur þann dag," ritaði leikarinn á síðu sinni. Fyrir á parið sautján mánaða gamlan son, Levi, og því er stutt á milli systkinanna tveggja.**



**VIÐBÓT** Matthew McConaughey eignaðist sitt annað barn á sunnudag.

# Öfundsjúk út í Madonnu

**Þegar leikkonan Kate Hudson og hafnaboltaleikmaðurinn Alex Rodriguez slitu sambandi sínu fór á kreik sá orðrómur að það hefði verið Rodriguez sem hætti með Hudson vegna þess að honum þótti hún of þurfandi og sólgin í sviðsljósið. Tímaritið OK! Magazine heldur því aftur á móti fram að Kate Hudson hafi slitið sambandinu vegna þess að Rodriguez hafi verið heltekinn af fyrrum kærustu sinni, söngkonunni Madonnu. „Kate var brjálæðislega öfundsjúk. Hún bað Alex margoft um að hætta að hafa samband við Madonnu. Hvernig myndi ykkur líða ef kærasti ykkar væri stanslaust að hringja í sína fyrrverandi?" sagði heimildarmaður í viðtali við tímaritið.**



**ÓSÁTT** Kate Hudson var öfundsjúk út í Madonnu.




### > Gunnar Heiðar ekki með gegn Liverpool

Það er ljóst að Gunnar Heiðar Þorvaldsson leikur ekki síðari leik Reading og Liverpool í þriðju umferð ensku bikarkeppninnar. Ekki var búið að skrá hann í félagið fyrir fyrri leikinn sem gerir hann sjálfkrafa ólöglegan í síðari leiknum. Gunnar Heiðar er þess utan ekki enn kominn með leikheimild hjá Reading og ef hann ætlar sér að spila leikinn gegn Newcastle á sunnudag þá þarf leikheimildin að berast fyrir helgi. Það gekk ekki þrautalaust hjá Gunnari að komast til Reading og þrautagöngunni er ekki enn lokið þó svo það sé farið í glitta í ljós í enda ganganna.



**sport**

sport@frettabladid.is

**GARÐAR JÓHANNSSON KNATTSPYRNUMAÐUR:** SAMNINGSLAUS OG Í LEIT AÐ NÝJU FÉLAGI

# *Erfitt að lifa í óvissu með ófríska konu*

Framherjinn og landsliðsmaðurinn Garðar Jóhannsson er í leit að nýju félagi eftir að samningur hans við norska félagið Fredrikstad rann út. Garðar hefur verið að æfa með KR undanfarna viku en gerir ekki ráð fyrir því að semja við KR eða annað íslenskt félag í bráð.

„Það er búið að vera fínt að æfa með KR og alltaf gaman að koma í Vesturbæinn,“ sagði Garðar sem lék áður með KR en hann fór þaðan í Val og svo út til Noregs. Hann mun fara til reynslu hjá dönsku úrvalsdeildarfélagi á næstu dögum.

„Ég er spenntastur fyrir því að spila í Danmörku. Þetta er spennandi félag sem er að fara að kíkja á mig og það væri mjög gott ef það gengi upp. Það er ekki gott að lifa í óvissunni og sérstaklega þar sem konan er ófrísk og á að eiga í febrúar. Það væri skemmtilegra að vera kominn með heimili áður en kemur að fæðingunni og ég leitast við að fá lausn minna mála sem fyrst,“ sagði Garðar sem hefur þegar hafnað þremur tilboðum.



„Ég hafnaði tilboði frá Hartlepool sem Ármann Smári fór síðan til. Svo fékk ég líka tilboð frá dönsku og ítölsku félagi en það var allt í neðri deildunum og lítt spennandi. Ég hef ekkert reynt við Noreg en mun líklega banka á dyrnar þar ef allt annað þrýtur,“ sagði Garðar sem er með fleiri járn í eldinum en þetta félag í Danmörku.

„Það er C-deildarlið í Englandi og úrvalsdeildarlið í Svíþjóð sem hafa sýnt áhuga. Þetta enska lið er reyndar ekkert sérstaklega spennandi en ég skoða það samt að sjálfsögðu ef ég fæ ekki samning í Danmörku. Ef allt þrýtur þá kemur maður náttúrulega bara heim en það hafa nokkur félög hér heima þegar haft samband við mig,“ segir Garðar sem hefur samt ekki neinar áhyggjur af því að verða úti og án félags enda verður leikmannamarkaðurinn í Skandinavíu opinn lengur en í janúar.

„Ég hef alls ekkert neinar áhyggjur af þessari stöðu þó svo að óvissan sé vissulega óþægileg. Ég er með möguleika í stöðunni og mun finna mér eitthvað. Þegar eitthvað gerist þá gerist það hratt,“ segir framherjinn bjartsýnn.



**BESTI ÁRANGURINN** Björgvin Björgvinsson hefur aldrei gert betur en í Zagreb í gær. MYND/VERA

Björgvin Björgvinsson í gær:

## Náði 24. sæti á heimsbikarmóti

**SKÍÐI** Björgvin Björgvinsson endaði í 24. sæti á heimsbikarmóti í svigi í Zagreb í Króatíu í gær eftir að að hafa bætt stöðu sína um sex sæti í seinni ferðinni. Þetta er besti árangur hans á heimsbikarmóti en hann lenti í 25. sæti á sama móti fyrir ári.

Björgvin varð í 30. sæti eftir fyrri ferð þrátt fyrir að hafa verið með rásnúmer 58. Hann kom þá í mark á 53,17 sekúndum, 2,69 sekúndum á eftir Austurríkismanninum Mario Matt sem náði besta tímanum.

Björgvin fór seinni ferðina á 59,97 sekúndum og var því samanlagt á 1 mínútu og 53,14 sekúndum í báðum ferðum sínum. Björgvin skíðaði betur í seinni ferðinni en átta af þrjátíu mönnum í úrslitunum og hafnaði því í 24. sæti.

- óój

# Besti sóknarleikurinn í langan tíma

**Framkonur unnu öruggan og síst of stóran sigur á Íslandsmeisturum Stjörnunnar í gær og eru nú aðeins stigi á eftir toppliði Vals. Stella Sigurðardóttir og Karen Knútsdóttir áttu báðar stjörnuleik í Mýrinni.**

**HANDBOLTI** Framkonur unnu sannfærandi fjögurra marka sigur á Íslandsmeisturum Stjörnunnar í gær, 27-31, á heimavelli meistaranna í Mýrinni. Framliðið hafi mikla yfirburði í seinni hálfleik eftir jafna byrjun í þeim fyrri og náðu sem dæmi mest sjö marka forskoti í seinni hálfleiknum.

Stjörnuliðið hefur undanfarin ár haft nokkuð gott tak á Fram en eftir tvo sigra á stuttum tíma er ekki hægt að sjá annað en að Stjörnugrýlan sé dauð í Safamýrinni. Framliðið lagði grunninn að sigrinum með því að skora 7 af fyrstu 9 mörkum seinni hálfleiks.

„Þetta var hrikalega flottur leikur hjá okkur og hann var það nánast allan leikinn. Fyrstu tíu mínúturnar einkenndust af smá stressi en eftir það var þetta frábært og þá sérstaklega sóknarlega. Ég held að þetta sé með betri sóknarleikjum sem ég hef séð hjá mínu liði í langan tíma. Þetta var óaðfinnanlegur leikur hjá okkur sóknarlega. Þetta var frábært kvöld og frábær sigur. Ég er gríðarlega stoltur af liðinu,“ sagði Einar Jónsson eftir leikinn.

Stella Sigurðardóttir og Karen Knútsdóttir áttu báðar stjörnuleik í gær, Stella tók ítrekað af skarið í sóknarleiknum og Karen nýtti sér klókindi sín vel, bæði í að stela boltanum hvað eftir annað í vörninni sem og að stjórna sóknarleiknum með miklum glæsibrag. Hildur Þorgeirsdóttir átti líka örugglega einn sinn besta leik í Frampeysunni til þessa.

Stjörnuliðið náði aldrei takti í gær og margir leikmenn voru langt frá sínu besta. Alina Tamasan hélt uppi sóknarleik Stjörnunnar og var langmarkahæst.

„Þetta var mjög sanngjarn sigur hjá Fram í kvöld og hann var síst of stór. Þær voru betri á öllum sviðum. Það var lítið sem féll með okkur. Varnarleikurinn sem er okkar aðall var ekki að virka nógu vel og það er bara of mikið fyrir okkar lið að fá á okkur 31 mark,“ sagði Atli Hilmarsson, þjálfari Stjörnunnar.

ooj@frettabladid.is

**Stjarnan-Fram 27-31 (14-15)**

Mörk Stjörnunnar (skot): Alina Tamason 13/4 (21/4), Elísabet Gunnarsdóttir 4 (5/1), Jón Sigríður Halldórsdóttir 4 (5), Þorgerður Anna Atladóttir 4 (8), Ester Viktoría Ragnarsdóttir 1 (5), Harpa Sif Eyjólfsdóttir 1 (9), Þórhildur Gunnarsdóttir (2), Indíana Jóhannsdóttir (1).

Varin skot: Florentina Stanciu 18 (48/6, 38%), Sólveig Björk Ásmundardóttir (1/1).

Mörk Fram (skot): Stella Sigurðardóttir 10/4 (18/7), Karen Knútsdóttir 6/3 (11/3), Hildur Þorgeirsdóttir 6 (11), Guðrún Þóra Hálfdánardóttir 3 (4), Pavla Nevarilova 2 (2), Marthe Sördal 2 (3), Ásta Birna Gunnarsdóttir 2 (5), Hafdís Hinriksdóttir (1).



**ALLT Í ÖLLU** Framarinn Karen Knútsdóttir sést hér vera búin að stela einum af sex boltum sínum í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






Eiður Smári orðaður við Tottenham og West Ham:

## Skoraði sitt fyrsta mark fyrir Mónakó

**FÓTBOLTI** Eiður Smári skoraði í gær sitt fyrsta mark fyrir franska liðið Mónakó og var markið örugglega langþráð fyrir íslenska landsliðsmanninn sem skoraði ekkert mark í níu leikjum með franska liðinu á árinu 2009. Eiður Smári skoraði síðasta mark Mónakó-liðsins í í 3-1 sigri á 5. deildarliðinu EFC Fréjus-St Raphaël í æfingaleik.

Yannick Sagbo og Nene komu Mónakó í 2-0 í fyrri hálfleik en EFC Fréjus-St Raphaël náði að minnka muninn í upphafi síðari hálfleiks. Eiður Smári innsiglaði hins vegar sigurinn sextán mínútum fyrir leikslok þegar hann fylgdi eftir skoti félaga sinna og skoraði af stuttu færi.

Þegar Eiður Smári skoraði markið sitt í gær var hann búinn að bíða í 536 leikmínútur eftir sínu fyrsta marki fyrir félagið. Það tók hann hins vegar aðeins 28 mínútur að komast á blað á nýju ári.

Leikmenn Mónakó spila fyrsta alvöruleikinn á nýju ári á móti FC Tours í 32 liða úrslitum frönsku bikarkeppninnar um næstu helgi.

Franska dagblaðið L'Equipe sagði í gær að ensku úrvalsdeildarfélögin Tottenham og West Ham hefðu áhuga á að fá Eið Smára í sínar raðir. Eiður hefur verið orðaður við fjölda félaga í Englandi, til að mynda Blackburn, en engar fregnir hafa borist enn af því hvort um meira en meintan áhuga félaganna sé að ræða.

Þessi ágæta byrjun á árinu kemur Eiði kannski í gang á ný en honum hefur gengið illa að aðlagast franska fótboltanum til þessa.

- óój



**536 MÍNÚTNA BIÐ Á ENDA** Eiður Smári skoraði loksins í sínum tíunda leik með Mónakó. MYND/AFP



# HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

## ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2010

Til greina koma allir sem hafa lagt sitt af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök eða þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

### Samfélagsverðlaunin eru veitt í fimm flokkum

**1) Hvunndagshetjan**

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

**2) Frá kynslóð til kynslóðar**

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

**3) Til atlögu gegn fordómum**

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

**4) Heiðursverðlaun**

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

**5) Samfélagsverðlaunin**

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins á **visir.is/samfelagsverdlaun** eða með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is. Einnig má senda bréf í pósti merkt Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í febrúar.

**Frestur til að senda tilnefningar er til loka fimmtudagsins 28. janúar.**

SAMFÉLAGSVERÐLAUN

FRÉTTABLAÐIÐ



## > Eva Longoria Parker

„Formæður mínar frá Mexíkó, hlupu yfir landamærin á háhæluðu skónum sínum með útlendinga-eftirlitið á eftir sér. Mér finnst því fátt jafn eðlilegt og að ganga á háhæluðum skóm.“

***Parker fer með hlutverk Gabrielle Solis í þættinum Aðþrengdar eiginkonur sem Sjónvarpið sýnir í kvöld kl. 21.10.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR ER SÁTT VIÐ TYPPAMANNINN

# *Nýr þáttur sem lofar góðu*

Lífið gengur allt á afturfótunum hjá Ray Drecker. Eitt sinn var hann stjarna, vinsæll í menntaskóla, góður í íþróttum, átti fallegustu kærustuna og björtustu framtíðina. Nú er hann aumur körfuboltaþjálfari í skóla í Detroit, konan farin frá honum og loks nær tilveran algjörum botni þegar æskuheimilið brennur ofan af honum og ávísunin fyrir tryggingunum rétt ófarin í póst.

Í örvæntingu skráir Drecker sig á námskeið sem á að gera alla hans drauma að veruleika. Þar fær hann þá hugmynd að nýta sér það eina sem eftir stendur af gömlum sjarma hans, en það er óvenju stór limur. Með hjálp fyrrverandi ástkonu sinnar ákveður hann að markaðssetja sjálfan sig sem karlkynsfylgdarmaður.

Þetta er í stórum dráttum innihald þáttanna Hung sem sýndir eru á Stöð 2 en fyrsti þátturinn var á dagskrá á þriðjudagskvöldið. Þátturinn



lofaði góðu, í það minnsta ágætis afþreyingu. Leikaravalið er ekki af lakara taginu. Thomas Jane leikur aðalhlutverkið. Hann hefur leikið í fjölmörgum myndum en er einn af þessum leikurum sem maður kannast við í útliti en hefur ekki hugmynd um hvað heitir. Frægasta myndin hans er líklega The Punisher frá 2004. Jane Adams leikur vinkonu hans Tönju en hún er þekkt fyrir aukahlutverk í myndum á borð við Happiness, Eternal Sunshine of the spotless mind og Little Children. Þá leikur Anne Heche fyrrverandi eiginkonu Dreckers og stendur sig að venju prýðilega.

HBO-sjónvarpsstöðin veigrar sér ekki við að taka á umdeildum viðfangsefnum á borð við kynlíf og typpastærð. Það er hressandi í því úrvali skinheilagra gaman- og dramaþátta sem framleiddir eru í Bandaríkjunum.

## FIMMTUDAGUR



▶ **20.10 The Office** SKJÁREINN



▶ **20.20 Eli Stone** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.55 NCIS** STÖÐ 2



▶ **22.00 Neil Young: Heart of Gold** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.00 Grey's Anatomy** STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Handan víglínunnar**

**17.45 Skoppa og Skrítla út um hvippinn og hvappinn** (11:12) (e)

**18.00 Stundin okkar** (e)

**18.30 Mæðralíf** (In the Motherhood) (6:7) Bandarísk gamanþáttaröð um þrjár konur sem reyna eftir megni að sinna móðurhlutverkinu, vinnunni og ástalífinu án árekstra.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

▶**20.20 Eli Stone** (Eli Stone) Bandarísk þáttaröð. Lögfræðingurinn Eli Stone í San Francisco verður fyrir ofskynjunum og túlkar þær sem skilaboð frá æðri máttarvöldum. Í framhaldi af því endurskoðar hann líf sitt og breytni.

**21.10 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.25 Framtíðarleiftur** (Flash Forward) Bandarísk þáttaröð. Alríkislögreglumaður í Los Angeles kemur upp gagnagrunni yfir framtíðarsýnir fólks.

**23.10 Himinblámi** (Himmelblå) (e)

**23.55 Kastljós** (e)

**00.25 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Mr. Bean's Holiday**

**10.00 The Polar-Express**

**12.00 Bigger Than the Sky**

**14.00 Mr. Bean's Holiday**

**16.00 The Polar-Express**

**18.00 Bigger Than the Sky**

**20.00 Something New**

▶**22.00 Neil Young: Heart of Gold** Tónlistarmynd frá leikstjóranum Jonathan Demme sem tekin var upp á tónleikum Neil Youngs.

**00.00 A Perfect Murder**

**02.00 Shottas**

**04.00 Neil Young: Heart of Gold**

**06.00 Solaris**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Kalli og Lóa, Lalli, Harry and Toto, Íkornastrákurinn og Ruff's Patch.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Sjálfstætt fólk**

**10.55 Burn Notice** (1:16)

**11.50 Armed and Famous** (3:6)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 La Fea Más Bella** (96:300)

**13.45 La Fea Más Bella** (97:300)

**14.30 La Fea Más Bella** (98:300)

**15.15 Eldsnöggt með Jóa Fel** (8:12)

**15.45 Barnatími Stöðvar 2** Háheimar, Stuðboltastelpurnar, Kalli og Lóa, Ruff's Patch og Harry and Toto.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Friends** (22:24)

**17.58 Nágrannar**

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons** (15:22) Hómer neyðist til að flýja Springfield og gerast trúboði á afskekktri eyju þar sem engan bjór, enga sófa og ekkert sjónvarp er að finna.

**19.45 Two and a Half Men** (24:24) Charlie Sheen og John Cryer leika Harper-bræðurna gerólíku, Charlie og Alan, í þessum vinsælu gamanþáttum. Í þættinum í kvöld byrja Charlie og Mia að skipuleggja brúðkaupið en allt virðist ætla að fara í hundana þegar fjölskyldur þeirra hittast.

**20.10 Amazing Race** (1:11) Kapphlaupið mikla er nú hafið í tólfta sinn.

▶**20.55 NCIS** (1:25) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.

**21.40 Fringe** (5:23)

**22.25 Five Days** (1:5)

**23.20 City of Fear**

**00.50 One Hour Photo**

**02.25 Lost Behind Bars**

**03.50 NCIS** (1:25)

**04.35 Fringe** (5:23)

**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**18.00 Osasuna - Real Madrid** Útsending frá leik í spænska boltanum.

**19.40 Spænsku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir.

**20.40 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni.

**21.05 Augusta Masters Official Film** Masters mótið í golfi er eitt af hinum fjóru árlegu risamótum. Mótið fer ávallt fram á Augusta National vellinum í Georgíu og í verðlaun er hinni frægi græni jakki sem jafnframt veitir lífstíðar þáttökurétt á mótinu.

**22.00 Bestu leikirnir: HK - Fjölnir 07.07.08** Það var búist við hörkuleik á Kópavogsvelli þegar nýliðar HK og Fjölnis mættust. Gengi liðanna var þó ólíkt þar sem HK var í neðri hluta deildarinnar á meðan Fjölnir hafði leikið gríðarlega vel og var í efri hlutanum.

**22.30 PGA Tour 2009 - Year in Review** Árið 2009 gert upp í þessum flotta þætti. Öll helstu mót ársins skoðuð og árið krufið til mergjar.

**23.25 Bardaginn mikli: Mike Tyson - Lennox Lewis**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Arsenal - Bolton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**17.25 Arsenal - Bolton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**19.05 Season Highlights 1999/2000** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

**20.00 Premier League World 2009/10** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.

**20.30 Goals of the Season 2008** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**21.25 PL Classic Matches** Tottenham - Man. Utd., 2001.

**21.55 PL Classic Matches** Arsenal - Leeds.

**22.25 Portsmouth - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**16.40 America's Next Top Model** (e)

**17.30 Dr. Phil**

**18.15 Fréttir**

**18.30 What I Like About You** (5:18)

**19.00 America's Funniest Home Videos** (20:50)

**19.30 Fréttir** (e)

**19.45 King of Queens** (7:25) (e)

▶**20.10 The Office** (10:28) Oscar tilkynnir Michael að það séu 4.300 dollarar eftir af rekstaraáætlun ársins og það verði að eyða því strax eða eiga á hættu að það verði skorið af næstu rekstraráætlun. Michael biður skrifstofuliðið um hugmyndir um hvernig eigi að eyða peningunum.

**20.35 30 Rock** (12:22) Tracy fer í viðtal til Larry King og setur allt á annan endann með yfirlýsingum sínum. Jack er að íhuga að taka næsta skref með nýju kærustunni og Liz fer í háskaför í Queens-hverfið til að endurheimta farsímann sinn frá leigubílstjóra.

**21.00 House** (10:24) Fræg líkamsræktarkona veikist alvarleg og ástand hennar versnar stöðugt. Thirteen byrjar í tilraunameðferð sem Foreman stýrir og Cuddy flytur inn á skrifstofuna hjá House.

**21.50 CSI. Miami** (10:25) Morð er framið á vegamóteli þar sem Delko dvelur. Horatio grunar að Delko hafi verið skotmark morðingjans og grefur upp leyndarmál úr fortíð hans til að leysa málið.

**22.40 The Jay Leno Show**

**23.25 Nurse Jackie** (12:12) (e)

**23.55 United States of Tara** (12:12) (e)

**00.25 King of Queens** (7:25) (e)

**00.50 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Þórður Sverrisson forstjóri Nýherja er gestur Ingva Hrafns í dag.

**21.00 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólm tekur fyrir það allra helsta í íslenskri þjóðfélagsumræðunni.

**21.30 Birkir Jón** Þingmaður framsóknarflokksins Birkir Jón Jónsson skoðar pólitískt landslag dagsins í dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# STAÐREYNDIR UM DAGBLAÐALESTUR




ÍBÚAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU YNGRI EN 60 ÁRA SEM BÚA Á ÁSKRIFTARHEIMILUM MORGUNBLAÐSINS LESA FREKAR FRÉTTABLAÐIÐ.




Heimild: Lestrarkönnun Capacent maí-okt 2009.

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.10**

### Amazing Race

Kapphlaupið mikla er nú hafið í tólfta sinn. Sem fyrr þeysast keppendur yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala. Að þessu sinni hefst kapphlaupið í Los Angeles. Liðin leggja af stað frá Playboy-setrinu og eins og áður eru keppendur afar ólíkir en eiga það sameiginlegt að ætla sér að vinna.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Fringe**
**Stöð 2 kl. 21.40**

Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem talin eru eiga sér yfirnáttúrulegar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni dr. Walter Bishop og syni hans Peter rannsaka þau röð dularfullra atvika.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Andrarímur
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Við fótskör meistarans
**15.25** Mánafjöll
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Úr gullkistunni
**19.27** Tónlistarkvöld Ríkisútvarpsins
**22.12** Orð kvöldsins
**22.25** Meistarinn á Metrópólitan
**23.25** Bláar nótur í bland
**00.05** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.
**17.45 You Are What You Eat** (2:8) Doktor Gillian McKeith er sérfræðingur á sviði mataræðis og aðstoðar fólk sem er komi í ógöngur.
**18.30 Seinfeld** (7:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunasamur og sérvitur.
**19.00 The Doctors**
**19.45 You Are What You Eat** (2:8)
**20.30 Seinfeld** (7:22)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
▶**22.00 Grey's Anatomy** (10:24) Sjötta sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace- spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.
**22.45 Medium** (17:19) Allison Dubois sér í draumum sínum skelfilega atburði sem enn hafa ekki átt sér stað. Þessi náðargjöf hennar gagnast lögreglunni við rannsókn ýmissa mála.
**23.30 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.
**00.00 Fréttir Stöðvar 2**
**01.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.00** After You've Gone **12.30** The Black Adder **13.05** Lead Balloon **13.35** Doctor Who **14.20** Doctor Who **15.05** Absolutely Fabulous **15.35** Dalziel and Pascoe **16.25** Judge John Deed **17.15** EastEnders **17.45** The Weakest Link **18.30** Absolutely Fabulous **19.00** Sensitive Skin **19.30** Life on Mars **20.20** Torchwood **21.10** Sensitive Skin **21.40** This Is Dom Joly **22.10** Only Fools and Horses **22.40** After You've Gone **23.10** The Black Adder **23.45** Lead Balloon

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Seinfeld **13.00** Hvad er det værd? **13.30** Undercover chef - Carlsberg **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.05** Family Guy **15.30** Den lyserode panter **15.35** Substitutterne **16.00** Chiro **16.05** Ni-Hao Kai Lan **16.30** Fandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Så stort - Og så af **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Ross Kemp i Kenya **21.45** De tabte byers hemmelighed **23.20** Boogie Mix

## NRK 1

**13.05** V-cup skiskyting **14.40** Tour de Ski **15.30** Sport i dag **16.00** NRK nyheter **16.10** Herskapelige gjensyn **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Schrödingers katt **19.15** Krafttaket **19.45** Glimt av Norge **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Debatten **21.30** Anne-Kat. ser på tv **22.00** Kveldsnytt **22.15** Marionettens oppdagelser **23.25** Orkestergraven

## SVT 1

**12.45** Inför Idrottsgalan 2010 **13.10** Skidskytte. Världscupen Oberhof **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Regional årskrönika **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Minnenas television **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Kraschen **20.00** Svarta nejlikan **21.35** Michael Jackson- 30 år som artist **23.00** Stenhuggaren




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er Kínahúsið. Ég stoppa yfirleitt alltaf þar þegar ég er í bænum. Þeir hafa verið með þriggja rétta hádegisverðartilboð. Mér finnst þetta vera besti kínverski maturinn sem maður fær á Íslandi.“*

Þorsteinn Bergsson, bóndi og keppandi í Útsvari.

# Hátíðarkvöldverður kokkanna

Hinn árlegi Hátíðarkvöldverður klúbbsins fer fram laugardagskvöldið næstkomandi í Turninum í Kópavogi. Kvöldverðurinn hefur verið haldinn óslitinn síðastliðin tuttugu og þrjú ár og er gríðarlega vinsæll viðburður ár hvert. Steinn Óskar Sigurðsson, formaður nefndar um Hátíðarkvöldverðinn, segir að uppselt sé á kvöldverðinn, en seldir eru 220 miðar og hafa fastagestir forgang í þeim efnum. „Þetta er gríðarlega vinsælt og mikil eftirspurn miðað við miðafjöldann ár hvert. Miðinn kostar tuttugu og átta þúsund og innifalið í því verði er tólf rétta matseðill með vínum og eru það okkar færustu matreiðslumenn sem sjá um matreiðsluna,“ segir Steinn Óskar. Ábyrgðarmaður kvöldsins er Sigurður Gíslason, framkvæmdastjóri Veisluturnsins, og meðal þeirra matreiðslumanna sem munu leggja fram krafta sína þetta kvöld eru Jóhannes Steinn Jóhannesson, matreiðslumeistari ársins 2009, Hrefna Rósa Jóhannsdóttir Sætran, yfirkokkur á Fiskmarkaðnum, Friðgeir Eiríksson, yfirkokkur á Hótel Holti, Gunnar Karl Gíslason, kokkur á Dilli, auk annarra matreiðslumeistara.

Steinn Óskar segir að sérstakt þema sé valið fyrir hvert ár og í ár er þemað flóra Íslands. „Við göngum út frá þessu þema í matreiðslunni og notum auðvitað íslenskt hráefni og annað sem við fáum á þessum árstíma. Við fengum einnig Eggert Pétursson til að hanna undirdiskinn sem gestir fá með sér heim að kvöldverði loknum.“

Aðspurður segir Steinn Óskar mikið stress fylgja kvöldverðinum en að aldrei hafi komið til ósættis í eldhúsinu. „Ísland er svo lítið land og hér vinna og standa kokkarnir saman. Hingað til hefur þetta allt af gengið rosalega vel fyrir sig,“ segir hann að lokum. **- sm**



**VEL SÓTTUR VIÐBURÐUR** Steinn Óskar Sigurðsson matreiðslumaður segir uppselt á kvöldverðinn. Allir bestu matreiðslumenn ársins leggja til krafta sína. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**LÁRÉTT 2.** skjótur, **6.** í röð, **8.** erta, **9.** háttur, **11.** fyrirtæki, **12.** toga, **14.** ráðagerð, **16.** tveir eins, **17.** gerast, **18.** pota, **20.** rykkorn, **21.** góla.
**LÓÐRÉTT 1.** mylsna, **3.** ung, **4.** skilgreina, **5.** flan, **7.** barningur, **10.** gifti, **13.** sódi, **15.** hryssa, **16.** kaðall, **19.** járnstein.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** snar, **6.** áb, **8.** ýfa, **9.** lag, **11.** ms, **12.** draga, **14.** áform, **16.** tt, **17.** ske, **18.** ota, **20.** ar, **21.** gala. **LÓÐRÉTT: 1.** sáld, **3.** ný, **4.** afmarka, **5.** ras, **7.** barátta, **10.** gaf, **13.** gos, **15.** meri, **16.** tog, **19.** al.

## ÞÓRDÍS JÓNA SIGURÐARDÓTTIR: VENDIR KVÆÐI SÍNU Í CROSS

# Úr útrás í heilsuráðgjöf

„Ég hef alltaf haft áhuga á góðu og heilbrigðu lífi. Þrátt fyrir að vera í bisness þá hef ég reynt að passa að vera í ágætisformi og hugsa um hvað ég borða,“ segir Þórdís Jóna Sigurðardóttir.

Þórdís starfar nú sem cross fitþjálfari í Sporthúsinu ásamt því að veita heilsuráðgjöf. Nýja starfið er talsvert frábrugðið því gamla, en hún var áberandi í íslensku viðskiptalífi þegar góðærið stóð sem hæst. Hún var meðal annars yfirmaður fjölmiðlafjárfestinga Baugs, forstjóri Stoða Invest og stjórnarformaður Dagsbrúnar, ásamt því að vera hluthafi í félaginu. Dagsbrún réðist í nokkur útrásarverkefni, svo sem dagblaðið Nyhedsavisen í Danmörku og kaup á bresku prentsmiðjunni Windham.

„Ég er að útskrifast sem heilsuráðgjafi. Ég er búin að vera í námi í New York og er bæði að æfa og þjálfa cross fit ásamt því að veita heilsuráðgjöf,“ segir Þórdís, en hún neyddist til að skipta um starf í kjölfar hrunsins. „Þá fór ég að æfa af meiri krafti, byrjaði að þjálfa og fór í nám. Ég tók level 1-réttindi til að kenna cross fit. Þetta er rosalega skemmtilegt og uppbyggilegt og ég nýt mín bara vel.“

Spurð hvort hún stefni á útrás í líkamsræktarbransanum segist hún ekki stefna á það.

En ertu alveg hætt að skipta þér af viðskiptum?

„Algjörlega, nema mínum eigin rekstri í kringum þetta. Ég bý að mikilli og góðri reynslu – þrátt fyrir að hún sé öðruvísi en ég hafði vonað. Ég reyni að nýta hana til góðs. Læra af henni.“

Þórdís er systir Hreiðars Más Sigurðssonar, fyrrverandi forstjóra Kaupþings. Hann var grennri forstjóri bankans og virðist vera í fínu líkamlegu formi. En ætli Þórdís sé búin að plata hann í cross fit?

„Já, hann er crossfittari,“ segir hún og hlær. Hún bætir við að hann hafi þó ekki komið í tíma til hennar þar sem hann býr í Lúxemborg í dag og stundar æfingarnar þar.

**atlifannar@frettabladid.is**





**NÝTT STARF** Þórdís tók þátt í útrásinni, en starfar nú sem cross fit-þjálfari og heilsuráðgjafi. Hreiðar Már, bróðir Þórdísar, er einnig crossfittari, að hennar sögn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fegurðardrottningin **Rachel Kum**, ungfrú Singapore, var væntanleg til landsins um jólin, eins og Fréttablaðið greindi frá í desember. Vinur hennar sem ætlaði að koma með forfallaðist hins vegar á síðustu stundu og Rachel hætti við ferðina. Hana dreymir þó enn um að heimsækja Ísland og hyggst samkvæmt heimildum Fréttablaðsins halda upp á afmælið sitt hér á landi í apríl.



Félagarnir **Simmi** og Jói undirbúa nú opnun Hamborgarafabrikkunnar að miklu kappi. Fram kom í Fréttablaðinu á dögunum að staðurinn ætti að opna í mars og verði á jarðhæð Höfðatorgs. Fjóra mánuði tók að próa kjötið í borgarana og nú standa bragðprófanir yfir í sérstöku tilraunaeldhúsi. Nokkrum hefur verið boðið að smakka borgarana, sem eiga lítið sameiginlegt með þeim sem fást í næstu sjoppu – raunar segja kunnugir að borgararnir séu svo ólíkir að lögunin sé meira að segja önnur en gengur og gerist.



Breska tónlistartímaritið NME fer nú yfir áratuginn og birtir niðurstöðurnar á vefsíðu sinni. **Jónsi** í Sigur Rós hafnaði í áttunda sæti yfir verstu rokkstjörnur áratugarins og deilir heiðrinum með listamönnum á borð við Chris Martin úr Coldplay, Marilyn Manson og finnska skrímslinu Lordi. Blaðamaður NME viðurkennir að það sé eitthvað skemmtilega klikkað við að finna upp sitt eigið tungumál, en hann einfaldlega ekki að meta það. **- afb**




ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
696 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

vísir.is
„...ég sá það á vísi“




Nicorette er stuðningsaðili Krafts, stuðningsfélags ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein.

Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtur nikótínlyfjatyggigúmmís er 24 stk. Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, óméðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.


# Gerir amerískan gítarsamning

„Ég var að leita að gítar og komst í samband við eigandann. Hann bauð mér gítar á góðum afslætti út af hljómsveitinni,“ segir Dave Dunn úr hljómsveitinni Dust.

Dave Dunn hefur skrifað undir sérstakan listamannasamning við bandaríska gítarframleiðandann Gadow Guitars. Dave er hálfíslenskur og spilar á gítar í hljómsveitinni Dust, en margir kannast við söngvarann, Arnar Már Friðriksson, sem lenti í öðru sæti í raunveruleikaþættinum Bandið hans Bubba árið 2008.

„Ég er ekki búinn að prófa gítarinn enn þá, hann verður handsmíðaður í Bandaríkjunum – þannig að hann ætti að vera góður,“ segir Dave. „Það gæti tekið einhverja mánuði að smíða hann. Það er spes háls og rafkerfi fyrir mig.“

Ryan Gadow, framkvæmdastjóri Gadow Guitars, staðfestir þetta. „Já, það er rétt. Dave hefur skrifað undir listamannasamning við Gadow Guitars,“ segir hann, Gadow er lítill framleiðandi, en fyrirtækið var stofnað árið 1999.

Dave segist hafa notað Gibson gítara í gegnum tíðina, en sé nú tilbúinn að skipta um lið. „Ég kunni ekki að meta hitt og þetta á öðrum gíturum, þannig að ég fór að leita að einhverju öðru,“ segir Dave, sem er þögull sem gröfin þegar hann er spurður nánar út í samninginn. „En ég fæ gítarinn á mun lægra verði en gengur og gerist úti í búð.“ **- afb**



**FÆR SÉRHANNAÐAN GÍTAR** Dave Dunn, lengst til vinstri, er gítarleikari í hljómsveitinni Dust og hefur skrifað undir samning við Gadow Guitars.

# ÚTSALA

## Ofnar, helluborð og háfar með allt að 47% afsl.

## Sjálfvirkar kaffivélar frá Gaggia og Saeco með miklum afslætti

## Severin kæliskápar á mjög góðu verði – verð frá kr. 34.990

## Sýningareintök og útlitsgallað með miklum afslætti

## Spansuðuhelluborð með allt að 97.000 kr. afslætti

## Severin smátæki með allt að 45% afslætti

## Örbylgjuofnar frá kr. 9.990

TOSHIBA · Panasonic · Bauknecht · KitchenAid · GAGGIA · Silit

SEVERIN · Amana · De Dietrich · Brandt · Blomberg · Saeco

VORTICE · caffè KIMBO · WilliamBounds · ibili · LACOR · danesi caffè

**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Margir hundar í boði

Draumur **Auðuns Blöndal** er að eignast hund, eins og Fréttablaðið greindi frá á dögunum. Þar kom fram að fjölskylda hans hafi haldið fund til koma honum í skilning um alvarleika málsins, en Auðunn telur sig hæfan hundeiganda. Í kjölfar fréttarinnar settu fjölmargir sig í samband við Auðun og buðu honum hund og hann íhugar nú málið, en stefnir á að láta drauminn rætast áður en árinu lýkur.



### Tattú undir hælinn

Útvarpsmaðurinn **Máni Pétursson** er enn þá í sigurvímu eftir sigur Leeds á Manchester United í ensku bikarkeppninni á dögunum. Máni sigraði nokkur veðmál þegar dómarinn flautaði til leiksloka og útvarpsmaðurinn Rikki G. á FM957 kom vafalaust verst út úr því. Hann þarf að láta húðflúra á sig X og verður það gert í dag. Rikki ku vera afar ósáttur við sitt hlutskipti og íhugar að hafa Xið neðan á hælnum. **- afb**



### Kosningar og kosningar

Gera má ráð fyrir að umræður um Icesave-málið haldi þjóðinni fanginni næstu vikur ef ekki mánuði en ráðgert er að halda þjóðaratkvæðagreiðslu í síðasta lagi 6. mars. Þegar henni lýkur verða rétt rúmir tveimur mánuðir þar til gengið verður til sveitarstjórnarkosninga. Í ljósi þessa verður fróðlegt að fylgjast með því hvernig frambjóðendur í sveitarstjórnarkosningunum munu hegða kosningabaráttu sinni. Hvernær ætla þeir að hefja baráttuna? Hvað ætla þeir að gera til að reyna að ná eyrum kjósenda? Eflaust eru sumir frambjóðendur nokkuð sáttir við stöðu mála en hinir nýju frambjóðendur eiga erfitt verk fyrir höndum. **- jab**

## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Hart tekist á um ákvörðun Ólafs á Facebook
2. Bjóða ísle. konum pening fyrir erótísk myndbönd
3. Forsetinn hafnaði fundi með forsætisráðherra
4. Ríkisstjórnin ræddi afsögn eftir synjun
5. Flýði til þess að mótmæla ítrekuðu gæsluvarðhaldi











